

Vestfirðir

Sumarið 2011



Ókeypis eintak



www.westfjords.is

Vestfirðir sumarið 2011 er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út sautjándra sumarið í röð og liggur að venju frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks og víðar um land allt. Útgefandi: Gúttó ehf., Sólögötu 9, 400 Ísafirði, Sími 456 4560 Netfang bb@bb.is Veffang www.bb.is



Ritstjóri:

Sunna Dís Másdóttir

Ábyrgðarmaður:

Sigurjón J. Sigurðsson

Efnisvinnsla:

Sunna Dís Másdóttir

Ljósmyndir:

Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson, Mats Wibe Lund, Ágúst Atlason og miklu fleiri.

Forsíðumynd:

Frá Galdrasýningu á Ströndum.

Ljósmynd: Ágúst Atlason, birt með leyfi Markaðsstofu Vestfjarða.

Hönnun og umbrot:

Birgir Örn Sigurjónsson

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimildar sé getið.

Í blaðinu

Ekki missa af **ævintýrunum** aftast í blaðinu, þar sem er að finna ótal uppástungur að skemmtilegum uppátækjum og áningarstöðum fyrir ferðalanga í yngri kantinum. **Á síðum 53 til 62** finnurðu allt frá fróðleik um lífið í fjörinni til ábendinga um læki sem henta sérlega vel fyrir litlar tær sem vilja ólmar vaða eftir langa bílferð.

Kjaransbraut er væntanlega **hrikalegasti vegur landskhlutans** - ef mælikvarðið miðast við náttúrufergurð. Fræðstu um hetjulega baráttu Elís Kjaran við fjöll og fjörur með „teskeiðina“ að vopni **á síðu 40**.

Allir eiga sér áhugamál og **á blaðsíðu 32 til 34** finnurðu kannski eitthvað við þitt hæfi. Þar má kynna sér Vestfjarðakjálkann og allt það sem hann hefur upp á að bjóða **frá sjónarhorni göngugarps og bókaorms, svo dæmi séu nefnd**.

Náttúran er ekki það eina sem heillar ferðamenn á Vestfjörðum. **Á svæðinu er aragrúi safna og setra**, hvert öðru áhugaverðara. **Á blaðsíðu 42 til 43** er samantekt yfir nokkur sérstök söfn í minni kantinum, sem sumir myndu kannski segja að beri vestfirsku sérvískunni vitni...

Svo vill vera að þeir sem einu sinni leggja leið sína til Vestfjarða snúa þangað aftur. Í blaðinu er að finna **þrjár reynslusögur frá þjóðþekktum konum** sem allar hafa heillast af landshlutunum, hver á sinn hátt. **Inga Lind Karlsdóttir** segir frá upplifun sinni af ferðalagi um Vestfirði í faðmi fjölskyldunnar, **Eva María Jónsdóttir** greinir frá því hvernig bón um vatnssopa getur breytt ferðalagi og **Vigdís Grímsdóttir** skrifar um fegurðina í Árneshreppi á Ströndum, þar sem Guð býr, að hennar viti. **Sjá blaðsíður 16, 18 og 24**.



Ávarp ritstjóra

Inn í undralandið

Sunna Dís Másdóttir

Vestfirðir eru sannkallað undraland. Ákvörðun Lonely Planet um að útnefna Vestfirði einn af áhugaverðustu áfangastöðum ársins 2011 vakti mikla athygli í byrjun árs. Hún kom þó varla neinum á óvart sem sótt hefur Vestfirði heim. Hrifnæmur ritstjóri ferðablaðsins Vestfirðir 2011 gengst í það minnsta fúslega við því að hafa oftast en einu sinni og oftast en tvisvar komist við, þegar umhverfið gengur fram af henni með fegurð sinni.

Það er enginn hörgull á stöðum sem geta grætt viðkvæmar sálir á Vestfjörðum. Gullnar bylgjurnar á Rauðasandi sem renna saman við sjóinn í fjarska, saltur vindurinn sem fyllir vitin þegar siglt er um Breiðafjörð, útsýnið af Kaldbaki, konungi vestfirsku alpanna, eða Kaldalón fyrir botni Ísafjarðardjúps – tilefnin til að fella fegurðartár eru óteljandi.

Eins og sá ótrúlegi auður sem fölginn er í náttúrunni sé ekki nóg er menningar- og mannlíf á svæðinu einnig í fullum blóma. Lausleg samantekt leiðir í ljós að haldnar eru um tuttugu hátíðir af ýmsum toga á svæðinu í sumar. Aftast í blaðinu er að finna viðburðadagatal þar sem teknir hafa verið saman nokkrir viðburðir sumarsins fyrir ferðamenn. Einhverjir vilja kannski kíkja á heimildarmyndahátíð, á meðan sandkastalakeppnin heillar aðra.

Í blaðinu er sömuleiðis að finna barnasíður, sem birtar eru með leyfi Markaðsstofu Vestfjarða og byggjast á Ævintýrahandbók fjölskyldunnar sem markaðsstofan gaf út við góðan orðstír á liðnu ári. Þar ættu ungir ferðalangar að finna ótal hugmyndir að misprakaralegum uppátækjum á leið sinni um Vestfirði.

Ferðablaðið Vestfirðir kemur nú út sautjándra árið í röð. Það gefur auga leið að slíkt blað getur aldrei gert skil öllu því sem í boði er á svæðinu – enda væri þá um að ræða doðrant sem hvorki færi vel í tösku né hendi. Það er hins vegar von aðstandenda að ferðalangar finni hér einhverjar hugmyndir að viðkomustöðum á leið sinni um undralandið eða afli sér aukins fróðleiks um land og sögu. Á Vestfjörðum starfa margar upplýsingamiðstöðvar sem veitt geta ítarlegari upplýsingar og eru ferðamenn hvattir til að nýta sér þá frábæru þjónustu.

Að því sögðu óskar ritstjóri ferðamönnum að minnsta kosti fimm vasaklúta ferðar um undralandið Vestfirði og vonar að þeir vakni aldrei upp af þeim ljúfa draumi, eins og Lísa forðum.

RAX fangar heiminn með Canon EOS



„Fyrir mig skipta gæði og áreiðanleiki búnaðarins gríðarlega miklu máli, sérstaklega þegar maður er að fanga augnablik sem kemur kannski aldrei aftur. Ég treysti á Canon EOS“.

Ragnar Axelsson - RAX.



Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgrípsmesta DSLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Prautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim.

Taktu meira en myndir.

Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook.
Sense, dótturfélag Nýherja, er dreifingaraðili Canon EOS á Íslandi.
Canon EF linsur til leigu á Tækjaleigu Sense.



Canon

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

Reykjavík Verstun Nýherja, Borgartúni 37 - Sense Center, Kringlunni - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholti 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedro-myndir - Byko / Húsavík Bókaverstun Pórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirranga / Blönduós Kjallur / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrónnarþóðin / Stykkishólmur Skípavík / Borgarnes Framkölunarbúðun - Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martólvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmyndjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is / ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Fjölskrúðugt fuglalíf í Breiðavík

Breiðavík er á þröskuldi stærstu sjófuglabbyggðar í Norður-Atlantshafi, ein af Útvíkum, svokölluðum, sem næstar eru Látrabjargi. Fuglalíf í vikinni er því bæði fjölbreytt og áhugavert.

Þegar komið er heim að bæ ómar loftið af fuglasöng, hrossagaukar steypa sér í loftinu, stelkar kalla af staurum, sandlóur hlaupa um hlaðið og skógarprestir og þúfutittlingar kyrja söng sinn. Í stuttri gönguferð í nágrenninu er hægt að rekast á lóma og skúfendur á tjörn, tjalda og lóur á hlaupum eða óðinshana sem hringnúast á pollum. Í Breiðavík er sömuleiðis nokkurt æðarvarp, og þar bregður á stundum fyrir sjaldséðum fuglum á borð við snæuglu, landsvölu og sportittling. Þegar komið er upp úr vikinni tekur hins vegar við berangurslegra landslag en þar eru búsvæði rjúpu, steindepils og sólskríkju. Á Bjargtöngum má svo komast í eins nán kynni við lunda og mögulegt er í heiminum.



Fuglaskoðarar og aðrir áhugamenn um fuglalíf geta vart gert betur en að dveljast í Breiðavík, þar sem hjónin Keran St. Ólason og Birna Mjöll Atladóttir reka gistihús og ferðaþjónustu samhliða sauðfjárbúskap sínum. Í Breiðavík er einnig tjaldstæði með bestu aðstöðu sem völ er á fyrir þá sem kjósa að gista í tjaldi innan um söng náttúrunnar. Örstutt er frá Breiðavík að Látrabjargi en nánari upplýsinga um þá þjónustu sem þar er boðið upp á má afla sér á síðunni breidavik.is.



Á víkingaslóðum í Arnarfirði

Ferðaþjónustan EagleFjord á Bildudal býður upp á fjölbreyttar ferðir um Arnarfjörð og nágrenni – ferðir á víkingaslóðir, sjóstangveiði eða útsýnissiglingar, svo dæmi séu nefnd. Þá er ferðaþjónustan einnig með íbúðagistingu, alls sjö íbúðir sem hýsa allt frá fjórum og upp í fjórtán gesti.

Veiðiferð með sjóstöng tekur um þrjú tíma, þar sem rennt er fyrir þorski þó að ýsa og steinbítur skjóti stundum upp kollinum líka. Ferðinni lýkur á því að veiðimenn fá fiskinn sinn flakaðan með sér heim í skjóðu og tilbúinn á pönnuna.

Í útsýnissiglingum er siglt að Langanesi og inn að Steinanesi, þar sem Margrét, systir Jóns Sigurðssonar, bjó. Við Langanes standa klettur fram í sjó og heppnir ferðamenn gætu jafnvel fengið njóta þeirrar tignarlegu sýnar að sjá haförn svífa meðfram bátnum.

Sögumaður fylgir hópum sem takast á hendur siglingu inn Geirþjófsfjörð og gönguferð um söguvið Gísla

sögu Súrssonar, þar sem auðvelt er að ímynda sér að ekki sé langt um liðið síðan fornar hetjur hlupu um holt og hæðir. EagleFjord býður líka upp á ýmiss konar ferðir þar sem grillmáltíð undir berum himni kemur við sögu, bæði á stöðum sem hægt er að nálgast á bíl, en eins á afskekktari stöðum sem einungis er hægt að sækja heim á bát.

„Við erum oft með gómsætan fisk á matseðlinum, en stundum lambakjöt, hval eða krækling. Það er til dæmis tilvalin uppskrift að degi að fá leiðsögn um Ketildali eða fara á slóðir hvalveiðimanna í Tálknafirði og enda svo á grilli. Eins er hægt að fara í góðan göngutúr og slaka svo á í heitri laug með hressingu á bakkanum. Það er um að gera að hafa bara samband við okkur og við þrjónum saman skemmtilega dagsstund,“ segir Jón Þórðarson hjá EagleFjord.

Nánari upplýsingar á bildudalur.is

Vestfirðir

- ósnortin náttúra, einstök friðsæld, öðruvísi upplifun -

Vestfirsk ferðaþjónusta - allt á einum stað

Vesturferðir

Ferðaskrifstofa / Travel Agency
Sími/Tel: 456 5111, info@vesturferdir.is, www.vesturferdir.is



Einn af ótal kostum N1 kortsins

ELDSNEYTI Á **BETRA** VERÐI

N1 kortið er snjöll viðbót í veskið hjá þeim sem vilja spara. Kortið færir þér betra verð á eldsneyti og öðru sem N1 hefur að bjóða um allt land: Á þjónustustöðvum, hjólbarðaverkstæðum, smurstöðvum, í verslunum og víðar. N1 kortið kostar ekkert en það getur hjálpað þér að spara tug þúsunda á ári, veitir aðgang að spennandi tilboðum og forgang að miðum á skemmtilega viðburði árið um kring, svo eitthvað sé nefnt.

Sæktu um N1 kort á n1.is í dag og fáðu betra verð á N1.

Vestfirðir



Fólksfjöldi: 7.100
Stærð: 9.520 km²

Nærri liggur að Vestfjarðakjálkinn sé eyja, langstærsta eyjan við Ísland, eins og glögg má sjá ef litið er á Íslandskort. Sumir sjá landið fyrir sér eins og dýr sem liggur fram á lappir sínar en Vestfirðir eru höfuðið. Landfræðileg mörk Vestfjarðakjálkans eru við Gilsfjörð að sunnan og Bitrufjörð að norðan en þar á milli er aðeins um 11 km landræma. Lög-sagnarumdæmi Vestfjarða teygist þó allt suður á Holtavörðuheidi.

Sagnir herma, að eitt sinn hafi þrjú nátttröll ætlað að skilja Vestfirði frá meginlandinu með því að grafa skurð þar á milli. Þeim entist hins vegar ekki nóttin og urðu að steindröngum þegar dagaði. Eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði og hólmar og sker við Húnaflóa eru til vitnis um jarðveginn sem tröllin rótuðu út í sjó.

Frá Vestfjörðum eru aðeins um 300 km yfir sundið til Grænlands. Í góðu skyggni má sjá þar á milli hæstu fjalla. Mörg dæmi eru um að hvítabirnir hafi borist með hafis til Vestfjarða.

Húnaflói liggur að Vestfjörðum að austan og Breiðafjörður að sunnan en á aðrar hliðar opið úthafið, Atlantshafið að vestan og Íshafið að norðan. Vestfirðir eru mjög vogskornir en firðirnir ólíkir að stærð og landslagi. Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir eru nánast flóar með mörgum innfjörðum.

Voldugustu standbjörg og mestu fuglabjörg Íslands eru á Vestfjörðum. Hornbjarg og Hælavíkurbjarg gnæfa mót Íshafinu en Látrabjarg á suðvesturodda Vestfjarða, þar sem Evrópa nær lengst í vestur, er eitt þéttsetnasta fuglabjarg veraldar. Hrikaleg fjöll eru við marga af fjörðum og dölum þessa landshluta en hið efra er Vestfjarðakjálkinn gróðursnauð og jökulskaflinn háslétta. Drangajökull á norðursvæði Vestfjarða er fimmti stærsti jökull landsins. Hann teygir sprungna skriðjökla sína niður í dali en hájökullinn er vinsæll til útivistar.

Jarðfræðilega eru Vestfirðir elsti hluti Íslands. Elsta berg í hraunlögum Vestfjarða mun vera um 16 milljón ára gamalt eða um þremur milljónum ára eldra en það sem elst hefur fundist á Austfjörðum. Sífelld eldvirkni og gjóskuhleðsla um miðbik landsins veldur því, að gömlu bergflekarnir



á Vestfjörðum og Austfjörðum eru smátt og smátt að sporðreisast um leið og þeir færast í sundur. Þetta má sjá á því hvernig jarðlögnum hallar inn til landsins.

Oft hefur mjög langur tími liðið milli hraunflóðanna sem byggðu upp jarðlög Vestfjarða. Þá hefur jarðvegur orðið til og landið gróið upp og skógar vaxið í loftslagi sem svipar til þess sem er í Kaliforníu nú á tímum. Steingervinga úr voldugum skógum sem uxu í heittempruðu loftslagi Vestfjarða fyrir tíu til fjórtán milljónum ára má allvíða finna milli hraunlaganna á Vestfjörðum. Þar má nefna rauðviðarbol sem fannst í hlíð Helgafells við utanverðan Dýrafjörð. Tré þetta er nærri metri í þvermál og lifði fyrir fjórtán milljónum ára en varð síðan undir nýju hraunlagi sem felldi það og kolaði að nokkru þegar það var um 200 ára gamalt. Af öðrum viðartegundum sem fundist hafa á Vestfjörðum frá þessum tímum má nefna valhnotu, beyki, hlyn, elri og vínvið.

Jarðhiti er allvíða á Vestfjörðum en einna mestur í Reykhólasveit og í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Núna er eldvirkni hins vegar engin á Vestfjörðum og hefur ekki verið síðustu tíu milljón árin en víða má sjá ævafornar eldstöðvar og verksummerki þeirra. Ein af hinum sérkennilegustu þeirra var nálægt Flatey á Breiðafirði og má sjá merki um hana víða á eyjunum þar í kring.

Undirlendi er víðast ekki mikið á Vestfjörðum nema helst í nokkrum fjarðabotnum. Helstu undantekningar eru Reykhólasveit, Barðaströnd, Rauðisandur og sveitir í Strandasýslu. Reykhólasveit milli Króksfjarðar og Þorska-fjarðar býr yfir einstaklega fjölbreyttri náttúrufegurð og snýr móti suðri eins og Barðaströndin og Rauðisandur. Inni á milli fjalla má þó víða finna gróðurrika reiti, skóg og fjölbreytta flóru.

Lítið er um stöðuvötn. Flestar ár eru stuttar og vatnslitlar en þó er þar víða allgóð veiði. Fossinn mikli í Arnarfirði, sem ýmist hefur verið

nefndur Fjallfoss eða Dynjandi, er einn af fegurstu og tilkomumestu fossum landsins. Á Vestfjörðum eru einnig fegurstu fjörur landsins, svo sem á Rauðasandi, við Patreksfjörð og Öundurafjörð.

Fuglalíf er ríkulegt í óteljandi eyjum og hólum við Vestfirði. Þar eru aðalheimkynni konungs íslenskra fugla, hafarnarins. Mestur hluti Breiðafjarðareyja tilheyrir Vestfjörðum en þeirra stærst er Flatey. Á Ísafjarðardjúpi eru Æðey, Vigur og Borgarey. Húnaflóamegin er Grímsey á Steingrímsfirði helsta eyjan.

Sjórinn hefur frá öndverðu og fram á þennan dag verið matarkista Vestfirðinga. Stutt er á fengsæl fiskimið, selir eru í látrum og víða er æðarvarp. Eggjatekja og fuglaveiði, einkum í standbjörgunum miklu og í eyjum og hólum, hafa alla tíð verið Vestfirðingum ómetanleg hlunnindi. Rekaviður hefur löngum verið til drjúgra nytja á Vestfjörðum.

Um aldirnar hafa náttúruhamfarir iðulega dunið yfir Íslendinga, stórfelldir harðindakaflar og bjargarleysi ásamt mannfelli af hungursneyð. En jafnvel á hinum erfiðustu tímum í sögu þjóðarinnar varð aldrei matarskortur á Vestfjörðum.

Vestfirðir eru tæplega einn tíundi hluti af flatarmáli Íslands. Hringvegurinn um Ísland, þjóðvegur nr. 1, liggur ekki um Vestfirði. Hins vegar eru Vestfirðir heimur út af fyrir sig með sérstökum hringvegi um kjálkann og frá honum eru margir útúrkrókar þar sem ferðafólk getur hvarvetna séð eitthvað nýtt. Óhætt er að segja að vestfirski hringvegurinn sé engu líkur.

Fyrir norðan Ísafjarðardjúp eru síðan mikil landsvæði sem eru löngu komin í auðn, sveitirnar gömlu í Jökulfjörðum, Grunnavík, Aðalvík og á Hornströndum. Þar hefur búfé ekki gengið áratugum saman, þar eru engir bílvegir og engin ökutæki á ferð. Hins vegar er gróðurinn ótrúlega fjölbreyttur og vöxtulegur eftir langa friðun og líklega er fuglalíf og annað dýralíf með svipuðum hætti og áður en land byggðist. Algengt er að

ganga fram á spakar tófur sem lifa af landsins gæðum og hafa ekki lært að óttast manninn. Lengri og skemmri gönguferðir um hið geysivíðlenda Hornstrandafriðland, þar sem þögnin er aðeins rofin af rómi fuglanna og gaggi tófunnar, auk brimhljóðs undan björgunum miklu, verða hverjum manni ógleymanlegar.

Á sama hátt og Vestfirðir eru nánast eyja við Ísland hafa Vestfirðingar löngum skorið sig nokkuð frá þjóðinni í heild á ýmsan hátt. Málfar þeirra þótti sérkennilegt og matarvenjur ekki síður, nafngiftir fólks mjög frábrugðnar því sem tíðkaðist í öðrum landshlutum og vestfirskir galdramenn áttu enga sína líka. Dugnaði og seiglu Vestfirðinga hefur jafnan verið við brugðið. Vestfirðir hafa alið af sér fleiri og öflugri forystumenn í íslenskum stjórnmálum og frumkvöðla í atvinnulífi en aðrir landshlutar.

Margir Vestfirðingar hafa á liðnum árum og áratugum haldið brott og leitað sér frama þar sem fjölmenni er meira. Jafnframt eru sífelld fleiri sem sinna þjónustu við ferðafólk á Vestfjörðum, sem verður meiri, betri og fjölbreyttari með hverju árinu. Sú þjónusta er náttúruvæn eins og framast er kostur enda er óspillt náttúran og geysileg fjölbreytni hennar helsta aðdráttarafl Vestfjarða. Engin stóriðja er á Vestfjörðum og mengun af atvinnurekstri minni en í nokkrum öðrum landshluta. Í flestum vestfirskum verksmiðjum eru framleidd matvæli úr sjávarafli og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er vistvænasta iðjuver í heimi, knúin af jarðhita til framleiðslu á mjöli úr ómenguðum gróðri sjávar.

Sá sem hefur ekki farið um Vestfirði og skoðað fjölbreytileika þessa landshluta hefur ekki kannað Ísland til neinnar hlítar. Þessu blaði er ætlað að vera ferðafólki til nokkurs fróðleiks og leiðbeiningar áður en lagt er í ferð til Vestfjarða og meðan á henni stendur.

Velkomin vestur!



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Alltaf ódýrara á netinu



Aðeins nokkur skref á netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Smelltu þér á flugfelag.is, taktu flugið og njóttu dagins.

Die Westfjorde



Einwohner: 7.100
Größe: 9.520 km²

Bei einem Blick auf die Landkarte erscheint es fast so, als seien die Westfjorde eine Insel – die größte Insel Islands. Andere sehen in der Form Islands ein Tier, das die Westfjorde wie seinen Kopf auf den Vorderpfoten bettet. Geographisch gesehen erstrecken sich die Westfjorde im Süden vom Gilsfjörður bis zum Bitrufjörður auf der nördlichen Seite. Eine nur 11 km breite Landbrücke trennt diese Fjorde voneinander.

Eine Volkssage berichtet, daß einst einige Nachttrolle versuchten, die Westfjorde vom Rest des Landes abzutrennen. Sie machten sich an die Arbeit und begannen, einen tiefen Graben auszuheben. Doch die Arbeit gestaltete sich schwerer als erwartet und es begann zu tagen. Beim ersten Sonnenlicht erstarrten die Nachttrolle zu Stein und konnten ihr Werk nicht vollenden. Die zahlreichen Inseln in Breiðafjörður sowie die Schären und Inseln in Húnaflói erinnern noch heute an diesen nächtlichen Einsatz der Trolle, bei dem sie gewaltige Erdmassen ins Meer schleuderten.

Nur ungefähr 300 km trennen die Westfjorde von der Küste Grönlands. Bei klarem Wetter kann man von einem Aussichtsberg aus mit etwas Glück die höchsten Bergspitzen Grönlands erkennen. Es gibt zahlreiche Berichte von Eisbären, die mit dem Treibeis in die Westfjorde gelangten.

Die Westfjorde sind rundum vom Meer umgeben, im Osten von Húnaflói, im Süden von Breiðafjörður, im Westen vom Atlantik und im Norden vom Eismeer. Charakteristisch für die Region sind die zahlreichen, landschaftlich sehr unterschiedlichen, Fjorde.

In den Westfjorden befinden sich die imposantesten Klippen und die größten Vogelkolonien Islands. Die Klippen Hornbjarg und Hælavíkurbjarg sind nach Norden zum Eismeer hin ausgerichtet. Die Klippen von Látrabjarg befinden sich am südwestlichsten Zipfel der Westfjorde und bilden zugleich den westlichsten Punkt Europas. Sie beherbergen eine der größten Vogelkolonien der Welt.

Viele Fjorde sind von imposanten Bergen umrahmt. Die schroffen, felsigen und fast vegetationslosen Hochplateaus tragen Spuren der einstigen Vergletscherung. Der Gletscher Drangajökull im Norden der Region ist der fünftgrößte Gletscher Islands. Einige Gletscherzungen erstrecken sich bis ins Tal hinab. Das Gletschermassiv selbst ist als

Ausflugsziel sehr beliebt.

Geologisch gesehen sind die Westfjorde der älteste Teil Islands. Die ältesten Gesteinsschichten werden auf ca. 16 Millionen Jahre geschätzt und sind ungefähr 3 Millionen Jahre älter als die ältesten Funde in den Ostfjorden. Anhaltende vulkanische Aktivitäten im Zentrum Islands haben dazu geführt, daß die alten Gesteinmassen in den West- und Ostfjorden zunehmend zum Inneren des Landes neigen und beständig auseinanderdriften. Das läßt sich gut an der Lage und Ausrichtung der Gesteinsschichten erkennen.

Die Gesteinmassen der Westfjorde entstanden durch Lavaströme, die in unregelmäßigen Abständen flossen. Oft verging so viel Zeit zwischen zwei Lavaströmen, daß sich Erdreich und üppige Vegetation gebildet hatte. Das Klima war vermutlich vergleichbar mit dem heutigen Kalifornien. An vielen Stellen finden sich Versteinerungen der einst üppigen Waldvegetation, die im warm temperierten Klima der Westfjorde vor zehn bis vierzehn Millionen Jahren gedieh. Besonders erwähnenswert ist der Fund eines ca. 200 Jahre alten Baumstamms von ungefähr 1 Meter Durchmesser in Dýrafjörður. Vor schätzungsweise vierzehn Millionen Jahren wurde er von einem Lavastrom gefällt, unter den Lavamassen begraben und versteinerte größtenteils. Walnußbäume, Buchen, Ahorn und Weinreben gehören zu den Versteinerungen, die bisher gefunden wurden.

An vielen Stellen in den Westfjorden gibt es Erdwärme. Die größten Quellen befinden sich in der Gemeinde Reykhólar und auf der Landzunge Reykjanes im Fjord Ísafjarðardjúp. Vulkanische Aktivitäten gibt es jedoch seit 10 Millionen Jahren nicht mehr in der Region. Lediglich geologisch sehr alte Gesteinsformationen erinnern an den einstigen Vulkanismus. Ein bedeutendes Zentrum vulkanischer Aktivität lag nahe der Insel Flatey in Breiðafjörður, wie sich noch heute an den eigenartigen Gesteinsformationen auf den umliegenden Inseln erkennen läßt.

Bewirtschaftbares Unterland ist in den Westfjorden knapp, abgesehen von einigen Fjordenden. Ausnahmen bilden die Gemeinde Reykhólar, die Küstenlinie Barðaströnd, Rauðisandur und große Gebiete der Gemeinden von Strandir. Die landschaftliche Vielfalt entlang der südlichen Küstenlinie der Westfjorde ist einzigartig. Nach Süden hin ausgerichtet überraschen viele geschützte Täler durch außerordentlich üppige, artenreiche Vegetation und dicht bewachsene Waldstücke.

Es gibt nur wenige Seen. Die meisten Flüsse sind kurz und führen nur wenig Wasser. Dafür liegt einer der schönsten und spektakulärsten Wasserfälle Islands in den Westfjorden, in Arnarfjörður. Er wird entweder Fjallfoss oder Dynjandi genannt. Auch die schönsten

Sandstrände befinden sich in den Westfjorden, wie z.B. Rauðisandur, die Strände bei Patreksfjörður und in Önundarfjörður.

Die gesamten Westfjorde sind ein Vogelparadies. Auf unzähligen Inseln und Schären finden viele Vogelarten reichlich Nahrung und Unterschlupf, so z.B. der König der isländischen Vögel, der Seeadler (*haliaeetus albicilla*). Die meisten Inseln in Breiðafjörður einschließlich der größte Insel, Flatey, sind Teil der Westfjorde. In Ísafjarðardjúp liegen die Inseln Æðey, Vigur og Borgarey. Auf der Seite von Húnaflói befindet sich die Insel Grímsey. Sie alle beherbergen riesige Kolonien von Papageientauchern.

Durch die Jahrhunderte hindurch und bis zum heutigen Tag hat das Meer die Menschen in den Westfjorden ernährt. Die Fischgründe liegen nicht weit von der Küste entfernt. Zahlreiche Seehundekolonien und Brutkolonien der Eiderenten gehören zu den geschätzten natürlichen Ressourcen, die den Menschen das Überleben in der Region ermöglichten. Auf Inseln, Schären und in den Vogelklippen wurden Vogeleier gesammelt und Vögel gefangen, um den Speisezettel zu bereichern. Auch Treibholz wurde in den Westfjorden schon immer genutzt.

Im Laufe der Jahrhunderte wurden die Isländer immer wieder durch Naturkatastrophen geplagt, die viele Menschenleben forderten. Doch auch in den härtesten Zeiten in der Geschichte der Nation hat es den Menschen in den Westfjorden nie an Nahrung gefehlt.

Die Westfjorde machen knapp ein Zehntel der Gesamtfläche Islands aus. Die Hauptstraße Islands, die Ringstraße Nr. 1, führt nicht in die Westfjorden, die eine eigene Welt darstellen. Die Westfjorde haben dafür ihre eigene Ringstraße mit vielen interessanten Nebenstraßen, die den Reisenden immer neue, überraschende Eindrücke bescheren. Sie führt durch atemberaubende Landschaft, die einzigartig und nirgendwo sonst in Island so zu erleben ist.

Doch es gibt auch ein großes, völlig unbewohntes Gebiet, das sich nördlich von Ísafjarðardjúp erstreckt. Einst dicht besiedelt, liegen Jökulfröir, Grunnávik, Aðalvík und Hornstrandir heute verlassen da. Schon seit einigen Jahrzehnten werden die ehemaligen Weideflächen nicht mehr genutzt und es gibt weder Straßen noch Verkehr. Ein Teil dieser Gegend steht unter Naturschutz und im Laufe der Jahre hat sich eine ungemein dichte, artenreiche Vegetationsschicht gebildet. Die Tierwelt in dieser Region dürfte heute so ähnlich aussehen wie zur Zeit der Besiedlung Islands. Längere oder kürzere Wanderungen im Hornstrandir-Naturschutzgebiet lassen niemanden unberührt und bleiben unvergeßlich. Die Stille wird lediglich von Vogelgezitscher und dem heiseren Bellen des Polarfuchses gestört, untermalt vom Rauschen der Meeresbrandung am Fuße der



mächtigen Klippen.

Genau wie die Region eine eigene Welt bildet, so sind auch die Bewohner der Westfjorde ein eigenes Völkchen, geprägt von der Umgebung in der sie leben. Sie unterscheiden sich in mancher Hinsicht vom Rest der Landesbevölkerung. Ihre Ausdrucksweise galt als ungewöhnlich und die Essensgewohnheiten nicht weniger, abenteuerliche Namensgebungen sind häufig und weichen oft sehr von der landesüblichen Norm ab und nirgends im Lande gab es mehr Zauberer als in den Westfjorden. Menschen aus der Region sind für ihren Fleiß und ihre Ausdauer bekannt. Kein anderer Landesteil hat mehr erfolgreiche und führende Politiker und innovative Geschäftsleute hervorgebracht als die Westfjorde.

In den vergangenen Jahren und Jahrzehnten hat die Region viele Bewohner verloren, die ihr Glück im Süden Islands oder im Ausland suchen. Unabhängig davon hat sich im gleichen Zeitraum die Zahl derer, die im Tourismus arbeiten vervielfacht. Das touristische Angebot wird von Jahr zu Jahr mehr, besser und abwechslungsreicher. Tourismus in der Region ist umweltfreundlich und folgt im wesentlichen den Richtlinien für nachhaltigen Tourismus. Das versteht sich von selbst, da die unberührte, vielseitige Natur das wichtigste Kapital der Region für den Tourismus darstellt. In den Westfjorden gibt es keine Industriebetriebe und die Verschmutzung der Umwelt durch Produktion und Verkehr ist geringer als im Rest des Landes. Die meisten Betriebe der Westfjorde produzieren Lebensmittel, vor allem Fischprodukte. In Reykhólar wird Tang getrocknet und gemahlen. Die Fabrik nutzt Erdwärme im Trocknungsprozess und erfüllt ökologische Qualitätskriterien.

Wer die Westfjorde noch nicht erkundet und sich noch nicht von ihrer Vielfalt hat bezaubern lassen, kennt Island noch nicht richtig. In diesem Heft sind nützliche Informationen zusammengetragen, die zur Planung einer Reise und ebenso als Reiseführer durch die Region dienen sollen.

Herzlich willkommen in den Westfjorden!

Velkomin í Samkaup úrval



Akureyri
Blönduósi
Bolungarvík
Borgarnesi
Dalvík
Egilsstöðum
Grundarfirði
Hafnarfirði
Húsavík
Ísafirði
Neskaupstað
Ólafsfirði
Selfossi
Siglufirði
Skagaströnd



Einstök þjónusta
í góðum verslunum



...sjá nánar um verslanir Samkaupa úrvals á samkaupurval.is

The Westfjords



Population: 7.100
Areal: 9.520 km²

When you look at a map of Iceland, you see at a glance that the Westfjords Peninsula is almost an island. The shape of the country resembles an animal stretching its legs, the Westfjords representing the head. The limits of the Westfjords peninsula are the Gilsfjörður bay from the south and the Bitrufjörður bay from the north, leaving only a strap of 11 kilometers. The jurisdiction of the Westfjords, however, reaches as far as the Holtavörðuhéiði moor towards the south.

Once upon a time it was believed that several night-trolls had planned to separate the Westfjords from the mainland by digging a canal. It was quite a complicated task which proved to take more than just one night and sadly the trolls ended up as giant rocks due to the sunrise taking them by surprise. The various islands and holms of the Breiðafjörður bay and the skerries in the Húnaflói bay now witness how effectively the trolls threw cliffs and great chunks of soil into the sea during that night.

From the Westfjords there is only a distance of 300 kilometers to Greenland and on a clear day it is even possible to see some mountain tops in our neighbouring country. Through the centuries there have been several incidents that polar bears have drifted to the Westfjords on ice.

The Húnaflói bay is embracing the Westfjords at the east, the Breiðafjörður bay from the south but other sides are facing open sea, the Atlantic Ocean at the west and the Antarctic Ocean at the north. The Westfjords have a very jagged coastline and the fjords differ greatly in size as well as geographically. The Ísafjörður fjord and Jökulfirðir, The Glacial Fjords, are in fact bays containing many smaller fjords.

The most magnificent sea cliffs of Iceland, where birds nest by millions, are situated in the Westfjords. The Hornbjarg cliff and the Hælavíkur cliff are facing the Antarctic Ocean. The Látrabjarg cliff on the southernmost tip of the Westfjords, where Europe stretches furthest towards the west, is one of the busiest bird cliffs in the whole world. Awesome mountains are embracing the fjords and valleys in this area but seen from above the Westfjords Peninsula is barren and actually a plateau scraped by glacier. The Drangajökull glacier in the northern part of the Westfjords is the 5th largest glacier in Iceland. It stretches its crevasses down towards the valleys but the top of the glacier is popular for those who love outdoor activities.

From a geological point of view the Westfjords are the oldest part of the country. The oldest rock face in the lava layers of the Westfjords is about 16 million years old, three million years older than the oldest lava found at the east coast. A continuous volcanic activity and layers of tephra around the center of Iceland support the theory of the plate tectonics as the Westfjords and the Eastfjords lava layers slope inwards at the same time as they are drifting apart.

Very long time has often passed between the lava floods which have built up the strata of the Westfjords. Each time soil has been created and woods have grown in a temperature of California today. Fossils from massive forests which grew in the warm temperature of the the Westfjords 10-14 millions of years ago can be found between the lava layers in the Westfjords. Well-known is a 14 million years old redwood log which was found in the Helgafell mountain at the Dýrafjörður fjord. The tree was hit by a new layer of lava which brought it down and partly turned it into coal when it was around the age of 200. Other types of woods which have been found in the Westfjords from this period are for example walnut, beech, maple, and vine.

In several places in the Westfjords there are geothermal springs, for example at a large extent at Reykhólasveit in the southeast as well as at Reykjanes in the Ísafjarðardjúp fjord. The last 10 million years there has been no volcanic activity in the Westfjords but at many places you can see magnificent traces of the vivid eruptions of the past. Some of the most spectacular are near the Flatey island in the Breiðafjörður bay and on the smaller islands around.

Lowland, not to mention arable land, is not at great extent in the Westfjords except in some of the fjords. The main exceptions are the Reykhólasveit area, the Barðaströnd coast, the Rauðisandur reef, and the countryside in the Strandasýsla area. The Reykhólasveit area between Króksfjörður fjord and Þorskaufjörður fjord is representing incredibly varied natural beauty, facing south as well as the Barðaströnd coast and the Rauðisandur reef. Between the mountains there are also many green areas with trees and various flora.

In the Westfjords there are few lakes. Most rivers are short even though fly and worm fishing is possible and sometimes very fruitful. The magnificent waterfall in Arnarfjörður fjord called either Fjallfoss or Dynjandi is one of the most beautiful and spectacular waterfalls of Iceland. The beaches of the Westfjords are well known by their beauty, for example the beaches at the Rauðisandur reef, at the Patreksfjörður fjord, and the Öundurafjörður fjord.

Birdlife is exceptionally lively in



uncountable islands and holms all around the Westfjords. The king of the Icelandic birds, the white-tailed eagle (*Haliaeetus albicilla*), is primarily found in this area. The majority of the Breiðafjörður islands belong to the Westfjords, the Flatey island being the biggest. In the Ísafjörður fjord there are the islands Vigur, Æðey and Borgarey. In Steingrímsfjörður fjord on the Húnaflói bay side there is one main island called Grímsey.

The sea has from the beginning of settlement of Iceland been a main source of food for the inhabitants of the Westfjords. The rich fishing grounds nearby, the breeding grounds of seals and the eiders providing their down have through the centuries been the treasures of the Westfjords. Egg picking and bird hunting, especially in the great cliffs by the seaside as well as in the islands and holms, have at all times been valuable resources. Driftwood has always been of great importance to the area.

Through the centuries thunderous natural disasters have hit the Icelanders regularly. Extreme hardships and no means of aid together with heavy human losses due to starvation have been the facts of life in Iceland. But even during the most difficult periods in the history of Iceland, there has never been any lack of food in the Westfjords.

The Westfjords Peninsula is almost one tenth of the whole area of Iceland. The ring road of Iceland, road number one, does not go through the Westfjords Peninsula, which is a world of its own. Around the Westfjords there is actually a particular ring road from which there are many smaller side roads leading you to places of surprises and interest. It is quite certain to assert that the Westfjords ring road is not only special. It is literally out of this world.

The vast area north of the Ísafjörður fjord, the old countryside of Jökulfirðir, Grunnavík, Aðalvík and Hornstrandir, has been uninhabited for a long time. Livestock has not been put out to pasture there for many decades, there are no roads and no vehicles on the move. On the other hand the vegetation is extremely varied and prosperous due to the long conservation and birdlife and the general fauna are probably similar to how it really was before the country became inhabited. It is quite common to come

across foxes which have not learned to fear man. Longer or shorter hiking trips in the great preservation area where silence is only disturbed by the voices of the birds or the cackle of the fox together with the sounds of the breakers from below the great cliffs are truly unforgettable.

Since the Westfjords Peninsula is almost an island, likewise the inhabitants have had the tendency to distinguish themselves from other Icelanders in various ways. The use of the language was different, the food was considered somewhat curious, and last but not least, sorcerers from the area were outstanding. Stronger and more hard working people have been difficult to find. The Westfjords with the relatively few inhabitants have also been the breeding place of more outstanding Icelandic politicians and leaders in different fields of society and business than other parts of the country.

A great number of the inhabitants of the Westfjords have during the past years and decades left the area in search for fame and fortune in more populated places. At the same time tourism has developed into a prosperous activity and more and more people are employed to service the visitors of the Westfjords. Each year the level of services and facilities become better and of greater variety. Tourism and related services are as ecological as possible due to the strong focus on the unspoiled nature which is the main attraction of the Westfjords. There is no large scale industry of any kind in the Westfjords, and, therefore, less pollution than in any other inhabited part of the country. The factories operated in the area are mostly producing food from raw material originated from the sea. The algae factory at Reykhólar is the most ecological factory in the world, run by geothermal energy to produce powder from the unpolluted vegetation of the sea.

People who have not visited the Westfjords and experienced the unique variety of the area have not really explored Iceland. The purpose with the edition of this magazine is to assist travellers in the Westfjords and give them some guidelines and information before and during their visit.

Welcome to the Westfjords!

BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótélum
Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 5.700 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000



Friðlandið Hornstrandir

Það er lítil furða að Hornstrandir heilli flesta þá sem þangað leggja leið sína upp úr gönguskónum. Stórbrotin náttúra, vinalegir refir á vappi og gróður sem ekki hefur verið bitinn af búpeningi í um fimmtíu ár leggja sitt af mörkum til þess að ferð þangað greypist í minni ferðalanga.

Hornstrandafríðland var stofnað árið 1975 og nær auk eiginlegra Hornstranda einnig til norðurhluta Jökulfjarða. Syðri mörk fríðlandsins liggja úr botni Hrafnfjarðar í Jökulfjörðum yfir í botn Furufjarðar á Hornströndum. Byggð lagðist af í þessum harðbýla landshluta í kringum 1950 og hogaði svo hægt og rólega úr Jökulfjörðum og Grunnavík, þar til tófan horfði á eftir síðustu ábúendunum halda suður á bóginn með poka sína og skjatta.

Þetta afskekkt svæði norðan Ísafjarðardjúps byggðist á svipuðum tímum og aðrir hlutar landsins. Bændur þar héldu búfénað, sóttu sjóinn og nýttu sér hlunnindi á borð við rekavið og eggjatöku í björgunum miklu. Dálítil sjávarþorp byggðust upp að Sæbóli og Látrum í Aðalvík og í Grunnavík í Jökulfjörðum. Einnig varð fjölbýlt í kringum hvalveiðistöðina og síðar síldarverksmiðjuna á Hesteyri.

Hornstrandamenn reyndu, rétt eins og aðrir landsmenn, að nútímavæða heimahagana, leggja símalínur og vegi og smíða bryggjur. Allt var það þó erfitt og kostnaðarsamt. Samgöngur, sérstaklega yfir vetrartímann, voru torsóttari en borgarbarn dagsins í dag gæti skilið og einangrun íbúanna mikil. Vegalengdir voru miklar og um vegleysur að fara. Frá Horni í Hornvík eru til dæmis tvær dagleiðir fyrir gangandi mann yfir á Hesteyri, en þangað var

skroppið eftir læknisaðstoð eða til að skila bók á bókasafnið. Þá var ekki síður erfitt að sigla litlum bátum í gegnum straumrastirnar fyrir opnu hafi.

Þessi einangrun, sem Hornstrandamenn voru margir hverjir fegnir að segja skilið við, er í dag oft það sem heillar ferðamenn á svæðinu einna mest. Á Hornströndum eru engir vegir. Engar símalínur eða raflínur, ekki einu sinni girðingar. Ekkert nema gróðurinn, fjöllin, sjórinn og látlaus hús eða húsarústir sem kúra í grænum túnum.

Þeir sem vilja kynnast fríðlandinu af eigin raun hafa úr mörgum mismunandi ferðum og leiðum að velja. Ferðast má á eigin spýtum, með því að bóka sér far með einhverjum þeirra sem sigla reglulega til Hornstranda yfir sumarið. Á Hesteyri er boðið upp á svefnpokagistingu í gamla og reisulega Læknishúsinu, þar sem einnig er rekið kaffihús yfir hásumarið. Kjötsúpuveislan, með tilheyrandi söng, gleði og varðeldi, sem þar er haldin á laugardegi um verslunarmannahelgi er orðin fastur liður í sumardagskrá margra. Vesturferðir á Ísafirði bjóða upp á gönguferðir af ýmsum toga, Borea Adventures hefur staðið fyrir refaskoðunarferðum og North Explorers lóðsa ferðalanga með ævintýrapörsta um svæðið á kajökum, svo dæmi séu nefnd.

Nánari upplýsingar um Læknishúsið má afla sér á slóðinni hesteyri.net. Upplýsingamiðstöðvar geta veitt nánari upplýsingar um þann fjölda möguleika sem í boði er fyrir ferðafólk sem hyggur á draumadvöl á Hornströndum.



Fræðsla um sjórán á Patreksfirði

Hugmyndin að Sjórnunghúsinu á Vatneyri við Patreksfjörð kviknaði upp úr frásögnum af sjóránnum við stendur Íslands á 16. og 17. öld. Í dag snýst starfsemi Sjórnunghússins fyrst og fremst um rekturs kaffihús og menningarviðburði af margvíslegu tagi. Á kaffihúsinu er uppi sýning um sjórán á Vestfjörðum og er hún nokkurs konar inngangur að því sem koma skal, því Sjórnunghúsið hyggst vinna með frásagnir af þeim sjóránnum á margvíslegan hátt í framtíðinni. Þar er leikið með sjóræningjapemað í þeim tilgangi að skapa afþreyingu fyrir fjölskyldur á ferðalagi og mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti yngri gestum. Börn fá til dæmis að leika sér með sjóræningjapúninga á meðan á heimsókninni stendur, eða ráðast í að reyna að finna falda fjársjóðinn á útisvæðinu.

Sjórnunghúsið opnaði vorið 2008 og hefur vaxið og dafnað síðan. Í húsinu er nú starfrækt kaffihús og minjagripa- og handverksverslun, og einnig er búið að taka í notkun sal sem er notaður fyrir ýmsa viðburði og leigður út til einkasamkvæma. Húsið sem hýsir starfseminu er gömul smiðja sem hafði staðið ónotuð í mörg ár. Þar er því enn að finna mikið af tækjum og tólum tengt smiðjunni og er gestum velkomið að skoða húsið. Þar sem gestir í

Sjórnunghúsinu hafa upp til hópa verið mjög áhugasamir um fyrri sögu þess stendur nú til að taka hana saman svo auðveldara verði að miðla henni til gesta.

Vorið 2010 hófust framkvæmdir við útisvæði þar sem áherslan er lögð á að skapa bakgrunn fyrir fjölskyldur til að leika sér og búa til sín eigin ævintýri. Oddný Guðmundsdóttir landslagsarkitekt hannaði útisvæðið sem byggir á hugmyndum um ævintýri sjóræningja með tengingu við náttúru svæðisins. Auðvelt er að finna þá tengingu í ljósa sandinum sem er áberandi á Vestfjörðum og verður leitast eftir að nýta hann ásamt öðrum efnivið. Verkefnið er stórt og viðamikilið og verður því unnið í nokkrum skrefum, en nú þegar hefur svæðið verið sléttað og gert þægilegra og öruggara fyrir gesti. Stefna eigenda er að nýta það sem fyrir er á staðnum við uppbyggingu og fegrun svæðisins, enda leggja þeir meiri áherslu á varðveislu sögu svæðisins en hraða uppbyggingu.

Frekari upplýsingar má nálgast á slóðinni sjoraeningjahusid.is.



Upplifðu óbyggðirnar handan við hornið

FJALLGÖNGUR
OG FAGURT
ÚTSÝNI

Spennandi dagsferðir frá Ísafirði



FJÖLBREYTTAR
KAJAKFERÐIR

Spennandi dagsferðir frá Ísafirði



NORTH



EXPLORERS

GÖNGUFERÐIR
UM DALI OG
FJALLASKÖRÐ

Spennandi dagsferðir frá Ísafirði



SÉRSNIÐNAR
FERÐIR AÐ ÞÍNUM
ÞÖRFUM

Spennandi dagsferðir frá Ísafirði



Yngri kynslóðir munu kannski ávallt tengja Hótel Bjarkalund við sjónvarpsþættina Dagvaktina, enda lék það stóra rollu í þeim feykivinsælu þáttum. Hóteleigendur á Bjarkalundi vita hins vegar vel að hótelið á annan og jafnvel enn stærri sess í hjörtum margra af eldri kynslóðum, enda er það elsta sumarhótel Íslands.

„Við finnum fyrir því alla daga. Hingað kemur fólk sem gisti hér fyrir áratugum síðan. Fólk hefur gift sig í Bjarkalundi og varið brúðkaupsnóttinni hér og margir hafa unnið hér í gegnum tíðina. Sumir gæstir hafa meira að segja fengið að sængurnar sem þeir sváfu með því þeir segjast hvernig hafa sofið jafn vel,“ segir Kolbrún Pálsdóttir, hótelsstýra.

Reykhólasveitin er með fallegustu og fjölbreytilegustu sveitum landsins og fuglalíf er þar einstakt. Kolbrún segist nánast geta tryggt að gestir sjái í það minnsta einn örn sveima yfir sveitinni meðan á dvölinni stendur. Yfir hótelinu standa Vaðalfjöll, en af toppi þeirra er stórfenglegt útsýni yfir sveitina. Sagt er að í Vaðalfjöllum búi æðstu hulduhöfðingjar Vestfjarða, sem Kolbrún segist finna fyrir að haldi verndarhendi sinni yfir svæðinu. Þá eru einungis tíu kílómetrar í Borgarlandið, þar sem sérstakar og fallegar klettaborgir eru sagðar vera




Hulduhöfðingjar í Bjarkalundi

aðalkaupstaður álfa og huldumanna. Þeir sem gera sér vonir um að komast í kynni við huldufólk í fríinu geta því glaðir unað við sitt í Bjarkalundi.

Á síðustu árum hefur verið ráðist í ýmsar lagfæringar á Hótel Bjarkalundi og hafa sex gestahús verið reist við austurenda hótelsins. Að loknum framkvæmdum sumarsins verða alls 26 tveggja manna herbergi í þessu rótgróna hóteli.

Nánari upplýsingar á bjarkalundur.com.



Skrímslasetrið

Bíldudal

Í Skrímslasetrinu á Bíldudal er skrímslasögum gerð góð skil á spennandi og nýstárlegan hátt. Heimsókn í setrið er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Veitingar, minjagripasala og netaðgangur.

Opið alla daga vikunnar frá 1. júní til 10. september.

Skrímslasetrið
The Icelandic Sea Monster Museum

Strandgata 7 • 465 Bíldudalur
Sími: 456 6666 • skrimslis@skrimslis.is
www.skrimslis.is

★ ★ ★

HÓTEL Ísafjörður

Take a breath in Ísafjörður...
Excellent facilities and comfort
Warm and friendly service
Sandy beaches, birdcliffs and mountains

Andaðu léttar á Ísafirði...
Ferskt vestfirskt fjallaloft
Fjörlegur miðbær
Fagleg þjónusta
Fagurt útsýni

Hótel Ísafjörður, Silfurtorgi 2, 400 Ísafjörður, sími 456-4111
info@hotelisafjordur.is www.hotelisafjordur.is



**Breiðavík / Látrabjarg
Hótel sem stendur næst hinu
stórfenglega Látrabjargi
456 1575 - 867 1575
breidavik@patro.is
breidavik.is**





Mínir Vestfirðir



Undirrituð og börnin við Dynjanda eftir léttu göngu

Inga Lind Karlsdóttir deilir sinni reynslu af Vestfjörðum í formi bréfs til foreldra sinna.

Elsku mamma og pabbi!

Hér situr dóttir ykkar í ævintýradalnum Heydal í Mjóafirði, hugsar til foreldra sinna og getur sér þess til að þeim þætti gaman að fá fréttir frá Vestfjarðaförum.

Hann tók á móti okkur sjálfur Kleifarbúinn á Kleifarheiði. Hjá honum snæddum við fyrsta nestisbita ferðarinnar, drukkum úr læknum og fundum dálítinn snjóskafli sem krökkunum fannst stórmerkilegt svona á miðju sumri.

Næsti áningarstaður bauð upp á hvorki meira né minna en vöfllur með rjóma. Þá vorum við komin á draumkennt kaffihúsið við Saurbæ á Rauðasandi. Svo hlupum við berfætt í sólinni um óendanlegan sandinn, skrifuðum nöfnin okkar í hann, tíndum skeljar og lékum við öldurnar. Þessi stærsti sandkassi í heimi minnti miklu frekar á miðjarðarhafsströnd en fjöru í harðbýlu landi norður í Ballarhafi.

Þegar undirrituð hafði þurrkað þrjátíu litlar tær var haldið áfram og næsti áfangastaður var sundlaugin á Tálknafirði þar sem sonurinn fór ekki færri en fimmtíu ferðir niður rennibrautina.

Svo var ekið til Breiðavíkur þar sem Birna húsfreyja tók á móti okkur og eldaði ofan í okkur uxahalasúpu, þorsk og svín. Hauki og Möttu fannst svínið mjög gott og Haukur er viss um að það hafi ekki verið drepið heldur hafi það dáið þegar fóturinn datt af því.

Svo gengum við um ströndina og tíndum fleiri skeljar sem ég er enn með í vösunum. Ég fékk líka Gleym-mér-ei frá Matthildi sem athugaði hvort hún virkaði með því að láta mig ganga langt á undan sér og gá svo hvort ég gleymdi sér. Það gerðist

auðvitað ekki og þar með þótti sannað að Gleym-mér-ei svínvirkar.

Eftir góða nótt í kyrrðinni í Breiðavík, vögnuðum við í glaðasólskini og ljúfri hafgölu af Atlantshafinu, sem Matta heldur að heiti Atlantshaf af því að fyrsti maðurinn í heiminum hljóti að hafa heitið Atli.

Bergnumin skoðuðum við Látabjarg og Haukur hafði orð á því að þetta ætti nú frekar að heita Látabjarg af því að það eru svo mikil læti í öllum fuglunum þar. En þar er líka að finna ótal tegundir af villtum blómum og undir stjórn Hrafnhildar æfðum við okkur í að muna heitin á þeim öllum; geldingahnappur, blóðberg, hrafnaklukkur, músareyra...

Á leiðinni ókum við í gegnum mikið krúvarp í Látravík. Ein krían gerðist svo ákveðin við okkur að hún goggaði í húddið á bílnum og linti ekki látum fyrr en við vorum farin langt í burtu frá varpstaðnum. Þótti þetta mikið ævintýri, jafnvel betra en það sem var í gangi í hnakkapúðunum í boði Disney.

Besta kaka ferðarinnar var borðuð í gamalli flugstöð í Patreksfirði sem breytt hefur verið í veitingastað. Í kringum eru eintómir sandar og hólur og við lékum okkur að sjálfsögðu í þeim líka.



Leikur drengs við sand, sjó og skugga á víðfeðmum Rauðasandi

Svo ókum við áfram, og alltaf kom okkur jafn mikið á óvart hversu stuttar vegalengdirnar eru á milli staða. Við sváfum í tjaldi við Dynjanda eftir göngu upp að Fjallfossi sem 5, 6 og 10 ára borgarbarnafætur réðu léttilega við.

Þá um daginn höfðum við fræðst um sjálfstæðishetjuna Jón Sigurðsson á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Hann ber titilinn ofurhetja í okkar fjölskydu eftir þá heimsókn. (Vissuð þið að hann var víst dökkhærður þangað til hann varð 34 ára og gekk að eiga Ingibjörgu? Þá varð hann gráhærður á einni nóttu.)Þarna



Kleifarbúinn tók á móti okkur. víðfeðmum

skoðuðum við dásamlegt safn og saúm m.a. eyrnaskefil vestfirskrar húsfreyju. Það fannst dætrunum mjög merkilegt.

Svo var synt í fínu lauginni á Þingeyri þar sem við vorum dekrúð af sundlaugarverðinum sem útvegaði þeim yngri kúta og leikföng og þeim eldri kaffisopa á bakkanum. Hef aldrei hitt indælli sundlaugarvörð.

Eftir sunnið fórum við inn í Haukadal og fræddumst um Gísla Súrsson og enduðum svo daginn í Önuðarfirðinum þar sem við fundum bein af hrúti (og

börnunum fannst fúlt að mega ekki hirða því þau töldu sig nú aldeilis hafa komist í feitt – þarna voru þau sennilega búin að gleyma að til eru leikföng). Við sváfum svo værum blundi á Kirkjuból í Korpudal og leið eins og á fimm stjörnu hóteli þar í sveitinni. Hamingjusamastur var samt fjölskylduþeirri þegar hann greiddi fyrir gistingu og morgunverð og fannst hann hafa heldur betur



Með kríuprik úti í Vigur.

fengið mikið fyrir peninginn.

Ævintýri næsta dags hófst þegar undirrituð mátti ganga á undan bílnum langan spöl í því skyni að verja og tína upp þínulitla fuglsunga sem höfðu nýverið yfir-

gefið hreiðrin sín og stauluðust um á veginum svo við komumst hvorki lönd né strönd.

Var það þó aðeins upphafið af fuglævintýrum dagsins því áður en varði vorum við komin út í Vigur eftir skemmtilega ferð í bátnum Ingólfi. Þar gengum við um með kríuprik í hönd svo kríurnar myndu ekki gogga í okkur. Fræddumst um lunda og æðar-fugl og líka fólkið sem býr þar.

Daginn eftir vissum við ekki fyrr en við vorum skyndilega í mannþröng og miklu fjöri á Sæluhelgi á Suðureyri þar sem saman voru komnir Suðureyringar frá ýmsum heimshornum. Við þekktum engan en skemmtum okkur hið

besta, snæddum framandi núðlur og kínarúllur í hádegismat og fengum okkur svo rammíslenskar vöflur með sultu og rjóma í eftirrétt. Þar var fjölmenningin í sinni fallegstu mynd.

Um kvöldið fengum við mat hjá Rögnu, vertinum í Einarshúsi í Bolungarvík, og keyrðum svo á eftir upp á Bolafjall þar sem kyrrðin ein ríkti og útsýnið gerði okkur orðlaus.

Vestfjarðaferðinni lauk svo hér í Mjóafirði sem er sannkölluð paradís fyrir börn – og foreldra þeirra. Þar var talandi páfagaukur sem kvaðst heita Kobbí, skemmtilegur leikvöllur, lækur til að vaða yfir og náttúruleg sem okkur fannst ótrúlega notalegt,

og stórmerkilegt, að baða okkur í. Er þá aðeins fátt eitt nefnt sem hér er hægt að upplifa.

Næst þegar við komum hingað á Vestfirði, ætlum við að gera allt það sama aftur en vera fleiri daga á ferð og bæta við öllum stöðunum sem við komumst ekki á.

Verið kært kvödd á þessu fallega sumarkvöldi.

Ykkar dóttir,
Inga Lind

► Í bílinn



Bílferðir koma gjarnan við sögu þegar ferðast er um Vestfirði. Þær eru tilvaldar til þess að kynna sér sögu svæðisins í gegnum hljóðbókmenntir, eða njóta þess að hlusta á vestfirsku tónlist á meðan augun einbeita sér að landslaginu – nú, eða veginum.

Kómedíuleikhúsið hefur gefið út sex þjóðlegar hljóðbækur sem allar eru tilvaldar í bílinn. Hver hljóðbók fjallar um afmarkað svæði innan Vestfjarða og því lítið mál að velja sér bók sem hentar fyrirhuguðu ferðalagi. Bækurnar eru stútfullar af draugasögum, galdrasögum, huldufólkssögum og tröllasögum og afar spennandi hlustun. Úrvalið má kynna sér í vefversluninni á síðunni komedia.is.

Fjölmargar Íslendingasögur hafa verið gefnar út á hljóðbók og þá eru Gísla saga Súrssonar, Fóstbræðra saga og Grettis saga sérstaklega vel við hæfi ef leiðin liggur til Vestfjarða. Á vefnum hljodbok.is er gott úrval bóka til að kippa með sér í ferðalagið.

Ef hljóðbækurnar heilla ekki er um að gera að skella viðeigandi tónlist í tækið. Fremstur í flokki vestfirskra

tónlistarmanna um þessar mundir fer Mugison væntanlega. Nægt er úrvalið af lögum Mugison, þó það sé full ástæða til að óska sér þess að hið vinsæla Haglél eigi ekki við á sumarferðalaginu. Sé lagt í hann síðla sumars er ekki útilokað að nýjasta afurðin hafi litið dagsins ljós, en ný plata frá tónlistarmanninum er væntanleg í sumar.



Ef Mugison höfðar ekki til mannskaðsins má hins vegar mæla með ísfirsku rakaranum góðkunna, Villa Valla. Hann hefur gefið út tvær plötur í seinni tíð. Sú fyrri heitir einfaldlega Villi Valli, en önnur platan ber nafnið Í tímans rás og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna – enda sérstaklega hugljúf og notaleg djassplata.

SYSTRABLOKKIN

Velkomin til Bolungarvíkur!

Fullbúnar íbúðir á besta stað í bænum

Síminn er 893-6860

systrablokkjin@systrablokkjin.is

EYJASIGLING
EYJASIGLING.IS

Siglingar í Skáleyjar, Hvallátur og Flatey
www.eyjasigling.is
eyjasigling@eyjasigling.is
Sími: 849-6748 • Sími um borð 854-1922



Mínir Vestfirðir



Ekki deyja áður en þú sérð - !

Rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir hefur í vetur dvalist við skriftir í Árneshreppi á Ströndum og veitir lesendum hér innsýn í sína upplifun.

Í þakklátum skrifum vitna menn gjarnan til kalla eða kellinga sem hafa sagt hitt eða þetta spaklegt. Það lyftir orðinu á flug, ef vel tekst til; en þessi pistill hér er ekki svoliðis, hann á ekki að látast vera neitt annað en hann er; þess vegna ætla ég ekki að vitna í vinkonu mína sem sagði: - að ætti hún eina ósk þá væri hún að komast á Strandir, keyra að Djúpvík í stjörnuþjáltri nótt, gista á hótelinu hjá Evu og Ása, kíkja á verksmiðjuendrið og fá annálað smurbrauð og kaffi, halda svo áfram, beint út í hrikalega óvissunorðrið, eins og hún kallaði leiðina frá Gjögri að Krossnesi; en um hana hafði hún lesið í Strandapóstinum, í bókinni Þar sem vegurinn endar eftir Hrafn Jökulsson og svo hafði hún séð af henni myndir eftir Maríu Guðmunds og Claus Strenneck.

En ósk vinkonu minnar rættist ekki.

Hún dó með drauminn í fanginu; þess vegna sá hún aldrei hrikalega fegurð Strandafjalla, klakabönd í fossi, lygilega öldufalda, akurmjúka seli og unaðslegar vikur.

Þannig var það bara.

En ég er forréttindaP...

Ég fékk að kynnast landinu við nyrsta haf og fólkinu þar.

Ég sat við glugga á Kaffi Norðurfirði, þar steikir Einar bestu hamborgara veraldar, og skrifaði skáldskap, leit upp og sá hafið byltast og sólina fara mildum höndum um voga - og ég hugsaði - að trúlega væri guð búsettur í Urðartindi.

Ég sá Gunnstein Gíslason, sögu- mann dagsins í dag og dagsins á morgun líka, ganga á hvítu stígvélunum sínum til vinnu, hvern einasta morgun klukkan 8:29.

Ég fékk að ganga með Margréti Sprettfríði, sem er fallegasta kona norðan Alpafjalla og þótt víðar væri leitað - og ég naut þess að hvíla mig á bekknum hjá Ragnheiði Eddu í Kaupfélaginu og hlæja mig máttlausa vegna þeirrar eintómu hamingju sem hún ein getur gefið.

Já, lífinu er misskíft.

Hver sagði það ekki?

Vinkona mín hitti aldrei Oddnýju Oddvita sem ort hefur fegurst um útsjónarsemi minks, eða Böddu sem rímar ósjálfrátt og hristir fram úr erm- inni bestu afmæliskringu sem um getur, ekki heldur Elísu skólustjóra Finnbogastaðaskóla sem kann að slaufa sögur svo vel að mann setur í stans, Hrefnu sem skrifar heimsins

bestu ljóð um hversdagsins dýru önn, Gulla sem skýtur rjúpu og tófu án þess að depla auga og Úlfar sem kann á landið einsog óskeikula klukku.

Hún hitti heldur aldrei póstin knáa Jón Björn - og Guggu, Pálínu, Júlíönu, Kára, Ástu, Sveindísi, Selmu, Ágústu, Þórólfr og Jóhönnu - og alla hina sem langar safaríkar sögur fara af - sem verða ekki sagðar fyrr en seinna.

Vinkona mín gekk ekki landið og horfði á Reykjaneshyrnuna spegla sig í hafinu og hugsaði um guð.

Þannig var það bara - af því að þannig fara draumarnir.

En þótt hún hafi ekki átt sinn draumatíma vona ég að þú, lesandi góður, verjir þínum vel, ferðist um Árneshrepp; sem að öllum hreppum ólöstuðum, er sá fegursti



Mynd: María Guðmunds

í heiminum, hvernig sem veður velkist.


ÆVINTÝRI Í ARNARFIRÐI
KOMIÐ MED

FISKUR Á KRÓK
FISKUR Á DISK

ÍBÚDAGISTING - SÖGU FERDIR - VEIÐIFERDIR - GRILLFERDIR

HAFIÐ SAMBAND, GERUM GÓÐAN DAG BETRI

+354-894-1684 - jon@bildudalur.is - www.bildudalur.is



Merkasti Vestfirðingurinn

200 ára

Í ár eru tvö hundruð ár liðin frá fæðingu mannsins sem óhætt er að fullyrða að sé þekktasti og merkasti Vestfirðingur allra tíma. Jón Sigurðsson forseti fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní 1811. Sérstök Afmælisnefnd hefur unnið að undirbúningi afmælisárs hans frá 2007, en viðamesta verkefni ársins er endurreisn Safns Jóns Sigurðssonar og opnun glæsilegrar sýningar á Hrafnseyrarhátíð, á fæðingardeggi forsetans. „Í okkar huga ber þetta sumar yfirskriftina Núna fer ég vestur - ef Hrafnseyrarhátíð 2011 og afmælisár Jóns Sigurðssonar eru ekki tilefni til þess að leggja leiðina til Vestfjarða veit ég ekki hvað ætti að vera það,“ segja Björn G. Björnsson, verkefnisstjóri Afmælisnefndar og Valdimar J. Halldórsson, staðarhaldari á Hrafnseyri.

Í tilefni af afmælisárinu hefur þegar verið efnt til ritgerðasamkeppni meðal grunnskólanema og þrjár afmarkaðar sýningar opnaðar, svo dæmi séu nefnd. Í Þjóðmenningarhúsinu er sýningin Óskabarn, um Jón Sigurðsson og æskuna, í Seðlabankanum er hins vegar að finna sýninguna Opinber mynd, þar sem gefur að líta frímerki, mynt, seðla og minjagripi með mynd Jóns forseta, en völd handrit og skjöl hins merka manns eru til sýnis í Þjóðarbókhliðunni.

Húsið á Hrafnseyri var byggt um 1960 sem prestsetur og skólahús en hefur nú verið lagfært og aðgengi að því bætt til muna. Breytingum á ytra útliti þess hefur hins vegar verið haldið í lágmarki. Kapellunni, sem byggð var við húsið árið 1980, hefur ekki verið breytt, en hún verður nú nýtt til sýninga á kvikmyndum, svo sem á sjónvarpsmyndinni Jón Sigurðsson - maður og foringi, sem framleidd var fyrir 50 ára afmæli Lýðveldisins árið 1994. Eftir

breytingar er öll neðri hæð hússins á Hrafnseyri helguð sýningunni. Sýningin „Líf í þágu þjóðar“, sem hönnuð er af Basalt arkitektum, er öll hin glæsilegasta og með nýstárlegu sniði. Saga Jóns Sigurðssonar er rakin í máli og myndum á 90 metra löngum gegnsæjum vegg úr plexígleri, sem liðast um sýningarrýmið. Þar er sömuleiðis að finna margmiðlun af ýmsu tagi og muni tengda Jóni Sigurðssyni.

Fyrirtækið Gagarín hefur veg og vanda af margmiðlunarefni á sýningunni, en meginþáttur hennar er margfaldur tímaás þar sem gestir geta fíkrað sig fram og til baka eftir 19. öldinni að vild. Hana má kanna út frá sex sjónarhornum; lífshlaupi Jóns Sigurðssonar, vísindastarfi hans og stjórnmalapáttöku og samtímaviðburðum á Íslandi, í Danmörku og heiminum öllum. Höfundur sýningartexta er Guðjón Friðriksson sagnfræðingur.

Sýningin verður opnuð á þjóðhátíðardaginn og verður opin út ágúst. Aðgangur að henni er ókeypis á afmælisárinu. Dagskrá Hrafnseyrarhátíðar verður sérlega glæsileg að þessu sinni, en þar verður til dæmis frumfluttur nýr einleikur Kómedíuleikhússins um Jón forseta.

Með endurbótum á húsnæði og nýrri og metnaðarfullri sýningu á hinum fornfræga fæðingarstað óskabarns Íslands, fær Hrafnseyri þann sess sem staðurinn verðskuldar sem þjóðargarsemi og sam-eign Íslendinga.

Frekari upplýsingar um Jón Sigurðsson og hina fjölmörgu viðburði afmælisársins er að finna á vefnum jonsigurdsson.is. Um Hrafnseyri má sömuleiðis fræðast á vefnum hrafnseyri.is.



Líf og fjör í Simbahöllinni

Danskt eplapæ að hætti Simbahallarinnar

150g smjör
2 ½ dl sykur
3 egg
3 ½ dl hveiti
1 tsk lyftiduft
smá mjólk

Fylling:

3 epli, afhýdd og skorin í bita
1 tsk kanill
2 tsk sykur

Bræðið smjórið og kælið. Hrærið saman smjör, sykur, egg, hveiti og lyftiduft. Ef deigið er of stíft, bætið dálitlu af mjólk út í og hrærið. Blandið eplablitum saman við kanill og sykur í annarri skál.

Fletjið deigið út og skiptið í tvennt. Þekið formið með öðrum helmingnum, setjið eplin út í formið og breiðið seinni helming deigsins varlega yfir þau. Bakið í 30-40 mínútur við 185°C.

Í Simbahöllinni á Þingeyri ráða ríkjum þau Janne Kristensen og Wouter Van Hoeymissen. Leiðir Janne, sem er dönsk, og Wouters, sem er Belgi, lágu saman í Reykjavík. Síðastliðin ár hafa þau hins vegar verið búsett á Þingeyri þar sem þau hafa rekið kaffihús í höllinni, sem þau gerðu upp sjálf, síðastliðin tvö sumur.

Simbahöllin dregur nafn sitt af versluninni sem kaupmaðurinn Sigmundur Jónsson starfrækti í yfir sextíu ár. Húsið var þá þekkt sem Sigmundarbúð eða Simbahöllin, enda var kaupmaðurinn kallaður Simbi af vinum og kunningjum. Wouter og Janne festu kaup á húsinu og langaði að glæða það lífi á ný og búa til samkomustað fyrir Þingeyringa, sem margir muna gömlu búðina.

Aðalsmerki kaffihússins hafa verið, og eru enn, belgísku vöflurnar, bakaðar á þar til gerðu vöflujárni, en í sumar hyggjast þau Janne og Wouter færa út kvíarnar. „Við höfum líka verið með súpur, heimabakað brauð, bláberjabæ og svo rabarbarasultu Simbahallarinnar, sem ég geri úr rabarbara sem ég tíni hérna í fjallshlíðum Dýrafjarðar. Í sumar ætlum við hins vegar að lengja opnunartímann og bjóða líka upp á kvöldmat, marokkóskt lambatagine með hrísgrjónum. Við fundum fyrir því síðustu sumur að fólk var að leita að notalegum stað til að borða kvöldmat á,“ útskýrir Janne.

Auk þess hefur Wouter stofnað hestaleigu, sem mun bjóða upp á mislanga reiðtúra, dagstúra og tveggja daga túr, um Svalvogaveg, í sumar. „Okkur fannst að það vantaði einhverja afþreyingu fyrir ferðamenn á Þingeyri. Við viljum svo gjarnan að bærinn sé lifandi og skemmtilegur og viljum leggja okkar af mörkum til þess. Við ætlum líka að vera með hjólaleigu og vonandi kajaka í sumar,“ segir Janne.

Þar fyrir utan eru myndlistarsýningar og aðrir viðburðir á döfnni í höllinni í sumar, en hægt er að fylgjast nánar með væntanlegum viðburðum á Facebooksíðu kaffihússins. Simbahöllin verður opin frá 10 til 22 á hverjum degi frá 15. júní til 15. ágúst, en annars á hefðbundnari kaffihúsatíma.



BORGUN AÐVELDAR VIÐSKIPTI

Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum á hverjum degi, allan sólarhringinn.

Borgun býður:

- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða borgun@borgun.is og fáðu tilboð í færsluhirðingu.

BORGUN

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



Hótel Bjarkalundur



Elsta sumarhótel Íslands í ægiföggru umhverfi



Gisting • Verslun • Veitingasalur • Glæsilegt hlaðborð í hádegi og á kvöldin • Vínveitingar
Silungsveiði í Beruffjarðarvatni • Tjaldsvæði • Fjölbreytilegt fuglakíf • Gönguleiðir



s: 4347762 og 4347863 bjarkalundur@bjarkalundur.is www.bjarkalundur.com

Íðandi sumarlíf í perlu Breiðafjarðar



Títlur úr kálgarðinum með hundasúrupestói

Títlurnar, eða smælkið undan kartöflu-grösunum, þvegna og soðnar.

Farið út í móa og leitid að hundasúrum.

Flettið blöðunum af stönglunum við undirleik fuglasöngs þar til þið hafið í höndunum á að giska 100g af laufum.

Þvoið laufin og setjið í matvinnsluvél

ásamt handfylli af furuhnetum, 1dl af ólífuolíu og matskeið af parmesanosti. Hakkið saman og smakkið til með sítrónusafa og sjávarsalti. Berið kartöflurnar volgar fram, með hýðinu, ásamt hundasúrupestóinu. Verði ykkur að góðu.

Það er sannkölluð upplifun að dvelja í Flatey á Breiðafirði. Eyjan fagra er viðkomustaður ferjunnar Baldurs, og þar nýta margir sér tækifærið til að fara frá borði og una sér næturlangt, ef ekki lengur, í þessari perlu fjarðarins.

Flatey var á öldum áður gríðarlega mikilvæg verstöð og verslunarmiðstöð, en eyjan fékk kaupstaðarréttindi árið 1777. Í eyjunni stóð einnig munkaklaustur af Ágústínarreglu um skeið og nöfnin Klausturhólar og Klaustursteinn bera þeirri sögu vitni. Flatey hefur í áráraðir verið listamönnum og fræðimönnum á borð við Halldór Laxness, Þórberg Þórðarson, Sigvalda Kaldalóns og Nínu Björk innblástur, enda hefur eyjan verið þekkt fyrir að líða gestum seint úr minni.

Þó lífið í Flatey sé nú nokkuð frábrugðið því sem áður var iðar eyjan bókstaflega af lífi yfir sumarið, þegar „þorpararnir“, sem eiga sumarhús í Flatey, snúa aftur. Í þorpinu miðju stendur svo hið glæsilega Hótel Flatey með útsýni yfir Hafnarey, sprengigíginn sem myndar náttúrulega höfn fyrir Flatey.

„Við sækjum hráefnið okkar í Breiðafjörðinn og nágrenni og notum mikið af þorski, sjófugli, lambi, bleikju og kræklingi,“

Herbergin þrettán á hótelinu bera öll fuglanöfn og eins og fuglarnir er ekkert þeirra eins. Hótelid statar einnig af veitingastaðnum vinsæla Samkomuhúsinu, og barnum Salthúsinu. Mikil áhersla er lögð á að bjóða gestum góðan mat og segir hótelsstýran Ingibjörg Pétursdóttir að maturinn hafi líka fengið hvað mest hrós frá ánægðum viðskiptavinum á hótelinu.

„Við sækjum hráefnið okkar í Breiðafjörðinn og nágrenni og notum mikið af þorski, sjófugli, lambi, bleikju og kræklingi,“ segir Ingibjörg, sem er einn listakokkanna sem láta til sín taka í Flatey í sumar. „Við erum líka með matjurtagarð sem við nostrum við og hann er dásamlega gjafmildur við okkur allt sumarið. Þar ræktum við til dæmis rabarbara, skessujurt, jarðarber og salat,“ segir hún.

Girnileg uppskrift frá Ingibjörgu fylgir umfjölluninni, svo ferðalangar geti tekið Vestfirði með sér alla leið heim í eldhús. Nánari upplýsingar um hótelið má finna á síðunni hotelflatey.is.

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði.

Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**



Landsbankinn


landsbankinn.is

410 4000





Mínir Vestfirðir



Fjölmíðlakonan Eva María Jónsdóttir segir frá sínum Vestfjörðum. Fuglaskoðarar frá Þýskalandi drógu mig fyrst á Vestfirði. Þetta var snemmsumars og ég hafði engan áhuga á fuglum. Ég man að ég las Hundrað ára einsemd í rútunni og leit varla upp fyrsta daginn. Mitt hlutverk var að elda fyrir fuglaskoðarana, allt nema fugla. Eftirminnileg er fyrsta máltíðin á Vestfjörðum, sem var elduð í sjoppuskúr við Brjánslæk. Þar nálægt átti að vera auðvelt að finna steingervinga. Það reyndist rétt og ferðin fór að verða ævintýrleg. Fulgaskoðararnir sáu Suðurfirðina og ég vaknaði hægt og bítandi upp til meðvitundar um þetta land, Vestfirði.

Eftir þetta fór ég í sumarfrí til Vestfjarða. Ég taldi mjög gott ráð til að komast í kynni við fólkið sem bjó þar í afskekktum sveitum og hafði gert um langan tíma, að banka uppá og biðja um vatnssopa. Ég hafði ekkert að bjóða nema gráfíkjur í poka. Einatt tók fólkið vel á móti aðkomukindinni, var tilbúið að spjalla um gamla daga, verðlaunahrúta, innan-sveitarkrónikur og ættartengsl. Flestir af þeim sem tóku á móti mér eru nú farnir til feðra sinna, Oddur á Gili, Sigurjón á Lokinhömrum og Pétur á Ósi, koma strax upp í hugann, að ógleymdum öldungunum



Kitta landpósti og Alla á Laugabóli. Það var gott að vera vatnslaus ferðalangur á þessum árum.

Þegar nýjir og barnungir ferðafélagar bættust í hópinn varð Hænuvík við Patreksfjörð ævinlega fyrir valinu í sumarfríinu. Þar var allt, en þó ekki neitt sem nöfnum tjáir að nefna. Hápunktur dagsins gat verið að fara með tóma vatnsflösku út að læk og ná í vatn. Þetta hljómar kannski ekki spennandi, en var samt skemmtilegra en allir vatnsrennibrautaskemmtigarðar heimsins. Að kveldi dags, var best að herma eftir þýskum fuglaskoðara og kíkja á smávinina, sem vöppuðu í flæðarmálinu á meðan sólin gat ekki gengið til viðar.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á VESTFJÖRÐUM

Friðlandið á Hornströndum

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Horn-ströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild lögreglustjóra. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.
2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, svo og notkun á húsum, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.
3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjósléða, fjórhjóra, dráttarvéla og jeppabíreiða er bönnuð utan vegna og merktra slóða.
4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Hafið fyrirhyggju í klæðaburði og ferðabúnaði, þar sem allra veðra er von.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Úlfar Lúðvíksson

Hornstrandir, Nature reserve

Special attention is drawn to the following rules about the Nature reserve Hornstrandir:

1. All weapons are forbidden to everyone from June until September, unless holding a permission from the District Commissioner. At all other times, hunting/fishing is only permitted to the landowners.
2. Fishing, hunting and the use of private houses is subject to the landowners' permission.
3. All vehicles, such as cross-country, snow mobile, four-wheelers, tractors and jeeps are forbidden outside roads and marked paths.
4. From April 15th until June 15th every year, The Environment Agency of Iceland must be informed about travel in the reserve. This does not apply to landowners.
5. Trekking is permitted in the area. Everyone is obliged to make sure to conserve the ecology, geology and structure of the area. Show foresight in clothing and travel gear, as weather may change at any time.

District Commissioner of the Vestfjords
Úlfar Lúðvíksson



Magnað útsýni af Bolafjalli

Ef leiðin liggur um Bolungarvík á björtum degi væri hreinasta flónska að sleppa því að keyra upp á Bolafjall. Þangað liggur afleggjari frá veginum yfir til Skálavíkur sem er opinn almenningi yfir sumartímann. Vegurinn er talsvert brattur, en þegar upp er komið liggur Bolafjall flatt fyrir fótum ferðalangs og það sem meira er – það virðist allur heimurinn einnig gera. Útsýnið yfir til Jökulfjarða og inn Ísafjarðardjúpi er óviðjafnanlegt í góðu veðri og sumir þykjast jafnvel hafa séð grilla í Grænland þegar skyggni er sem best.

Daily Adventures
on Breidafjörður Bay

- Ferry Baldur to the Westfjords
- Flatey Island

Seatours

Booking number
+354 433 2254

www.seatours.is - seatours@seatours.is

Minjasafn
Egils Ólafssonar

Stórmerkilegt og fállegt safn gamalla muna úr héraðinu.

Þar er meðal annars fjórhúsið frá 1974 og fiskið Mami sem hléar Tímann, fyrri íslenski skipaveiðisgáttin, hannað og smíðað á Ísafirð 1956.

Þjögnumafvélina við Látraborg eru gerð möguleikar á að séstjór eru til sjóns stórmerkilegir hlutir frá Gísla á Úppöllum ásamt fjölmörgum öðrum merkilegum safngripum.

Að Hugini er Þjögnumsafn og þar hefur verið endurreist Vatnagarðskýlið sem stóð í Reykjark.

A staðnum er kaffisetja þar upplagt er að setjast niður og lá sér krossinga.

Opnunartími: 10:00-18:00 alla daga
20. maí - 12. september

Minjasafn Egils Ólafssonar - Hugini Orlygshöfn
Sí: 456-1511 / 456-1515 www.hugini.is - hugini@hugini.is

Gamla gistihúsið

☎ (354) 456 4146
(354) 897 4146
☎ (354)456 4446

gistihus@gistihus.is
www.gistihus.is

Gisting, svefnpökupláss og morgunverður
Opnið allt árið

Mánagata 5, 400 Ísafjörður

Tjaldsvæði Ísafjarðarbæjar



tjald@isafjordur.is



www.isafjordur.is

Ísafjörður

- S: 864-8592
- Opnið: 15. maí -15. september

Flateyri

- S: 450-8460
- Opnið: 15. maí -15. september

Þingeyri

- S: 450-8470
- Opnið: 15. maí -15. september

Dynjandi

- 450-8038
- Opnið: 1. júní -1. september

Tjöldum í sumar



Bláberið í aðalhlutverki

Heimamenn vita að á Vestfjörðum eru mikil berjalönd. Orðspor þeirra hefur reyndar smitast út fyrir kjálkann og sumir gera sér ferð í landshlutann þegar halla fer að hausti gagngert til þess að tína. Súðvíkingar búa til dæmis að góðum berjalöndum. Í sumar munu bæjarbúar bjóða öðrum berjaáhugamönnum á hátíð helgaða hinu holla og næringarríka bláberi, sem er krökkt er af á svæðinu þegar gott er í ári.

Uppskeruhátíðin Bláberjadagar fer fram helgina 26.-28. ágúst og eru gestir hennar hreinlega hvattir til að tína sem mest af þessu ljúffenga beri á meðan á henni stendur. Á föstudagskvöldi verðum gestum boðið að hlýða á tónleika, þeim að kostnaðarlausu, en þar munu meðal annars koma fram Nielson band, Mugison, Skundi litli og Gummi Hjalta. Á laugardegi verður hins vegar efnt til keppni í frumlegum bláberjaréttum. Þegar skorðið hefur verið úr um hver fer með sigur af hólmi geta gestir gætt sér

á góðgætinu á veglegu „pottloks“-hlaðborði, sem allir mega leggja fram bakkelsi á. Einnig verður keppt í bláberjabökuáti, fyllkeppni og hinni nýstárlegu íþróttagrein berjablámbroskeppni. Veitingastaðir bæjarins, Jón Indíafari og Amma Habbý, munu bjóða upp á bláberjatengda matseðla og handverk og ýmsar bláberjaafurðir verða til sölu á markaðstorgi við Melrakkasetrið, en í setrinu verður einnig hægt að fá berjatínslukort fyrir þá kappsömu sem vilja finna bestu staðina. Þá verður boðið upp á bláberjahlaup fyrir hlaupagarpa, fjallgöngur og gönguferðir. Hátíðarhöldum laugardagsins lýkur svo með varðeldi og loks balli í Samkomuhúsinu.

Berjatínarar sem ekki eru þeirrar gæfu aðnjótandi að vera staddir í Súðavík í sumarlok þurfa hins vegar ekki að örvænta, því stefnt er að því að gera hátíðina að árlegum viðburði. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni sudavik.is/blaberjadagar.



Gistu í einu minnsta þorpi landsins

Á Þjóðveldisöld var Borðeyri við Hrótafjörð einn helsti verslunarstaður á Íslandi. Þorpið á sér langa og merka sögu tengda siglingum og verslun og þar stendur eitt elsta uppstandandi hús við Húnaflóa, Riishús. Húsið er frá árinu 1862, þegar fyrsti verslunarstjóri staðarins, Pétur Eggerts, kom til Borðeyrar. Endurbuygging hússins, sem hefur nú þegar mikið aðdráttarafl, stendur yfir um þessar mundir. Um sögu Borðeyrar má frekar fræðast af söguskilti sem reist hefur verið á fjörubakkanum.


Í dag er Borðeyri hins vegar eitt minnsta þorp á Íslandi, með um tuttugu og fimm íbúa. Í þorpinu er starfræktur grunnskóli, leikskóli, girðingafyrirtæki, vélaverkstæði, tjaldstæði og ferðaþjónusta í Tangahúsi, þar sem gestum gefst kostur á því að upplifa einstaka kyrrð og ró í faðmi náttúrunnar í fámennu þorpi.

Tangahús stendur svo til í fjöruborðinu á Borðeyri, svo gestir geta fylgst með fuglalífi eða selum að leik í fjörunni út um gluggana. Gistiheimilið er opið allt árið um kring og býður bæði upp á svefnpokapláss og uppþúin rúm. Í húsinu er gott gestaeldhús og þvottaaðstaða auk þess sem gestir geta nýtt sér stórt kolaútigrill við Tangahús. Þar er einnig salur sem tekur allt að fjörutíu manns í sæti, netaðgangur, skjávarpi og tjald og því tilvalin aðstaða fyrir fundarhöld fjarri ys og þys.

Í sumar verður einnig starfræktur handverksmarkaður og kaffihús í Tangahúsi. Opið verður frá 14 til 17 alla daga frá 10. júní til 20. ágúst. Frá Þjóðvegi eitt í Hrótafjarðarbotni eru einungis átta kílómetrar til Borðeyrar og því auðvelt að gera sér dagsferð í þetta friðsæla þorp.

Sjá nánar á tangahus.is.

Hótel Reykjanes við Djúp



Fyrir líkama og sál

Sundlaug - Heitur pottur	Upplýsingar og pantanir
Veitingar - Matur úr héraði	í síma: 456-4844
Siglingar - Kajak - Köfun	Heimasíða: www.mes.is
Gönguleiðir - Selir - Fuglaskoðun	Netfang: mes@mes.is

Sumarfatnaður
Útivistarvörur
Veiðivörur
Gasvörur

**Reiðhjól!
Fatnaður!
Skór við öll
tækifæri!**






Hafnarbúðin
Sími 456 3245
Opit: Mánudaga-föstudaga 9-18
& laugardaga 10-14

Þrír vestfirskir einleikir á Act Alone

Einleikjahátíðin Act Alone verður haldin áttunda árið í röð dagana 12.-14. ágúst, á Ísafirði, í Dýrafirði og Arnarfirði. Hátíðin er eina leiklistarhátíðin á landinu sem alfarið er helguð einleikjum, en þar er bæði boðið upp á rjómann af nýjstu einleikjum á landinu og sýndir erlendir leikir sem vakið hafa athygli. Nákvæm dagskrá hátíðarinnar verður birt á heimasíðunni



actalone.net í lok júní. Þrír einleikir sem allir tengjast vestfirskri sögu verða á meðal efni í ár. Þeir eru Bjarni á Fönix, Skjaldbakan og síðast en ekki síst Jón Sigurðsson, sem settur er á fjalirnar í tilefni af 200 ára afmæli Jóns. Aðgangur á allar sýningar á Act alone verður ókeypis, eins og hann hefur verið frá upphafi.



Taktu með heim

Langar þig að eiga eitthvað til minningar um Vestfjarðaferðina, annað en upplifanirnar? Hér eru þrjár rammvestfirskar afurðir sem eru tilvaldar til að taka með sér heim í skjatta.

Vinsældir kremanna frá Villimey virðast fara vaxandi með hverju ári. Kremin eru enda alveg stútfull af jurtagaldri, en jurtirnar sem ljá þeim töfra sína eru handtíndar við Tálknafjörð og Arnarfjörð. Smyrslin eru lífrænt vottuð og innihalda engin rotavarnarefni, ilm- eða litarefni. Krem eins og Sára Galdur og Vöðva- og liða Galdur eru orðin ómissandi á hillum margra og Vara Galdur fer bæði vel í vasa og á allra vörum. Unga Galdur er nýjasta afurð Villimeyjar, en þar er um að ræða nuddolíu fyrir ungabörn - þó eldri Villimeyjaradáendur láti nafnið ekki aftra sér frá því að laumast í flöskuna.

Harðfiskur á sér aldalanga sögu á Vestfjörðum þar sem hefðbundnar verkunaraðferðir hafa gengið mann fram af manni. Vindpurkkaður harðfiskur er því ekki bara ljúffengur matur heldur líka söguleg afurð. Ekki spillir heldur að þessi þjóðarfæða Íslendinga, ef svo mætti kalla, er meinholl – þó smjörklípan sem margir vilja innbyrða með henni spilli kannski einhverju þar um. Hafa má í huga að harðfiskur er kælivara og því er best að kaupa hann þar sem hann er geymdur í kæli eða frysti.

Hvað er betra að taka með sér heim – og jafnvel alla leið upp í rúm – en brot úr vestfirsku mannlífi? Hver og ein af þeim hátt í þrjú hundruð bókum sem Vestfirski forlagið hefur gefið út á síðustu árum getur staðið undir því verkefni. Í ritróðum á borð við Frá Bjargtöngum að Djúpi og Mannlífi og saga fyrir vestan, koma við sögu margir óborganlegir vestfirskir karakterar, en einnig er hægt að fá vestfirskar þjóðsögur og vestfirska myndni með sér heim í poka. Í öllum bókunum er lögð áhersla á að blanda saman blíðu og stríðu, gamni og alvöru, líkt og í mannlífinu almennt.

1897

Café Riis

Hólmavík

Restaurant
Bar - Pizza

Bragginn

*Tilvalinn áningarstaður
á leið um Vestfirði*

*Tökum að okkur veislur,
afmæli, fundi, ráðstefnur o.fl.*

Opnunartími í sumar:
frá kl. 11:30 - 22:00 virka daga
frá kl. 11:30 - 03:00 um helgar

Alabborð öll laugardagskvöld

Kafnarbraut 39 - 510 Hólmavík
Sími: 461 3567 - 897 9766
Nétfang: caferiis@caferiis.is
Veffang: www.cafერიis.is



Með leiðsögumanninn í vasanum

Í tveimur þorpum á Vestfjörðum, Bíldudal og Flateyri, er í boði nokkuð nýstárleg leiðsögn um bæina þar sem ferðamenn hafa leiðsögumanninn bókstaflega í vasanum. Um ræðir verkefni þar sem ferðamenn fá til afnota mp3-spilara með rafrænni leiðsögn, sem hver og einn getur notið með því að fá sér göngutúr á eigin hraða um svæðið.

Félagið Hús og fólk á veg og vanda af leiðsögninni á Flateyri þar sem jafnframt hefur verið komið upp sextán söguskiltum sem tengjast leiðsögninni víðsvegar um bæinn. Á mp3-spilurum sem hægt er að fá til afnota á bensínstöðinni og í gömlu bókabúðinni er að finna leiklesnar sögur og frásagnir sem tengjast þorpinu, mannlífínu og viðburðum. Leikarinn Elfar Logi Hannesson leiklas sögurnar í upptökuverinu Tankinum, sem einmitt er til húsa í gömlum lýsistanki, á Flateyri. Rafræna leiðsögnin er heilir fjórir tímar í sautján köflum, en auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að stytta sér leið á milli kafla.

Verkefnið Menning og saga á Bíldudal er hugarústur Birnu Hannesdóttur, sem samdi efnið í samvinnu við áður nefndan Elfar Loga, en hann sá einnig um leiklestur þess. Hringferðin tekur um klukkutíma og er lagt upp frá veitingastofunni Vegamótum. Þar er meðal annars fjallað um Bíldudalskónginn Pétur Thorsteinsson, sem átti stóran þátt í uppbyggingu þorpsins. Þá eru sögufrægum húsum á borð við Vegamót, Hrútakofann og Langaskúr gerð skil, sem og sögu Matvælaíðjunnar sem seldi og framleiddi hinar sívinsælu Bíldudals grænar baunir. Ferðinni lýkur á Tungunni, þar sem meðal annars er að finna minnisvarða um einn frægasta Bílddælinginn, listamanninn Mugg.

Rafrænu leiðsögumennirnir eru skemmtileg nýjung sem margir hafa nýtt sér og tilvaldir fyrir þá sem vilja fræðast um þorpin og sögurnar þeirra á eigin forsendum.



Á lygnum sjó

Vestfirðir hafa upp á ótalmargt að bjóða fyrir ferðalanga sem vilja sleppa takinu á stressi og amstri hversdagsins og hvíla hugann. Heitar náttúrulaugar og tímalaus kyrrðin á fjallstoppum kjálkans gera kraftaverk. Sumir vilja hins vegar meina að ekkert jafnist á við kajakróður á sléttum firði á sumarkvöldi.

Það er ólýsanleg upplifun sem enginn ferðalangur ætti að láta fram hjá sér fara að dóla sér á kajak meðfram strandlengjunni með öldugjálfur í eyrum, á meðan sjófuglar sýna fluglistir sínar og sól sígur í logandi sæ. Á Vestfjörðum eru í boði

fjölmargar kajakferðir, jafnt fyrir þau reynda kajakræðara og þá sem aldrei hafa dýft ár í sjó. Kajakleigur eru víða og því ætti að vera lítið mál að bóka ferð fyrir fjölskylduna í fylgd reyndari ræðara, sem kenna nýgræðingum listina og beina þeim inn á fallegustu brautirnar.

Meðal óskasvæða kajakræðara á Vestfjörðum eru Vatnsfjörður á Barðaströnd, Önundarfjörður, Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir.

Upplýsingamiðstöðvar á svæðinu geta veitt upplýsingar um kajakleigur og kennara á hverjum stað fyrir sig.

Góðan róður.



Listahátíð í Bolungarvík

Listahátíðin Æringur leggur Bolungarvík undir sig í byrjun júlí, þegar ungir myndlistarmenn frá Íslandi, Svíþjóð, Noregi og Belgíu halda innreið sína í bæinn. Æringur er nú haldinn í annað skiptið, en fyrsta hátíðin fór fram á Stöðvarfirði í fyrra. Ætlunin er að hátíðin haldi áfram að ferðast um landið og skjóti rötum á nýjum stað á hverju sumri.

Hátíðin var sett á laggirnar með það fyrir augum að kynna ungum myndlistarmönnum alla þá fjölmörgu möguleika sem landsbyggðin hefur upp á að bjóða. Eftir að hafa dvalist á staðnum í tvær vikur, kynnt sér staðinn og sögu bæjarins og unnið þar verk út frá upplifunum sínum, setja myndlistarmennirnir upp sýningu. Sýning Ærings í ár mun opna í Bolungarvík 2. júlí, á sama tíma og Markaðsdagar eru haldnir hátíðlegir í bænum. Í vikunni fyrir opnunina munu skáld og namar í ritlist í HÍ standa fyrir upplestrum í bænum.

Nánari upplýsingar má fá á síðunni: aeringur.wordpress.com.

TÁLKNAFJÖRÐUR

Góð þjónusta í fallegum bæ

- Eitt besta tjaldsvæði landsins
- 25m. útilaug með rennibraut og heitum pottum
- Fjölmargar gönguleiðir í stórkostlegri náttúru
- Náttúrulaug í fjallasal með fögru útsýni



456 2639
www.talknafjordur.is

BOLUNGARVÍK

dagur í Bolungarvík líður hratt...



Óshólaviti



Löndun í Bolungarvíkurhöfn



Bolafjall



Smábátahöfnin



Náttúrugripasafnið



Dorgað í höfninni



Sjóminjasafnið Ósvör



Grill og fjör á tjaldsvæðinu

Til minnis!

- * Náttúrugripasafnið er opið frá 9 til 12 og 13 til 17 virka daga, en frá kl. 13 til 17 um helgar
- * Sjóminjasafnið Ósvör er opið alla daga frá 10 til 17
- * Sundlaugin er opin frá 8 til 21 mánuðaga til föstudaga og frá 10 til 18 laugardaga og sunnudaga
- * Frábært tjaldsvæði við ána á bakvið íþróttahúsið og sundlauginna með útiгрilli, þvottaadstöðu o.fl.
- * Veitingastadir - verlanir - gisting - smyrting
- * Gönguferdir í dalina - fjöruna - surtarbrandsnámuna
- * Ökuferd á Bolafjall og í Skálavík



Bolungarvík séð frá Ósvör



Vatnsrenniþrautin í sundlauginni



Góð veiði úr Svöðrídalsvatni

www.bolungarvik.is • www.osvor.is • www.natturugripasafn.is

Vestfirðir verðlaunaðir



Vestfirðir hlutu síðastliðið haust EDEN ferðamálaverðlaunin, fyrstir áfangastaða á Íslandi. EDEN stendur fyrir „European Destination of Excellence“ og við val áfangastaðanna sem hljóta verðlaunin er lögð áhersla á sjálfbæra ferðaþjónustu. Árið 2010 var þetta vatns- og sjávar tengd ferðaþjónusta, en það var fyrir tilstuðlan Vatnavina Vestfjarða sem Vestfirðir tóku þátt í verkefninu. Vatnavinir er samstarfshópur í heilsutengdri ferðaþjónustu þar sem landeigendur, ferðaþjónar, stjórnsýsla og aðrir áhugamenn á Vestfjörðum vinna í nánú samstarfi að því að þróa vestfirskt aðdráttarafi á heimsvísu tengt náttúru, heilsu, baðmenningu og vatni.

Verðlaunahafar eru valdir út frá frumlegri nálgun að ferðaþjónustu og að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í starfi sínu. EDEN verðlaunin miða að því að auka sýnileika framúrskarandi áfangastaða sem oft eru lítt þekktir. Vestfirðir voru í hópu tuttugu og fimm áfangastaða um gjörvalla Evrópu til þess að hljóta verðlaunin.

„Þessir 25 afburða staðir bera virðingu fyrir náttúrunni og vinna á umhverfissvænan hátt til að varðveita vistkerfið fyrir komandi kynslóðir. Þessir staðir, sem flestir eru við strandir, vötn eða ár, leggja áherslu á frumlega nálgun í vatnaferðamennsku sinni. Ekki aðeins til að koma gæðum landsins á framfæri heldur einnig til að takast á við árstíðabundin vandamál og til að koma jafnvægi á straum ferðamanna til óhefðbundinna áfangastaða,“ sagði Antonio Tajani, varaforseti Evrópunefndar sem fer fyrir málefnum iðnaðar og frumkvöðla-starfsemi.

Verðlaunin hafa þegar vakið athygli á Vestfjörðum sem áhuga-verðum áfangastað og renna enn styrkari stoðum undir orðstír svæðisins sem óspilltrar náttúru-perlu.

Sumartími á Skjaldborg

Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildamynda fagnar fimm ára afmæli í ár. Hátíðin er að vanda haldin á Patreksfirði og stendur yfir frá 10. til 12. júní. Auk þess að frumsýna nýjar íslenskar heimildamyndir er hátíðinni ætlað að vera tækifæri fyrir kvikmyndagerðarfólk og áhugamenn um heimildamyndir til að koma saman. Skjaldborg sýnir heimildamyndir sem kæmu annars varla fyrir augu almennings og ber „jafna virðingu fyrir hinu smáa, stóra, skrytna og fokdýra“, að því er aðstandendur hátíðarinnar segja.

Ókeypis er á allar bíósýningar, en fyrir 3.000 krónur fá gestir hins vegar aðgang að dýrðlegri sjávarréttaveislu og öli í Sjórnæingjahúsinu á Patreks-



firði, plockfisk og strandpartíi. Þá munu hátíðargestir allir stilla úr sín á gamla sumartímann og hegða sér samkvæmt honum á meðan hátíðin stendur yfir.

Í lok hátíðarinnar verður besta heimildamyndin á Skjaldborg 2011 valin af áhorfendum. Leikstjóri hennar hlýtur aðalverðlaunin, smíðuð af smíðakennara bæjarins.

Nánari upplýsingar má nálgast á síðunni skjaldborg.com.



...því að keyra um Óshlíðina. Bolvíkingar fögnuðu jarðgöngunum frá Bolungarvík til Hnífsdals í vetur, enda um ótrúlegar samgöngubætur að ræða fyrir alla þá sem eiga erindi þangað. Ef leiðin liggur til Bolungarvíkur í sumar er hins vegar ómissandi að prufukeyra göngin glæsilegu aðra leiðina, en fara gamla veginn um Óshlíðina í hina áttina. Sumir

vilja meina að orðið „ægifagurt“ hafi einmitt verið fundinn upp um þá stórbrotnu hlíð. Vegurinn er enn sem komið er í ökufæru ástandi og þó hann sé síður árennilegur um vetur ætti það að vera vandkvæðalaust að aka hann í sumar. Aðaláskorunin verður eflaust að halda augunum á veginum góða, í stað þess að stara upp í skorna tindana.



Einstök sýning í Haukadal

Sýningin Einstök sýning – Listamaðurinn með barnshjartað opnar á Gíslastöðum í Haukadal í Dýrafirði í júlí. Þar er einstakri myndlist og leiklist gerð skil. Verk þriggja vestfirskra einfara í íslenskrum myndlist verða til sýningar, þeirra Samúels Jónssonar í Selárdal, sem oft var kallaður listamaðurinn með barnshjartað, og hjónanna frá Hofi í Dýrafirði, Gunnars Guðmundssonar og Guðmundu Jónu Jónsdóttur.

Þá verður einnig sett upp sérstök sýning um sögu einleiklistarinnar á Íslandi, en þetta sérstaka form leiklistarinnar hefur verið sérlega áberandi í vestfirsku leikhúslífi, ekki síst hjá Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði. Verðlaunaeinleikurinn Gísli Súrs-son verður sýndur í tengslum við sýninguna á þessum heimavelli kappans.

Sýningin stendur yfir frá 1. júlí til 24. júlí og verður opin frá 14-16.







Frábær staður til að heimsækja

- Fjötbreytt dýralífi
- Fjölskipt gönguleiða
- Óflög ferðaþjónusta
- Innviðisdagar 19. - 20. ágúst
- Bláberjaldagar 26. - 28. ágúst



**Sjáumst í
Súðavík**
www.sudavik.is










Byggðasafn Vestfirða

Westfjords Heritage Museum

Ísafjörður - sími / tel.: 456 3297 - 896 3291 - byggdasafn@isafjordur.is



15. maí - 15. september
kl. 9 - 18

Aðgangseyrir:
Fullorðnir: kr. 550
Eldri borgarar: kr. 450
Ókeypis fyrir grunnskólaaldur

May 15th - Sept 15th
9 - 18

Admission fee:
Adults kr. 550
Seniors: kr. 450



www.nedsti.is

GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

Melrakkasetur Íslands The Arctic Fox Centre

Eyrardal – Súðavík
Tel. +354 456 4922
www.melrakki.is



EXHIBITION ARCTIC FOX

Opið frá 10-22 frá 1. júní til 15. ágúst.
Opið skv. samkomul. á öðrum tímum.

Open all days 10-22 from June 1st to
August 15th During winter: by agreement

Kaffihús – Veitingar – Internet
Leikhús – viðburðir – fundaaðstaða
Café – Beer – Snacks – Internet



HEFUR ÞÚ SÉÐ MELRAKKA?

Nýtt Gistiheimili á Suðureyri



17 herbergi með uppþúnum rúmum
- morgunverður innifalinn

- Göngufæri í einu útisundlaug Ísafjarðarbæjar
- Aðstaða fyrir barnafólk
- Þráðlaust internet
- Hentar vel jafnt fyrir einstaklinga, fjölskyldur eða hópa

Nánari upplýsingar á:
www.66guesthouse.is • gisting@66guesthouse.is • Sími 456 5566



Eitthvað fyrir alla!

– fimm mismunandi ferðir um Vestfirði

Á ferðalagi um ókunn svæði er margt að sjá og heyra, finna og bragða. Allir sem lagt hafa land undir fót með einn eða fleiri ferðafélaga upp á arminn vita að sitt sýnist hverjum um hvað er áhugaverðast á hverjum stað. Á svæði eins og Vestfjörðum, þar sem svo mikið er í boði, verður vart hjá því komist að velja og hafna möguleikum í hverri ferð og geyma aðra þar til snúið er aftur. Hví ekki að velja ferðinni ákveðið þema? Taka golfsettið með eitt árið, en hampa kíkinum í næstu heimsókn og skoða fugla og fiðurfé? Þræða kaffihúsin í vetrarheimsókninni en sundlaugarnar næsta árið? Eftirfylgjandi eru tillögur að nokkrum þemaferðum um Vestfirði, þó eflaust mætti lengi bæta við slíkar uppástungur, allt eftir kenjum hvers og eins.



Með kíkin á nefinu: ferð fuglaskoðarans

Sé lagt af stað í ferðalag með það fyrir augum að skoða fugla hlýtur Látrabjarg, þessi vestasti oddi Íslands og Evrópu allrar, að tróna efst á lista yfir áfangastaði. Bjargið er fjórtán kílómetra langt, frá nesoddanum Bjargtöngum í vestri til Keflavíkur í austri, þó að vestasti hluti þess sé hið eiginlega Látrabjarg. Það er stærsta og þéttsetnasta sjávarbjarg landsins og er jafnframt talið eitt stærsta fuglabjarg heims, ef ekki það stærsta.

Sjón er sögu ríkari hvað varðar fuglalífið í Látrabjargi. Í bjarginu er stærsta álkubyggð heims, en þó eru það oftast en ekki félagslyndir lundar sem mynda móttökunefnd ferðamanna við Látrabjarg og kippa sér lítið upp við umgang forvitinna ferðalanga. Polinmóðir gestir geta meira að segja prófað að mjaka sér nálægt móttökunefndinni á maganum og ef heppnin er með þeim náð að snerta

lundann áður en hann flýgur sína leið. Auk lunda og álka verpa í bjarginu fýlar, langvíur, stuttnefjur og ritur.

Ferðalangar, ekki síst þeir sem ferðast með börn, verða þó að hafa í huga að fara sérstaklega varlega á bjargbrúninni, þar sem jarðvegurinn getur gefið eftir.

Hornbjarg og Hælavíkurbjarg á Hornströndum eru ekki síður tilkomumikil sjón og gósenland fyrir fuglaskoðara. Í Hælavíkurbjargi er til dæmis talin vera stærsta svartfuglabbyggð landsins, á meðan langvían hefur höfuðstöðvar sínar í Hornbjargi.

Fuglalíf Vestfjarða má hins vegar virða fyrir sér víðar en í björgunum stóru. Á leirum í Breiðafirði koma um 160 þúsund rauðbrystingar við á leið sinni til Grænlands og Kanada en þar eru sömuleiðis miklar líkur á því að fuglaskoðarar fái að sjá konunginn sjálfan, örninn. Á eyjum í Breiðafirði



Á milli teiga: ferð golfarans

Á Vestfjörðum eru sex golfvöllir þar sem kyflingar geta varið deginum í góðu yfirlæti. Þegar lagt er í golfferð um Vestfirði er fyrsta mál á dagskrá að úrskurða hvorn hringinn skal haldið – hvort ferðin hefjist á Patreksfirði eða Hólmavík.

Á Hólmavík er Skeljavíkurvöllur, þar sem Golfklúbbur Hólmavíkur ræður ríkjum. Klúbburinn er stofnaður árið 1994 og hefur sótt í sig veðrið á síðustu árum. Þessi níu hulu völlum gekk til að mynda í endurnýjun lífdaga í fyrri, þegar nýir teigar voru gerðir á nokkrar brautir. Þar þurfa kyflingar að slá yfir vog, umtalsverða leið yfir sjó eða fjöru til að komast inn á braut. Í fyrri var sömuleiðis reistur nýr golfskáli – ef einhver úr ferðahópnum skyldi frekar vilja njóta veðurblíðunnar sitjandi en á vellinum sjálfum.

Næsta stopp á golfrúntinum yrði Tungudalsvöllur á Ísafirði, sem er þriðja aðsetur Golfklúbbs Ísafjarðar frá því að félagið var stofnað vorið 1943. Aðalvöllurinn er níu holur og þykir krefjandi og skemmtilegur,

verpir þórshani, en í Reykhólasveit má sjá flórgoðann. Lómurinn er hálfgerður einkennisfugl tjarna og vatna á láglendi á Vestfjörðum, en frænda hans, himbrimann, má hins vegar hitta fyrir á hálendisvötnum.

Fuglalíf er sömuleiðis mikið í Vigur og Æðey. Í Vigur er hægt að fá leiðsögn um æðarvarp, kríuvarp, teistuvarp og lundabyggðir. Þeir sem hafa áhyggjur af höfuðleðri sínu þurfa þó ekki að óttast – innifalinn í leiðsögninni eru nefnilega prik til að verjast árásum ofbeldishneigðra kría. Sömuleiðis er boðið upp á ferðir í Grímsey á Steingrímsfirði og í Skálseyjar og því af nógu að taka fyrir þá sem kjósa helst að ferðast með kíkin á nefinu.

Ekki missa af...

...Hlunnindasýningunni á Reykhólum. Þar geta gestir meðal annars kynnt sér nýtingu æðarfugls og annarra fuglategunda á öldum áður - enda var svæðið í kringum Breiðafjörð sannkölluð matarkista landsins.





enda í fjölbreyttu landslagi. Byrjendur þurfa hins vegar ekki að örvænta, því einnig er hægt að leika nýjan sex holu völl sem hæfir þeim sem styttra eru komnir í íþróttinni. Ekki spillir heldur fyrir ánægjunni að Tungudalsvöllur er staðsettur í veðursældinni í samnefndum dal, en þangað flykkjast Ísafirðingar á góðviðrisdögum. Í reisulegum golfskála er svo að finna allt frá veitingasölu til golfsettalegu.

Þá liggur leiðin í gegnum göngin nýju, til Bolungarvíkur. Þar hefur Golfklúbbur Bolungarvíkur aðsetur á Syðridalsvelli. Hann var formlega tekinn í notkun árið 2002 og hafði þá verið breytt úr hefðbundnum níu holu velli yfir í völl með tvöföldu teiga-setti. Hann er viðurkenndur sem átján holu völlum hjá Golfsambandi Íslands. Syðridalsvöllur er jafnframt sá völlum landsins sem kemst hvað næst því að vera ekta strandvöllur.

Frá Bolungarvík er haldið til Þingeyrar, þar sem Meðaldalsvöllur bíður kylfingsins. Þar ræður ríkjum Golfklúbburinn Gláma, stofnaður 1991. Meðaldalsvöllur hefur hlotið afskaplega góða dóma kylfinga og þykir afar skemmtilegur. Hann er níu holar og er að finna í Meðaldal í Dýrafirði, um fimm kílómetra frá þorp-inu sjálfu.

Þá eru eftir vellirnir tveir á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrst tekur Litlueyrarvöllur á Bíldudal, heimavöllur samnefnds Golfklúbbs, á móti ferðalangnum þegar hann

hefur lagt Arnarfjörðinn að baki. Litlueyrarvöllur er níu holar og þykir ekki síður skemmtilegur en nágrenni hans norðan heiða.

Á Patreksfirði bíður svo síðasti völlum Vestfjarðahringins, Vesturbotnsvöllur. Hann er að finna í landi Vesturbotns, um tíu kílómetra frá þorp-pinu sjálfu. Völlurinn er níu holar og mun vera sérstakur að því leyti að allar brautir hans liggja annað hvort að eða frá golfskalanum. Þaðan sjást því allar brautir. Töluvert landslag er sömuleiðis á vellinum.

Punktaðu hjá þér!

Golfklúbbur Hólmavíkur
s. 892 4687,
Benedikt Pétursson eða
892 2107,
Guðmundur Viktor Gústafsson.

Golfklúbbur Ísafjarðar
s. 456-5081.

Golfklúbbur Bolungarvíkur
s. 867 0395,
Rögnvaldur Magnússon.

Golfklúbburinn Gláma, Þingeyri.
S. 896 2879,
Jóhannes K Ingimarsson.

Golfklúbbur Bíldudals
s. 896 2194,
Ólafía Björnsdóttir.

Golfklúbbur Patreksfjarðar
s. 846 1362,

Um fjöll og firnindi: ferð göngugarpsins

Það gefur auga leið að göngugarpinum á ekki að þurfa að leiðast á Vestfjörðum. Hann gæti raunar unað sér við fjallgöngur árum saman, enda ekki þverfótað fyrir skemmtilegum gönguleiðum og fjöllum til að klífa. Hér er því ógerlegt með öllu að birta tæmandi lista, en nokkrar miserfiðar göngur er þó hægt að tína til. Göngugarpar ættu hins vegar alltaf að hafa öryggið á oddinum – kynna sér

fyrirhugaða leið vel og vera vel búnir af bæði nesti og ekki alveg nýjum skóm.

Þó að undirlendi á Vestfjörðum sé lítið og ekki þverfótað fyrir fjöllum eru þau flestöll frekar lág. Skaginn á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar státar hins vegar af hærri tindum, enda er fjalllendið stundum kallað vestfirsku Alparnir. Konungur svæðisins er Kaldbakur, hæsta fjall Vestfjarða. Það

telur 998 metra – en þeir sem ólmir vilja komast upp fyrir þúsund metrana geta teygst sig þangað með því að þrjú upp á vörðuna á toppi hans. Þó gangan sé alltaf ánægjuleg bætir gott og bjart veður miklu við upplifunina á toppinum, því útsýni frá Kaldbaki er einstakt.

Auðveldasta gönguleiðin á Kaldbak liggur úr Fossdal í Arnarfirði. Leiðin þangað er þó illfær lágum fólksbílum. Einnig er hægt að ganga úr Kirkjubólssdal, um Kvennaskarð og

koma. Þeir sem vilja geta haldið aftur til baka, en einnig er hægt að aka í Selárdal frá Bíldudal.

Þá á eftir að nefna gósenland göngufólks – Hornstrandir í allri sinni dýrð. Ekki er síður um auðugan garð að gresja þar og fleiri möguleikar í boði en hægt er að ímynda sér. Ferðaskrifstofur bjóða upp á ýmsar dagsferðir sem og lengri ferðir og siglt er til Hornstranda frá Ísafirði, Bolungarvík og Norðurfirði á Ströndum. Fyrir þá allra æstustu er



þaðan upp á topp, en það er öllu lengri ganga. Þeir sem vilja klífa konung vestfirsku Alpana en telja sig ekki nógu undirbúna geta í staðinn farið í skipulagðar gönguferðir á toppinn. Ferðaskrifstofurnar Vesturferðir og North Explorers eru á meðal þeirra sem gera út leiðangra á toppinn.

Á sunnanverðum Vestfjörðum

heldur ekkert sem stendur í vegi fyrir því að kaupa sér far með áætlanabát og ráfa um Hornstrandir á eigin hraða með tjaldið á bakinu.

Gönguhrólfar mættu hafa í huga að hafa samband við upplýsingamiðstöðvar á svæðinu áður en lagt er í hann. Þær geta veitt ítarlegri uppýsingar um gönguleiðir og aðstæður.



Stingdu á þig...

...göngukortunum sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út. Þau eru frábær í bakpokann og fást víða. Gefin hafa verið út sjö kort sem saman gera skil yfir 300 göngu- og reiðleiðum á Vestfjörðum.

Framhald á næstu síðu →



Skoðaðu...

...heimasíðu Vatnavina, sem stefna að því að gera Vestfirði að náttúruaugaparadís. Á vefnum sundlaugar.is er líka að finna digran sjóð upplýsinga fyrir ferðalanga sem vilja verja sem mestum tíma í bleyti.

Í bleyti: ferð sundmannsins

Íslendingar eru sunddóð þjóð – sem hlýtur að teljast afskaplega skiljanlegt miðað við allan þann fjölda glæsilegra sundlauga sem ferðalangar geta dýft sér í á leið sinni um landið.

Vestfirðir státa af mörgum fínum sundlaugum og sundhöllum, allt frá sundlauginni á Drangnesi við Steingrímsfjörð til hinnar glæsilegu sundlaugar á Patreksfiði, með viðkomu í sundlaugum Ísafjarðarbæjar, sundlaug Bolungarvíkur og Byltu á Bíldudal, svo einhver dæmi séu nefnd. Ferðalangar á norðurhluta Vestfjarða geta

haft í huga að sundlaugin á Suðureyri er eina útisundlaugin í Ísafjarðarbæ, en laugin í Bolungarvík státar hins vegar af potti og rennibraut undir beru lofti. Þá þykir sundlaugin á Tálknafirði sömuleiðis stórskemmtileg fyrir börn, enda rennibraut og vaðlaug fyrir krakkana til að busla í.

Það er þó jafnvel enn meira spennandi að fara út fyrir troðnar slóðir og leita uppi laugarnar sem láta lítið fyrir sér fara úti í náttúrunni. Frá hinni barnvænu Flókalundi í Flókalundi á Barðaströnd er til dæmis ekki langur

gangur að Hellulaug í fjöruborðinu. Sundsprettur í Krossneslaug á Norðurfirði á Ströndum líður ferðamönnum seint úr minni. Sundlaugin kúrir rétt við sjóinn, svo þegar legið er við bakkann er engu líkara en laugin renni saman við sjálft Atlantshafið – þó hitastigið ætti að gefa ákveðnar vísbendingar um að svo sé ekki.

Það er ekki heldur úr vegi að sækja Reykjafjarðarlaug í Arnarfirði heim. Hún er rétt við þjóðveginn og hægt er að hafa fataskipti í litlum kofa á laugarbakkanum. Rétt ofan við

sjálfa laugina er svo að finna hlaðna setlaug. Sú er nokkru heitari, en þó ættu flestir að þrífast vel í henni um einhvern tíma.

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er sundlaug sem flokkast í raun frekar sem stærsti heiti pottur á landinu, enda heilir fimmtíu metrar á lengd.

Pollurinn á Tálknafirði á sér sömuleiðis tryggja aðdáendur, enda ekki óvenjulegt að deila þar notalegri kvöldstund með sauðfé og öðru dýralífi, þó það hætti sér venjulega ekki ofan í pollinn. Með útsýni niður

Á söguslóðum: ferð bókaormsins

fjallshlíðina og út á fjörð er varla hægt að hugsa sér betri slökun eftir annarsaman dag.

Vestfirðir eru ekki síður kjörlendi fyrir bókaorminn en göngugarpinn eða sundmanninn. Náttúruvegurð svæðisins og dulúðlegt andrúmsloft hefur ratað inn á margar bókarsíður í gegnum tíðina og á öldum áður hlupu hetjur um hlíðarnar.

Áhugamenn um Íslendingasögur geta lagst í lestur og fetað í fótspor horfinna hetja. Á Reykhólum höfðu kapparnir Grettir Ásmundarson og fóstbræðurnir góðu Þormóður Kolbrúnarskáld og Þorgeir Hávarsson vetursetu saman, en þeir félagar voru hins vegar bornir og barnfæddir í Ísafirði í samnefndu djúpi. Um ævintýri þeirra má lesa í Fóstbræðra sögu, sem er einn hluti Vestfirðingasagna, svokallaðra. Þar er einnig að finna Hávarðar sögu Ísafirðings.

Frægasta Íslendingasagan úr vestfirsku umhverfi er hins vegar Gísla saga Súrssonar, þriðja sagan í áður nefndum flokki. Gísli ól manninn á

Hóli í Haukadal í Dýrafirði þar til að röð óheppilegra atburða leiddi til þess að hann var gerður útlægur. Geirþjófsfjörður í Arnarfirði er hins vegar meginsögusvið Gísla sögu Súrssonar, þar sem Auður kona Gísla átti bæ sinn. Hergilsey á Breiðafirði fer einnig með viðamikla rullu í sögunni og flestir sem hana hafa lesið minnst Ingjaldsfiðlsins viðfræga. Í Geirþjófsfirði má sjá bæjarústir sem taldar eru tilheyra bæ Auðar, en sömuleiðis tóftir sem gætu verið af fylgsmi Gísla Súrssonar. Samkvæmt sögunni var Gísli svo urðaður neðan við Einhamar, þar sem hann lét loks líf sitt eftir hetjulegan bardaga. Í klettinn er höggvin rúnaáletrun til minningar um hjúin Gísla og Auði. Þeir allra forvitnustu geta svo pantað sér leiksýningu á einleiknum Gísla Súrssonar hjá Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði, en hann hefur verið sýndur 250 sinnum frá frumsýningu árið 2005 við afar góðar undirtektir.

Ef einhverjum bókaormum hrýs hugur við því að demba sér í Íslendingasagnalestur í fríinu er um auðugan garð að gresja í öðrum hillum á bókasafninu líka. Þeir sem



ætla sér í ferðalag um suðurhluta Vestfjarða getu til dæmis kippt með sér Svartfugli Gunnars Gunnarssonar og fræðst um morðin á Sjöundá og örlög þeirra Bjarna og Steinunnar. Himnaríki og helvíti Jóns Kalmans Stefánssonar gerist í ónafngreindu þorpi á Vestfjörðum, þar sem himinn og haf mætast og há jafnvel baráttu, og gæti blásið ferðalöngum skáldlegan anda í brjóst. Ef leiðin liggur til Hesteyrar í Jökulfjörðum (og ferðalangurinn hefur nokkuð sterkar

taugar) má kippa með sér nýútkominni spennusögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, sem gerist einmitt þar. Bók Hrafns Jökulssonar, Þar sem vegurinn endar, fjallar aftur á móti um lífið í hinum afskekktu Árneshreppi á Ströndum.

Kipptu með þér...

...Íslendingasögu á hljóðbók í bílinn. Fræðandi og miklu skemmtilegra en útvarpið!

Attention all travellers!


Reading local literature is an ideal way to give yourself a full and rich experience of our beautiful Westfjords region, and to understand better how the impressive natural environment has shaped our people, their way of life, and their sense of humour.

It is our wish and purpose to provide travellers with broad range of tales that will enchant their journey. The vivid description of Westfjords life within these tales is also suited to the armchair traveller. The tales are of both a humorous and serious nature, as can be said about life itself.


“It may be said that black humour and a degree of sarcasm are evident in the character and manner of the people of the Westfjords, who are not averse to poking fun at themselves or their best friends. A great deal of affection is to be detected in this behaviour and it warms people’s hearts when they have been mercilessly mocked by their friends. Then they know that they are being remembered.

The locals of the Westfjords have been toughened by their environment and they have endured rough conditions for hundreds of years. They have lived off fish and other bounty that the sea has brought when other Icelanders starved to death or fell victim to plagues. They are more stubborn than sheep and to this day they believe that their proximity to the fishing grounds will save them as before.”

So writes Mr. Pétur Bjarnason from Bildudalur in Arnarfjörður, a former Director of Education for the Westfjords.



These books are for sale in bookshops and many other shops across Iceland and the price is 2,400,- kr. each book.



Vestfirská forlagið

Upp með Vestfirði!

☎ 456-8181 - jons@snerpa.is

Opnunartími Flateyrarlaugar
í sumar

Mánudaga - föstudaga: 10 - 21
Helgar: 14 - 18



ÍSAFJARÐARBÆR

Félagssbær
Félags- og menningarmiðstöð Flateyri

- > Kaffihús
- > Alþjóða brúðsafnið
- > Purka handverk

Opið
11:00-17:00
alla daga
júní - júlí - ágúst

Sími: 456 7710 / 866 4642

Verzlunin Bræð
verður opin í su

Gamla bókabúðin og heimilið
frá öndverðri síðustu öld til

Opið 11-17 þri-lau, 14-17 á sun
Sími: 699 3936 - bokabudinfl

FLATEYRI OG ÖN




Bakkabúðin ehf Flateyri
Opið alla daga
Sími: 456 7878



Íbúðir til leigu Flateyri
Sími: 847 7793



Sölvahús á Flateyri
Sími: 860 6062



Hádegisverður
Kvöldverður
Bar og böll

VAGNINN Sími 456 7751

Sjóstangveiði á Blossa ÍS-125 frá Flateyri
Átta farþegar auk leiðsögumanns og skipstjóra



Sími: 861 4230 eða 863 7671
blossiis125@simnet.is
www.blossi.net




Brynjukot Ránargötu
Gisting - Accommodation
Tel: 456 7762 - 861 89

urnir Eyjólfsson
imar
 kaupmannshjónanna
 sýnis
 nudögum og eftir samkvomulagi
 ateyri@gmail.com

Alþjóða brúðusafnið
 Sími: 699 3936

Hús og fólk
 Rafrænn leiðsögumaður um Flateyri
 Sími: 699 3936

FUNDARFJÖRÐUR



Flateyri til leigu

Korpudalur Hostel

- Gisting
- Uppbúin rúm eða svefnpokapláss
- Tjaldsvæði
- Inniaðstaða
- Borð og stólar
- Gasgrill
- Fuglaskoðun
- Gönguleiðir

Sími: 456 7808
 korpudalur@centrum.is

HOLT FRÍÐARSETUR
 KIRKJU- OG MENNINGARMIDSTÖÐ OG FERÐAÞJÓNUSTA

GISTING
 FUNDAR- OG VEIÐSLUSALIR
 RÚM FYRIR YFIR 20 MANNS

OPIÐ ALLT ÁRIÐ
 KJÖRÍÐ FYRIR HÓPA
 GOTT TJALDSVÆÐI

Sími: 456 7611
 holt425@simnet.is

Til leigu

Gisting og kajakleiga á Flateyri

Grænhöfði

Accommodation and Kayak Rent in Flateyri
 Tel: 456-7762 & 863-7662 - Mail: kajak@simnet.is
 www.kajaktravel.net

Kirkjuból í Bjarnardal

Icelandic farm holidays

Njóttu þess að gista í fallegu umhverfi í Öndarfirðinum í sumar.

Fimm 2ja manna herbergi, með eða án baðs. Boðið er upp á morgunverð og einnig er hægt að fá kvöldverð ef þantað er fyrirfram.

Eldunaraðstaða og internetaðgangur fyrir gesti.

Sími: 456 7679 info@kirkjubol.is www.kirkjubol.is N 65°58,335 - W 23°26,003



Matarferðamennska á Núpi

Hótel Núpur í Dýrafirði er staðsett í húsnaði gamla héraðsskólans með sama nafni. Bræðurnir Guðmundur og Sigurður Helgason sjá um rekstur hótelsins, sem er opið árið um kring þó að einungis sé um daglega opnun að ræða yfir sumartímamann, frá 15. maí til 15. september. Hótelinu er vinsæll áfangastaður fyrir ýmiss konar hópferðir, ráðstefnur og ættarmót, enda vel í stakk búið til að taka á móti stórum hópum.

Hótel Núpur er aðili að Beint frá býli og „Veislu að vestan“ og leggur mikið upp úr því að nota staðbundið og ferskt hráefni í matseld sinni. Fiskinn sækja bræðurnir til trillukarla í Dýrafirði og Önundarfirði og allt lambakjöt kemur frá Dýrafirði, svo dæmi séu nefnd. Eldhúsið fær jafnvel að sækja sér hráefni í einn elsta skrudgarð Íslands, Skrud, sem

er vinsæll áfangastaður ferðamanna og rétt steinsnar frá hótelinu.

„Þar er alltaf plantað matjurtum á vorin, kartöflum, káli, gulrótum og fleiru, sem ég fæ að taka upp. Það er að vísu ekki fyrr en seint á haustin, svo það eru helst haustgestirnir okkar sem að fá að njóta þess,“ segir matreiðslumeistarinn Guðmundur. „Í Skrud er líka stór kryddjurtagarður sem ég fæ að nýta allt sumarið. Mér finnst það alveg æðislegt, að geta boðið upp á eitthvað svo til úr túnfætinum hjá okkur,“ bætir hann við.

Eldhús hótelsins framleiðir sömu leiðis matarminjagripi sem hafa vakið mikla lukku hjá gestum. Þar má til dæmis fá heimagerða rabarbarasultu, bláberjasultu, hundasúrupestó, hundasúrumajónes, þurrkaðar kryddjurtir og túnfíflahunang. „Fólk sem kemur hingað í kaffi fær sér flest vöflu með

þjóma, en þá berum við alltaf fram heimalagaða sultu og fíflahunangið með. Fólk hefur gaman af því að geta svo keypt það með sér heim líka,“ segir Guðmundur, sem lætur lesendum í té uppskrift úr eldhúsinu á Núpi.

Þeir bræður hafa í samstarfi við bændur í firðinum fengið styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að standsetja kjötvinnslu hótelsins svo bændur geti hafið heimavinnslu afurða „Beint frá býli“ og er ætlunin að vinnsla þar hefjist nú í haust. Hótelinu þjónar þó fleirum en sælkerum og matargötum, því í nágrenni þess er að finna fjölmargar gönguleiðir og fjölbreytt fuglalíf auk þess sem fyrirtæki í nágrenninu bjóða upp hestaferðir, kajakferðir og sjóstangveiði.

Nánari upplýsingar má fá á síðunni hotelnupur.is.

Grafið lambafille úr Dýrafirði á salati með bláberjasósu

2tk lambafille, fitu- og sinahreinsuð

2 bollar sykru

2 bollar salt

2 bollar blandaðar kryddjurtir

1 bolli provence krydd

2 msk ólífuolía

300 gr blandað grænt salat

Blandið saman sykri og salti og stráðið

vel yfir kjötið. Látið það liggja á borði í

blöndunni í 40 mín. Skolið í köldu vatni og

þerrið kjötið. Blandið saman kryddjurtum

og provence-kryddi og stráðið vel yfir kjötið,

á alla kanta. Dreypið olíu yfir og geymið í

kæli í 3-4 daga. Skerið þá í þunnar sneiðar.

Bláberjasósa

100 gr dýrfirsk aðalbláber

100 gr súrmjólk

100 gr grísk jógúrt

Salt og pipar

1-2 tsk hunang

Öllu blandað saman í matvinnsluvél og

smakkað til með salti og pipar.



Reykhólahreppur – unaður augans

Reykhólahreppur nær yfir svæðið frá Gilsfirði og allt vestur undir Flókalund við norðanverðan Breiðafjörð. Auk þess mestan hluta Breiðafjarðareyja, þar sem Flatey er höfuðbólið.

Einstök náttúrufergur í mildu og mjúklátu landslagi og gönguleiðir við allra hæfi. Fjölbreyttasta fuglalíf á landinu (og þótt miklu víðar væri leitað). Gisting af öllu tagi í boði – hótelin í Bjarkalundi og Flatey, gistiheimili, bændagisting, tjaldsvæði.

Í þorpinu á Reykhólum (aðeins 228 km frá Reykjavík og bundið slitlag alla leið) er verslun og heilsugæsla. Frábær 25 m útisundlaug (Grettislaug) og við hana tjaldsvæði og góð aðstaða fyrir húsbíla. Þaðan liggur göngustígur niður að fuglaskoðunarskýlinu við Langavatn.

Á Hlunnindasýningunni á Reykhólum eru kynntar hinar fjölbreyttu náttúrunytjar við Breiðafjörð á fyrri tíð. Þar er einnig verið að koma upp einstæðu safni af breiðfirskum bátum.

Sigling út í Breiðafjarðareyjar með Eyjasiglingu á Reykhólum. Forntraktorar á Grund. Fornbílar á Seljanesi.

Sjáumst!

Upplýsingamiðstöð ferðafólks

Maríutróð, Reykhólum
434 7830 / 892 2240
hlunnindi@reykholar.is

Reykhólavefurinn: reykholar.is

Á Vestfjörðum er alltaf logn*

Komdu og njóttu þess með okkur!



Bjóðum upp á gistingu í sumarhúsum á Flateyri og Suðureyri. Leigjum einnig út frístundaveiðibáta og allan búnað til sjóstangveiði.

Hvildarklettur ehf.

Hafnarstræti 9
425 Flateyri
info@hvildarklettur.is | Sími: 456-6667

*en það getur stundum þurft að flýta sér um dásemdina.

Gistihús og veitingastaður í Vatnsfirði



**Gisting - Veitingar - Tjaldsvæði
Verslun - Bensinafgreiðsla**

Hótel,
FLOKALUNDUR

Sími 456 2011

Netfang: flokalundur@flokalandur.is

Heimasíða: www.flokalandur.is

A romantic trip to the last Century



Læknishúsið á Hesteyri

The Old Doctors House (1901)
in the nature reserve Hornstrandir



Hrikalegasti vegur landsins?

Á Vestfjarðakjálkanum eru ekki ófáir vegir og vegarslóðar sem fallið gætu undir hattinn „erfiðir“ og margir sem ferðast hafa um kjálkann geta rifjað upp sögur af óárennilegum vegar-köflum, þó ástand vega hafi skánað til muna í seinni tíð.

Sá hrikalegasti þeirra er hins vegar líka sá magnaðasti og felur í sér ótrúlega upplifun. Hringvegurinn Kjaransbraut er afrakstur einkaframtaks Elís Kjarans Friðfinnssonar, ýtumanns á Þingeyri. Hann liggur fyrir skagann á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og er fær vel búnum bílum og kjörkuðum bílstjórum. Þeir sem ekki treysta sér í bílaævintýri geta hins vegar allt eins farið brautina á tveimur jafnfljóttum, eða leigt sér fjallahjól. Það skal í það minnsta ítrekað að Kjaransbraut er ekki fyrir bílhrædda!

Vegurinn liggur úr Keldudal við Dýrafjörð, út fyrir Svalvoga, um Lokinhamradal, þar sem rithöfundurinn Guðmundur G. Hagalín sleit barnskónum, og að Stapadal í Arnarfirði. Þegar umræddur Elís Kjaran réðist í gerð vegarins, sumarið 1973, höfðu Vegagerðarmenn játað sig sigraða og afskrifað möguleika á að leggja veg að Svalvogum. Þá var enn búskapur í Svalvogum og þrjú býli í hinum afskekktu Lokinhamradal. Elís ákvað hins vegar að láta slag standa og réðst í verkið á litlu jarðýtunni sinni. Það lýsir umfangi verkefnisins, sem kallar óneitanlega fram ákveðin hugrenningatengsl við kappana Davíð

og Golíat, að umrædd jarðýta var á stundum kölluð „teskeiðin“. Klettarnir eru hins vegar allt annað en fínlegir.

Vegagerðin hafði áður íhugað möguleikann á að leggja veg í fjörunni, en Elís var fljótur að átta sig á því að það væri algerlega ómögulegt, enda myndi úthafsaldan skola honum burt á einu sumri eða svo. Hann hélt því til fjalla.

„Ég er nú alinn upp við þessi fjöll og vanur að gera mér til dundurs að klifra í klettum og hef aldrei verið lofthræddur, svo að það þjakaði mig ekkert,“ hafði Elís sjálfur um málið að segja. „Ég gekk þarna og klifraði um klettana, fór upp á næsta berglag fyrir ofan þar sem vegurinn er núna og skoðaði mig þar um og leist nú betur á að fara þar. En ég sá að ég væri þá kominn í þá himinhæð að það yrði erfitt að komast nógu neðarlega aftur, svo að ég lét bara kylfu ráða kasti,“ sagði Elís.

Á meðan á framkvæmdum hans stóð kom til hans yfirverkfræðingur Vegagerðarinnar og bað hann lengstra orða að hætta þessu – það væri enginn peningur til fyrir framkvæmdunum og auk þess líkaði Vegagerðinni yfirleitt betur að það væri mælt fyrir vegum á einhvern hátt. Verkfræðingurinn sá fáar aðrar mögulegar útkomur á verkefni Elísar en að hann hrapaði niður í fjöru.

„Ég spurði hvort hann væri að banna mér að gera þetta. Hann kvaðst gera það ef hann gæti, en hann gæti það bara ekki því að hann væri ekki landeigandi. Þetta væri sér því nánast óviðkomandi. En ég sæi sjálfur, og það hlytu allir að sjá, að ég

gæti aldrei gert veg út úr klettunum. Enda var klettaveggurinn þverhníptur fyrir framan, fjögur til fimm hundruð metra hátt fjallið beint fyrir ofan og rúmir sextíu metrar beint niður í sjó, svo að þetta var ekkert álitlegt.

En einhvern veginn varð þetta til þess að hvetja mig. Ég veit ekki hvað það heitir – líklega íslensk þrjóska, hugsa ég,“ sagði Elís.

Hann hélt því ótrauður áfram, ruddi sér dálitla braut á jarðýtunni og gladdist í hvert skipti sem hann gat ekið hana á Land-Rovernum sínum. Bílfært varð í túnfótinn í Svalvogum sumarið 1973 og ári seinna náði vegurinn til Lokinhamra. Það var hins vegar ekki fyrr en 1983 að Elís lauk við verkið svo að vegurinn næði inn í Stapadal. Þessi síðasti kafli vegarins er jafnframt sá sem þarfnast mest viðhalds, því þar liggur vegurinn um fjöruna undir hömrinum. Í vetrarveðrum kvarnast því oft á tíðum vel úr honum og því þarf að huga vel að þessum spotta vegarins að vori.

Alveg óháð því hvort lagt er á Kjaransbraut akandi, hjólandi eða gangandi er óhætt að mæla með því að ferðalangar fari sér að engu óðslega – bæði vegna öryggisins, en sömuleiðis til að njóta allrar þeirrar stórbrotnu náttúruvegurinnar sem þessi sérstaki hringvegur hefur upp á að bjóða. Í Helgafelli, milli Keldudals og Svalvoga, er surtarbrandur, og í bergveggnum má sjá hálfkollaða boli rauðviðartrjáa sem uxu á Vestfjörðum fyrir um 14 milljónum ára – merkileg upplifun. Það er sömuleiðis tilvalið að leggja í hann þegar kvöldu tekur og njóta kyrrðarinnar í Svalvogum í



miðnætursólinni og röltu svo heim á leið. Þeir kappsömustu geta jafnvel tekið þátt í hlaupinu Vesturgötunni, þar sem hlaupið er um veginn.

Leiðin frá Stapadal í Arnarfirði að Sveinseyri í Dýrafirði er um 25 kílómetrar. Nánari upplýsingar um Vesturgötuna geta hlaupagarpar nálgast á slóðinni vesturgatan.net.



Gil
gistihús Bolungarvík

**Gisting á
góðu verði!**

- Aðalstræti 13-15
- 415 Bolungarvík
- Sími: 893-6860
- Netfang: gil@gil.is
- Veffang: www.gil.is

Hollusta úr héraði.
Ferskur fiskur og
fjölbreytt góðgæti.



Local ingredients,
fresh fish and
mouth-watering treats.

VIÐ POLLINN

Veitingar á
Hótel Ísafirði
Restaurant at
Hotel Ísafjörður

Opíð allan daginn
Open all day

Sími/Tel 456-3360 | vidpollinn.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Starfsemi á árinu 2010

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

Efnahagsreikningur:	31.12.2010	31.12.2009
Fasteignir	33	33
Verðbréf með breytilegum tekjum	10.967	11.439
Verðbréf með föstum tekjum	15.328	13.305
Veðlán	563	585
Fullnustueignir	0	0
Kröfur	616	492
Aðrar eignir	344	148
Skuldir	-1.189	-861
Hrein eign til greiðslu lífeyris	26.661	25.144
Breytingar á hreinni eign	2010	2009
Iðgjöld	1.051	1.027
Lífeyrir	-793	-783
Fjárfestingartekjur	1.358	2.111
Fjárfestingargjöld	-23	-14
Rekstrarkostnaður	-76	-66
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.517	2.275
Hrein eign frá fyrra ári	25.144	22.869
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	26.661	25.144
Kennitölur	2010	2009
Nafnávöxtun	5,2%	9,1%
Raunávöxtun	2,6%	0,5%
Vísitöluhækkun	2,6%	8,6%
Eignir umfram heildar skuldbindingar %	-8,2%	-11,8%
Eignir í ísl. kr. %	69,0%	61,9%
Eignir í erl. gjaldmiðlum %	31,0%	38,1%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	3371	2944
Fjöldi lífeyrisþega	1688	1647

Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2010 var 5,2% sem jafngildir 2,6% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 10 ár er 0,4%. Ávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var 10,3%, erlendra verðbréfa -3,6%, veðskuldabréfa 5,7%, markaðsbréfa fyrirtækja -6,5%, skuldabréfa sveitarfélaga 5,3% og ríkisskuldabréfa 5,4%.

Séreign

Árið 2010 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði þar sem sjóðfélögum yngri en 60 ára var heimilað að taka allt að 5 millj. kr. út af séreign á 2 árum. Greiddar voru úr séreign 40 milljónir kr. og þar af voru 17 milljónir kr. vegna lagabreytinganna. Eignir séreignardeildar eru í eignastýringu hjá Íslenskum Verðbréfum hf. og allar í virkri stýringu. Hrein eign séreignardeildar í árslok var 447 milljónir og hafði hækkað um 28 milljónir frá fyrra ári. Nafnávöxtun ársins var 11,8% sem jafngildir 9,2% raunávöxtun. Meðaltals raunávöxtun sl. 5 ár er 2,5%.

Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur.

Ársfundur 2011

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 25. maí nk. kl. 18,00 á Hótel Ísafirði. Fundurinn er opin allum sjóðfélögum og lífeyrisþegum með málfrelsi og tillögurétt. Hvetur stjórn sjóðsins sem flesta sjóðfélaga til að mæta á fundinn. Þátttaka staðfestist við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 24. maí í síma 456-4233 eða með tölvupósti á afgr@lvest.is. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður
Pétur Sigurðsson

Kristján G. Jóhannsson
Áslaug Alfreðsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9
400 Ísafirði
Sími: 456-4233
www.lvest.is
afgr@lvest.is

Dellur og dráttarvélar

- sérstæð söfn á Vestfjörðum

Vestfirðingar hafa stundum haft orð á sér fyrir að vera skemmtilega sérvitir. Sérlandaðir, í það minnsta. Á svæðinu er að finna fjöldann allan af veglegum sýningum og áhugaverðum setrum, en inn á milli leynast líka söfn af minni stærðargráðu sem rekin eru með misformlegum hætti. Þau skera sig dálítið úr flórunni, hvert á sinn hátt, og bera kannski vestfirsku sérviskunni vitni.



MYNDATEXTI

Bátar í Breiðafirði

Í sama húsnæði og Hlunnindasýningin á Reykhólum er Bátasafn Breiðafjarðar að finna. Það hefur á síðustu árum safnað saman á þriðja tug gamalla báta úr Breiðafjarðareyjum og héruðum þar í kring, með það fyrir augum að bjarga þeim frá eyðileggingu. Aðstandendum safnsins er sérlega umhugað um bátavernd, sem felst fjarri því eingöngu í að geyma og sýna gamla báta, heldur með því að halda handverkinu og þekkingunni við. Safnið hefur því gefið út kennslu-myndbönd og haldið verkleg námskeið í bátasmíðum til að stuðla að aukinni trébátæign almennings.

Í sumar opnar ný og glæsileg sýning í Mjólkurbúshúsinu, þar sem Hlunnindasýningin og Bátasafnið verða sameinuð. Ný sýningarsalurinn verður líka nýttur til námskeiðahalds, þar sem hann verður með lagi gamals bátasmíðaverkstæðis. Safnið er áhugavert stopp fyrir alla – og ekki síst þá sem dreymir um lystisiglingar í eigin völundarsmið! Fyrstu helgina

í júlí stendur safnið svo fyrir Bátadögum eins og fyrri ár, þar sem trébátæigendur koma saman á Reykhólum og sigla saman um Breiðafjörð.

Fornar dráttarvélar

Í Reykhólasveit kennir ýmissa annarra grasa. Unnendur aldraðra búvéla geta til dæmis heldur betur komist í feitt. Á Grund í Reykhólasveit, rétt ofan við þorpið á Reykhólum, er til dæmis myndarlegt safn dráttarvéla og búvéla, sem sumargestum er frjálst að skoða sér að endurgjaldslausu. Bræðurnir Guðmundur og Unnsteinn Hjálmar Ólafssynir annast safnið, þar sem margar vélanna eru uppgerðar og gangfærar. Þar á meðal er Farmall traktor sem nýlega fagnaði fimmtugasta starfsári sínu á Grund.

Heimilislegar músikminjar

Á Bíldudal er safn sem lætur ekki mikið yfir sér en er engu að síður sérlega áhugavert. Um ræðir safnið Melódíur minninganna, þar sem Jón Kr. Ólafsson ræður ríkjum. Safnið er nefnilega í húsi hans, Reynimel, sem er að finna rétt á móti veitingahúsinu Vegamótum.

Jón Kr. er landsþekktur tónlistarmaður og gerði garðinn meðal annars frægan með hljómsveitinni víðfrægu, Facon. Á áralöngum ferli sínum hefur Jón Kr. kynnst mörgum helstu stjórn-um íslenskrar dægurtónlistar og safnið ber allt merki þeirra tengsla. Þar



má til dæmis sjá eldrauðan jakka af Hauki Morthens, hvítan jakka af Ragga Bjarna og pallfettukjól sem þær Hallbjörg Bjarnadóttir og Anna Mjöll Ólafsdóttir Gauks hafa báðar klæðst. Safnstjóri leggur mikla áherslu á að safnið sé heimilislegt og þar ríki notalegur andi. Það er hægt að skoða eftir samkomulagi við stjórnann sjálfan. Hafði samband í síma 456 2186 eða 847 2542.

Tíminn stendur í stað

Á Flateyri við Önundarfjörð er að finna sérstakt safn. Í gömlu bókabúðinni, Verzlunin bræðurnir Eyjólfsson, geta gestir virt fyrir sér bókabúðina með öllum sínum nýlenduverslunarsjarma, keypt brjóstsykur í kramarhúsi og



bækur á þúsund krónur kílóíð.

Hinum megin í húsinu gefst þeim hins vegar kostur á að skyggast inn í íbúð kaupmannshjónanna sem ráku verslunina um árabíl. Þau stofnuðu heimili í húsinu á öðrum áratug síðustu aldar. Kaupmaðurinn lést árið 1950, en ekkja hans bjó áfram í húsinu þar til hún féll frá árið 1983. Ekki hefur verið hróflað við íbúðinni, sem lítur því út eins og húsfreyja hafi rétt brugðið sér frá og bóndi liggi kannski sofandi á beddanum. Opíð þriðjudaga til sunnudaga í sumar.

Lögguhúfur og eldspýtustokkar

Hver man ekki eftir að hafa safnað frímerkjum, servíettum eða fótbolta-



spjöldum á einhverju skeiði lífs síns? Sumir taka söfnunaráráttuna hins vegar skrefinu lengra og í sumar opnar á Flateyri sérstætt safn, sem ber yfiskriftina Dellusafnið. Þar munu dellukallar og –kellingar sýna söfnin sín, en sýningum verður skipt reglulega út.

Í sumar mun gestum gefast kostur á að kynna sér safn lögregluminja, frá stofnanda safnsins, Jóni Svanberg Hjartarsyni, þar sem meðal annars er að finna lögregluhúfur úr öllum áttum. Þá verður til sýnis safn eldspýtustokka og sigarettupakka frá stríðsárunum og glæsilegt teskeiðasafn. Í því eru yfir þrjú hundruð teskeiðar frá meira en fjörutíu löndum, sem safninu barst að gjöf frá velviljaðri eldri konu sem hefur safnað teskeiðum á ferðum sínum um heiminn í fjölda ára. Frábært stopp fyrir grúskara og aðra forvitna ferðalanga.

Ein nikka, tvær nikkur...

Þó að Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði teljist seint til lítills safns er þar sömuleiðis að finna mjög afmarkað safn sem fær fyrir vikið að fljóta með í þessari upptalningu, nefnilega harmonikkusafn. Ásgeir S. Sigurðsson og kona hans, Messíana Marzellúsardóttir, færðu Byggða-



safninu þetta skemmtilega safn sitt að gjöf árið 2008. Það samanstendur af um 140 harmonikkum af ýmsum toga og er elsta nikkar frá því um 1830, upphafsárum harmonikkunar eins og við þekkjum hana í dag. Ásgeir hafði við afhendinguna safnað harmonikkum í eina tvo áratugi og notið við það mikils stuðnings vina sinna í harmonikkufélaginu.

Safnið er þó ekki allt til sýnis í einu, enda gríðarlega viðamikilið. Í Turnhúsinu á Byggðasafni Vestfjarða má hverju sinni skoða um þrjátíu nikkur úr safninu og er aðgangur að harmonikkusafninu innifalinn í aðgangseyri að Byggðasafninu eins og það leggur sig.



Sælureitur í gömlu umhverfi

Í Hænuvík, yst í Patreksfirði, gefst ferðalöngum kostur á að hverfa aftur í tíma. Hænur vappa rólegar um hlaðið á meðan þreyttir ferðalangar halla höfði á kodka og sól sígur í sæ.

Kittabær, sem hýsir átta manns, er elstur húsanna í Hænuvík. Hann var reistur árið 1914 og dregur nafn sitt af fyrri ábúanda sem þekktur var í sveitinni sem Kittí í Hænuvík. Húsið er á tveimur hæðum, sofið er undir súð á loftinu en niðri er eldhús og stofa, eins og títt var í gömlum húsum. Kittabænum fylgir sömuleiðis Skúrinn, þar sem fjórir gestir geta látið vel

um sig fara út af fyrir sig. Krían var byggð árið 2009 með sama lagi og Kittabærinn, en tekur tíu manns og hefur yfir að ráða rúmgóðri baðstofu fyrir kvöldsamkundur. Kittabærinn, Skúrinn og Krían standa ofarlega í túninu, en Steinhús stendur hins vegar alveg niðri við sjávarkambinn og hýsir sex gesti. Sofið er undir súð á svefnloftinu. Eldunaraðstaða með ísskáp og baðherbergi er í öllum húsum Ferðabjónustunnar í Hænuvík og bæði er boðið upp á uppabúin rúm og svefnpokapláss.

Þegar vaknað er af eins værum

blundi og þeir gerast er hægt að bregða sér á hvítu sandströndina sem gerir lukku hjá öllum aldurshópum. Fuglalíf er sömuleiðis afar blómlegt og stórt og myndarlegt kríuvarp að finna í vikinni. Í Hænuvík stendur líka handverkshúsið Gullhóll, þar sem selt er þrjónles, sokkar, vettlingar, húfur og fleira, sem flest allt er unnið af heimafólki. Í nágrenninu eru jafnframt margar fallegar gönguleiðir sem boðið er upp á leiðsögn um.

Nánari upplýsingar fást í síma 456 1578 eða 698 7810.



Saga björgunarhetja að Hnjóti

Á leið að Látrabjargi er tilvalið að koma við á Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti í Örlygshöfn. Egill, fyrrum bóndi á Hnjóti, safnaði gömlum munum af mikilli eljusemi svo úr varð þetta merka byggðasafn. Þar er til dæmis að finna fjölda muna tengdum sjósókn og hlunnindanytjum, enda var eggja- og fuglatekja afar mikilvæg í fæðuöflun sveitunga fyrr á tímum.

Á safninu má sömuleiðis skoða muni tengda björgunarafrækinu við Látrabjarg, þegar togarinn Dhoon fórst við bjargið í desember 1947. Bændur úr sveitinni sýndu fádæma hugdirfsku er þeir sigu niður flughált og ísað bjargið til að bjarga þeim skipverjum er enn voru á lífi. Mynd Óskars Gíslasonar um þann merkilega

atburð er sýnd á safninu, en í henni er notað myndefni frá strandi annars togara, Sargon, undir Hafnarmúla við Patreksfjörð ári síðar. Það er mikil upplifun að standa skömmu síðar á brún Látrabjargs með sögu björgunarafræksins sér í fersku minni og reyna að gera sér í hugarlund hversu óárennilegt bjargið hlýtur að hafa verið í vetrarstormi.

Hattur Gísla frá Uppsölum er einnig á safninu og vekur verðskuldaða athygli gesta, sem og ýmis gömul lækningatól sem þar er að finna. Kaffiterían sem býður upp á ýmsar hressingar er svo þáttakandi í verkefninu „Veisla að vestan“ og hefur því til sölu ýmsar kræsilegar vörur úr heimabyggð.



Urðartindi vel tekið

Ferðabjónustan Urðartindur í Norðurfirði á Ströndum, sem rekin er af Strandamanni ársins 2010, Arinbirni Bernharðssyni, hefur fengið góðar undirtektir á síðustu misserum. Norðurfjörður er í Árneshreppi, nyrsta hreppi Strandasýslu, þar sem margt er að sjá og skoða. Frá Norðurfirði er einnig lagt upp í áætlunarferðir á Hornstrandir.

Urðartindur býður upp á gistingu í sumarhúsi með aðstöðu fyrir sex manneskjur og síðasta sumar voru tekin í notkun tvö nýbyggð smá-hýsi með baðherbergjum, eldunaraðstöðu og öllum nauðsynlegasta búnaði, sem hýsa 2-4. Á svæðinu er einnig tjaldstæði með góðri inni-aðstöðu fyrir gesti.





Viðamikil tónleikadagskrá **Við Djúpið**

Klassíska tónlistarhátíðin Við Djúpið hefur fest sig í sessi á þeim átta árum sem liðin eru frá stofnun hennar. Hátíðin fer nú fram á Ísafirði í níunda sinn og byggir enn á sama grunni, að gefa ungum og upprennandi tónlistarmönnum tækifæri til að sækja námskeið hjá færustu tónlistarmönnum heims og um leið að láta ljós sitt skína. Almennigur nýtur hins vegar líka góðs af, því boðið er upp á fjölda tónleika á meðan á hátíðinni stendur og hefur á liðnum árum verið afar duglegur að sækja viðburði hennar. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar, Dagný Arnalds, segir tónlistaráhuga á svæðinu enda afar blómlegan.

„Hér er alveg ótrúlegur grunnur fólgin í tónlistarlífinu, og við byggjum svo beint á honum,“ segir Dagný. „Allur aðbúnaður er í raun alveg frábær. Ég finn alveg að fólki sem kemur að utan finnst ótrúlegt að í svona litlum bæ skuli til dæmis vera til svona flottur flygill, þessi æðislegi tónleikasalur, Hamrar, flygill í grunnskólasalnum og fullkomið hljóðver. Þetta er mjög sérstakt og fólk tekur eftir því.“

Tónleikadagskrá ársins skiptist í þrjár tónleikaraðir. Í Hátíðartónleikaröðinni leika aðalkennarar hátíðarinnar, sem í ár eru sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir, píanóleikarinn Alessio Bax og fiðluleikarinn Kurt Nikkanen. Undir hennar hatt falla líka útvarpstónleikar og lokatónleikar verkefnisins Leit að nýjum

tónskáldum, þar sem útvalin upprennandi tónskáld fá tækifæri til að semja fyrir og vinna með óbókvartettinum ACJW. Í hádegistónleikaröðinni er boðið upp á fræðslu með tónleikunum, en þeir eru haldnir í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Loks koma nemendur á hátíðinni fram á nemendatónleikum.

Sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir heldur opnunartónleika hátíðarinnar í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, að kvöldi þriðjudagsins 21. júní. Hádegis-tónleikar eru haldnir miðvikudag, fimmtudag og föstudag og verður staðsetning þeirra auglýst sérstaklega. Í hádeginu á laugardag verður auk þess blásið til tangótónleika í Hömrum. Að kvöldi miðvikudags er það Alessio Bax sem leikur í Hömrum, á fimmtudagskvöldi leikur óbókvartettinn ACJW, en Kurt Nikkanen fiðluleikari heldur Jónsmessutónleika á föstudagskvöldi. Hafdís Bjarnadóttir tónskáld verður ásamt fríðu föruneyti með miðnæturtónleika aðfaranótt laugardagsins, en á laugardegi er komið að ungu tónskáldunum. Hátíðinni lýkur 26. júní, með nemendatónleikum og lokatónleikum með öllum listamönnum hátíðarinnar, sem einnig verður útvarpað á Rás 1.

Aðgangur að hádegistónleikum á hátíðinni er ókeypis, en á staka tónleika kostar annars 1.800 krónur. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni viddjupid.is.



Spænsk dagskrá á Snæfjallaströnd

Handan Djúps bíður hin kyrrláta og heillandi Snæfjallaströnd ferðalanga. Ströndin fór úr byggð árið 1995, en mannmargt var á svæðinu allt framundir seinna stríð. Samfélagið var þó alltaf einangrað og afskekkt og afar snjópungt.

Í Dalbæ á Snæfjallaströnd er að finna ferðapjónustu þar sem bæði er hægt að fá svefnpokaþlétt og tjaldstæði. Dalbær, sem verður opinn frá 10. júní til 21. ágúst í sumar, hýsir einnig Snjáfjallasetur, sem stendur fyrir ýmsum viðburðum tengdum sögu og menningu svæðisins.

Boðið verður upp á spænska dagskrá sunnudaginn 3. júlí, þar sem gestir fara í bátsferð á söguslóðir Spánverjavíganna í Æðey og að Ögurhólum. Í kjölfar þess verður spænski dagskrá haldið áfram, þar sem gítardúettinn Los Bíldalayos troða upp, en hann fléttar saman gítartónlist tónskáldsins Joaquín Sabina og

frásögnum af Spánverjavígunum við Djúp árið 1615. Gestakokkur mun svo framreiða spænska tapasrétti og saltfisk fyrir gesti. Snjáfjallasetur hefur sett upp sögusýningu um Spánverjavígin, en hana má skoða á websetursins.

Sama dag verður opnuð sýning um gróðurfar á Snæfjallaströnd, byggð á rannsóknum Harðar Kristinssonar. Flóran á ströndinni er sérstætt um margt. Miklar fannir skýla gróðurnum á veturna og vökva hann á sumrin með sífelldu rennsli leysingarvatns.

Á ströndinni er þúsundblaðarósinn einkennistegund þessara snjóðalda, og víða má sömuleiðis sjá skjaldburkna og litunarjafna. Hlíðarburkninn sem vex innan um aðra burkna í Eyjarhlíð á Snæfjallaströnd er mjög fágætur á landinu og fyrirfinnst eingöngu í Eyjarhlíðinni og í hlíðinni fyrir ofan síldarverksmiðjuna á Hesteyri í Jökulfjörðum. Áhugafólk um gróður og flóru getur því hugsað sér gott til glóðarinnar.

Nánari upplýsingar um bæði Dalbæ og Snjáfjallasetur er að finna á slóðinni snjafjallasetur.is.

Vestfirðir á ensku

Vestfirska forlagið hefur gefið út fjöldann allan af bókum um mannlíf og menningu á Vestfjörðum á síðustu árum. Forlagið hefur nú hleypt af stokkunum nýjum bókaflökkum á ensku, þar sem er að finna frásagnir úr áður útgefnu efni forlagsins.

Fyrsta bókin, Life and history in the Westfjords of Iceland, fjallar um Dýrafjörð, en áformað er að gefa út eina bók um hvert hérað á svæðinu. Önnur bókin, Funny Tales from Daily life in the Westfjords of Iceland, inniheldur gamansögur hvaðanæva af fjörðunum, en uppistaðan er 101 ný vestfirsk þjóðsaga sem Gísli Hjartarson safnaði á sínum tíma. Þriðja bókin, eftir Hallgrím Sveinsson, fjallar hins vegar um Jón Sigurðsson og nefnist We call him president.

Enskumælandi ferðamenn fá því hér kjörið tækifæri til að kynna hluta hins mikla sagnaauðs Vestfjarða. Bækurnar eru fánlegar í flestum bókaverslunum landsins, eins og áður útgefið efni forlagsins á íslensku.

Velkomin í
Galdraporpið
Hólmavík



Við lofum
góðum dögum á Ströndum!



Upplýsingamiðstöð ferðamála á Hólmavík - Sími 451 3111 - info@holmavik.is - www.holmavik.is/info

Ferðapjónusta í Strandabyggð

GISTING:
Snartartunga í Bitrufirði
Ferðapjónustan Kirkjubóli
Finna Hótel, Hólmavík
Steinhúsið, Hólmavík
Farfuglaheimilið Broddanesi

TJALDSVÆÐI:
Tjaldsvæðið á Hólmavík

SÝNINGAR OG SÖFN:
Sauðfjársetur á Ströndum
Galdrasafnið á Hólmavík

AFPREYING:
Sundlaugin á Hólmavík
Golfvöllurinn Skeljavík

HESTAFERDIR:
Strandahestar Hólmavík
Svaðlfari Laugarholti

VEITINGAR:
Sauðfjársetur á Ströndum
Kaupfélag Steingrimsfjarðar
Hólmakaffi
Café Riis
Galdrasafnið á Hólmavík



SJÓFERÐIR
Hafsteins og
Kiddýjar

Sími: 456-3879 - 892-1879
sjoferdir@sjoferdir.is
www.sjoferdir.is

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar
bjóða ykkur velkomin um borð
og óska ykkur góðrar ferðar

Nánari upplýsingar gefa Sjóferðir í síma 456 3879 /
892 1879 og Vesturferðir í síma 456 5111



Vestur um björg og gullna sanda

Þessi einkennisorð fyrirtækisins Umfars vekja athygli víða - jafnvel á rauðum ljósum í höfuðborginni, þar sem vegfarendur vilja fá að vita hvar þessa gullnu sanda er að finna. Svárið? Á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrirtækið leggur áherslu á gönguferðir með fræðslu um menningu, sögu og náttúru þessa stórbrotna svæðis í fylgd leiðsögumanna sem allir hafa búið í Vesturbyggð og gjörþekkja því aðstæður á vandrötuðum ferðaleiðum.

Sem dæmi um þær ferðir sem Umfar býður upp á má nefna fjölskyldu- og söguferð að Sjöundá, þar sem farið er yfir sagnir sem tengjast bæjarnafninu. Selalátrið í Bæjarósi er líka vinsælt fyrir börn og fullorðna, en þar er hægt að komast nálægt miklum fjölda landsela og skoða það sem sjórinn hefur borið á ströndina.

Fyrir fólk í sæmilegri þjálfun eru margar ferðaleiðir í boði, um Útvíkur, Látrabjarg, Tálknafjörð, Barðaströnd, Ketildali og suðurfirði Arnarfjarðar. Þessar leiðir eru flestar gamlar þjóðleiðir milli byggðarlaga, hver með sín sérkenni. Fyrir fólk í góðu gönguformi sem vill takast á við erfiðari ferðir eru vinsælastar leiðirnar að kolanámunum undir Stálfjalli og ganga frá Siglunesi á Barðaströnd um Siglunes og Skorarhlíðar að Melanesi á Rauðasandi, frábærar og krefjandi leiðir, sem láta engan sem þær fer ósnortinn. Óvissuferðir fyrir hópa, sérsniðnar að hverjum hóp fyrir sig, eru ekki síður vinsælar. Þá er boðið upp á alhliða þjónustu við gönguhópa með fæði, nestisþakka og gistingu í færanlegum gistiskálum.

Umfar stendur einnig fyrir hinni

árlegu gönguhátíð Svartfugli, sem fer fram vikuna 23. - 29. júlí. Boðið er upp á gönguferðir alla daga vikunnar. Gönguvikan hefur verið vel sótt og því ráð að tryggja sér þáttöku sem fyrst, þar sem fjöldi í erfiðustu ferðirnar er takmarkaður.

Í sumar býður fyrirtækið einnig upp á aukna þjónustu, með tilkomu fólksflutningabifreiðar, gistivagna



og aðstöðu til veitinga í færanlegum vögnum. Þeir sem vilja geta því skilið einkabílinn og áhyggjurnar eftir í Stykkishólmi og tekið far með Baldri að Brjánslæk. Þar tekur Umfar á móti ferðafólki og ferðin um sunnanverða Vestfirði getur hafist.

Nánari upplýsingar fást á umfar.is eða í sínum 892 9227 og 456 5111

Gisting í íbúðum!

Fullbúnar íbúðir með aðgengi að interneti, þvottavél og þurkara. Kolagrill á svölum. Svefnpokapláss eða uppábúin rúm eftir pöntunum!



Mánafell

Stigahlið 2-4 Bolungarvík • Sími 863 3879
892 1616 • Heimasíða: www.orkudisa.com
Netfang: arndis@vestfirdir.is



Ókindur í Arnarfirði

Frá því að Skrímslasetrið á Bíldudal opnaði fyrir tveimur árum hefur það notið vaxandi vinsælda. Hugmyndin að baki þess skaut upp kollinum árið 2007 þegar sjö sérlegir áhugamenn um skrímsli ákváðu að taka sig saman með það fyrir augum að gera þessum arnfirski arfi skil með veglegri sýn-

ingu og efla um leið atvinnulíf í bænum. Félagið festi fljótlega kaup á því sögufræga húsnæði þar sem hinar Bíldudals grænar baunir voru áður framleiddar og með ótrúlegu Grettistaki hátt í hundrað sjálfboðaliða tókst að koma skrímslasetrinu á laggirnar.

Flestir hafa heyrt um ein-

hverja meðlimi íslensku skrímsla-fjölskyldunnar sem þrífst svo vel í vötnum og sjó. Arnarfjörðurinn iðar af skrímslum eins og Fjörulöllum, Faxaskrímslum og Skeljaskrímslum ef eitthvað er að marka frásögur, því þar eru til á annað hundrað ritaðra frásagna um sjávarskrímsli og kynni manna af þeim. Fjörðurinn er einstakur á landsvísi hvað þennan fjölda varðar og því kjörinn staður fyrir umrætt Skrímslasetur.

Auk hinnar staðbundnu sérþekkingar Arnfirðinga á skrímslum er sýning setursins byggð á sögu-safni Þorvalds Friðrikssonar fornleifafræðings og fréttamanns, sem hefur verið afar duglegur við söfnun skrímslasagna í gegnum tíðina.

Gestir setursins geta látið sannfærast um tilvist skrímslanna með því að sjá og heyra frásagnir fólks sem hefur ýmist séð eða lent í útistöðum við skepnurnar. Þar má sjá viðtöl við



sjónvarvotta skrímsla, útlitslýsingar og leiðbeiningar um hvar þau er best – eða kannski verst – að finna. Glæsilegt margmiðlunarborð setursins hefur vakið mikla athygli, enda einstakt á Íslandi.

Skrímslasetrið verður opið á hverjum degi frá 1.júní til 10. september, en þar er sömuleiðis veitingasala. Nánari upplýsinga má afla sér á slóðinni skrimisli.is



Listin að segja sögur

Sagnaþulir munu safnast saman á Núpi í Dýrafirði í lok júlí. Þing norrænna sagnaþula fer þar fram dagana 24. – 30. júlí, en það hefur verið árlegur viðburður frá árinu 1993. Í boði verða fimm námskeið í að segja sögur að hætti sagnaþula, en sú hefð á sér djúpar rætur í menningu okkar. Námskeiðin eru öllum opin. Kennarar, leikarar, rithöfundar og meðferðaraðilar hafa á árum áður verið á meðal þáttakenda, en ljóst er að hver sá sem hefur gaman af að segja sögur og vill bæta við sig þekkingu á þeirri list nyti sín vel í hópnunum á Núpi.

Sagnaþulur les ekki sögu, heldur lærir hana af bók eða munnmælum, túlkar hana sjálfur og gefur hana áfram. Í slíkum meðförum er sagan því alltaf lifandi og getur breyst eftir því hverjum hún er sögð, aðstæðum á sögustund eða hvernig sagnaþulurinn sjálfur er upplagður.

Félag sagnaþula á Íslandi hefur hist mánaðarlega í hellinum hjá Fjör-

kránni í Hafnarfirði á síðustu árum og staðið fyrir ýmsum uppákomum. „Á þessum kvöldum segja sumir sögur en aðrir koma bara til að hlusta. Í lok maí munum við halda „story slam“ í annað skiptið, þar sem fólk keppir í að segja sögur. Þar mega allir keppa,“ segir Sigurbjörg Karlsdóttir, formaður félagsins. „Það sem rekur okkur áfram er áhugi og ástríða. Það eru einhverjir töfrar sem fara í gang þegar sagnakona hefur milliliðalaust samband við áheyrendur,“ segir hún.

Fimm námskeið á jafnmörgum tungumálum verða í boði á Núpi. Einar Kárason og Freya Hvaste kenna nemendum til dæmis að segja sögur upp úr Íslendingasögunum, á meðan Ulf Árnström kennir sagnamennsku úr sögulegum efnivið. Kennir er frá mánu-degi til föstudags, en á kvöldin taka við kvöldvökur og sögustundir.

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar um námskeið og skráningu á vefsíðunni sagnating.123.is.



Á refaslóðum

Melrakkasetrið í Súðavík opnaði síðastliðið sumar í gamla Eyrardalsbænum, glæsilegu húsi sem hefur verið endurbyggt í upprunalegri mynd. Setrið er fræðasetur helgað melrakkanum, eða tófunni, eina upprunalega landspendýrinu á Íslandi. Melrakka má finna um Ísland þvert og endilangt en mest er af þeim á Vestfjörðum. Nálægðin við ómannfælna refi er til að mynda eitt þeirra fjölmörgu atriða sem heilla ferðamenn á Hornströndum.

Sýningin í Melrakkasetrinu skiptist í þrennt. Fjallað er um tólfuna sjálfa, líffræði og vistfræði tegundarinnar og því næst um veiðar, lög og reglur, skinn, sölu og verkun. Síðasti hluti sýningarinnar snýr hins vegar að veiðimönnum sjálfum og veitir gestum innsýn í heim þeirra með viðtölum, sögum og frásögnum, myndum og bókum. Þessi hluti sýningarinnar kallast Herráðsstofan. Síðastliðið sumar bættist töluvert í safnkostinn þar, þegar gestir komu færandi hendi með myndir og frásagnir af refaveiðimönnum fyrri tíma.

Í setrinu er einnig starfrækt kaffihús og það státar sömuleiðis af skjólpalli þar sem hægt er að njóta veitinga og útsýnis á blíðviðrisdögum. Þar eru

sömuleiðis haldnir fjöldamargir viðburðir á sumrin. Kómedíuleikhúsið sýnir þar einleikinn „Gaggað í grjótinu“, þar sem refurinn, eða eltingaleikurinn við hann, er í brenni-depli og jafnframt verður sett á laggirnar sérstök barnasýning þar sem þekktir og óþekktari refir koma við sögu. Ýmsir tónleikar eru sömuleiðis á döfenni, þar sem Svavar Knútur og heimamaðurinn Mugison eru á meðal listamanna sem setja munu svip sinn á Melrakkasetrið í sumar. Eitt helsta aðdráttaraflíð, að minnsta kosti fyrir suma aldurshópa, er þó yrðlingurinn sem lætur fara vel um sig á hlaðinu og heillar gesti upp úr skónum.

Melrakkasetrið skipuleggur sérstakar refaskoðunarferðir, fyrir þá sem ekki láta sér nægja að fræðast um tófunna innanhúss. Ferðirnar eru á vegum Vesturferða og Borea Adventures, en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum fyrirtækjanna, vesturferdir.is og boreaadventures.com.

Allar nánari upplýsingar um Melrakkasetrið og viðburði sumarsins er hins vegar að sjá á síðunni melrakki.is.



Íslenska sauðkindin hyllt

Í félagsheimilinu Sævangi, rétt sunnan við Hólmavík, er að finna stórskemmtilegt safn fyrir alla fjölskylduna. Sauðfjársetrið er, eins og nafnið gefur til kynna, tileinkað þessari góðvinkonu Íslensku þjóðarinnar, kindinni. Á setrinu kennir ýmissa grasa og aðstandendur þess standa fyrir ýmsum uppákomum á hverju sumri.

Á fastasýningu setursins, sögusýningunni Sauðfé í sögu þjóðar, má fræðast um sauðfjárbúskap á Íslandi í tímans rás frá öllum mögulegum og jafnvel ómögulegum hliðum. Þar er fjöldinn allur af ljósmyndum sem lýsa sambandi bænda við sauðkindina og fróðlegir munir frá fyrri og seinni tíð sem tengjast sauðfjárbúskap. Þar á meðal er hið víðfræga hrútaband, sem angar enn sterklega, svo ekki sé fastar að orði kveðið, af fyrri notendum. Gestir fá því að virkja öll skilningarvitin, njóta ilmsins af hrútabandinu, virða fyrir sér gripina og hlusta eftir einstaka jarmi sem berst þeim til eyrna á meðan sýningin er skoðuð. Þeir geta sömuleiðis kannað eigin þyngd í kindavigt, eða smellt á sig vel völdum stimpli í sláturhúsinu.

Vinsælustu sýningargripirnir, að minnsta kosti hjá yngri kynslóðinni, eru hins vegar oftar en ekki þeir sem er að finna utanhúss. Sauðfjársetrið tekur að sér heimalninga á hverju sumri og geta aldnir og ungir því rifjað upp gamla takta, eða lært nýja, í að gefa ákötum lömbunum mjólk úr pela. Setrið státar líka af fínasta barnahorni, ef einhverjir skyldu nú hræðast atganginn sem oft einkennir heimalningana þegar mjólkurpelinn nálgast. Á setrinu er einnig kaffistofan rómaða Kaffi Kind.

Sauðfjársetrið hefur á undanförunum árum staðið fyrir Furðuleikum og hinum ómissandi viðburði, Íslandsmeistaramóti í hrútabómum, þar sem hrútabuklalar etja kappi hvattir áfram af áhorfendahópi. Á Furðuleikum er hins vegar keppt í tiltölulega nýstárlegum íþróttageinum á borð við sviðalappasprett og girðingastaurakast.

Nánari upplýsingar má finna á síðunni strandir.is/saudfjarsetur



Geymd gersemi

Flestir láta sér nægja að þræða firðina í Ísafjarðardjúpi frá botni þess til Ísafjarðar og áfram suður á bóginn. Norðan djúpsins leynast hins vegar líka gersemar. Kaldalón, sem í raun er um fimm kílómetra fjörður, er til dæmis eitt best geymda leyndarmál Vestfjarða. Þar liðast áin Mórilla um vaðla og leirur og ef gengið er upp dalverpið er fljótlega komið að

sporði Drangajökuls.

Náttúrufegurðin er slík að eitt þekktasta tónskáld Íslands, Sigvaldi Kaldalóns, tók sér ættarnafnið vegna hrifningar sinnar á staðnum, en hann bjó um skeið á bænum Ármúla, rétt innan við Kaldalón. Minnisvarði um tónskáldið hefur verið reistur í firðinum sem var honum svo hjartfólginn. Nú hefur Kaldalón jafnvel

eignast nafna í því rómaða tónlistarhúsi, Hörpu, þó sá salur heiti eflaust frekar eftir tónskáldinu en firðinum.

Göngugarpar geta lagt upp í ævintýraferðir frá Kaldalóni, því þaðan liggja gönguleiðir til Jökulfjarða og yfir Drangajökul til Hornstranda.



Hús með sögu

Ef veggirnir í Einarshúsi í Bolungarvík gætu talað hefðu þeir frá mörgu merku að segja. Í húsinu bjuggu á árum áður athafnamennirnir Pétur Oddsson og síðar Einar Guðfinnsson. Sá síðarnefndi undi sér vel í húsinu og átti þar hamingjuríka daga, en Pétur Oddsson fékk að reyna hverja þrautina á fætur annarri. Á meðan hann og fjölskylda

hans bjuggu í húsinu fylgdi hann öllum börnum sínum til grafar, en þau urðu flest berklum að bráð.

Í dag er í Einarshúsi rekinn veitingastaður, krá og gisting á efstu hæðinni. Unnið er að sögusýningu sem gerir þessari sögu harma og hamingju góð skil, auk þess sem vertinn Ragna Jóhanna Magnúsdóttir getur frætt gesti og gangandi um fyrri íbúa húss-

ins. Húsið hefur allt verið gert upp af Rögnu og eiginmanni hennar, en hjónin hafa mikið á sig lagt til að halda í gamla útlitið. Eftir að hafa notið matar og drykkjar í notalega veitingasalnum, og mögulega gætt sér á kaffi og líkjörsdreitli í kránni í kjallaranum, geta gestir gengið mettir og sælir upp á efri hæðina og laggst til hvílu undir blúnduveri. Gestir hafa einnig aðgang að gullfallegri stásstofu á efri hæðinni.

Allar nánari upplýsingar um Einarshús og þá viðburði sem vertinn stendur fyrir yfir sumarið má nálgast á síðunni einarshusid.is.



VINIR VINNA VERTU VINUR

Tryggðu þér vinarúmer núna á sibs.is eða í síma 552 2150

SÝNDU VINARHUG

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma og slys

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið,
aðeins 1100 kr. miðinn
- vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft



HÓTEL NÚPUR DÝRAFIRÐI

Frír aðgangur að eldhúsum fyrir alla hótélgesti.

Frítt fyrir börn yngri en 12 ára, stór 3-5 manna fjölskylduherbergi í boði.


Matur úr héraði, Guðmundur Helgason matreiðslumeistari sér um matseldina.

Hótel Núpur sími 456 8235 - info@hotelnupur - www.hotelnupur.is



Viðburðir

sumarið 2011



Júní:

Sjómanna dagshelgina 2.-5. júní verður blásið til **Skosku Hálandaleikana** á Patreksfirði, en þar er alla jafna haldið veglega upp á sjómannadaginn. Gert er ráð fyrir að viðburðurinn laði að sér fjölda áhorfenda auk keppenda, aðstoðarmanna og fjölmiðlamanna.

Heimildarmyndargerðarmenn og annað áhugafólk safnast saman á Patreksfirði dagana 10.-12. júní á **heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg**, sem nú er haldin í fimmta sinn. Nánari upplýsingar á skjaldborg.com.

HrafNSEYRARHÁTÍÐ verður að vanda haldin **17. júní**, á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar á HrafNSEYRI við Arnarfjörð. Hátíðin verður enn veglegri í ár, þar sem um ræðir 200 ára afmæli forsetans. Nánari upplýsingar á jonsigurdsson.is.

Klassíska tónlistarhátíðin Við djúpið fer fram dagana 21.-26. júní á Ísafirði. Fjöl margir tónleikar eru í boði, en dagskrána má skoða á síðunni viddjupid.is.

Helgina 23.-26. júní verður fjölskylduhátíðin „Bíldudals grænar“ haldin í fimmta sinn. Á meðal dagskrárliða þessa helgina á Bíldudal eru tónleikar, leiksýningar, íþróttakeppnir og fjölmargt fleira.

Júlí:

Helgina 1-3. júlí verða haldnir **Hamingjudagar á Hólmavík** í sjöunda sinn. Námskeið í hláturjoga verður í boði í hamingjudagavíkinni, keppt verður um Hamingjulagið og fjölmargt fleira í boði. Á lokadegi hátíðarinnar efnir Sauðfjársetrið á Ströndum svo að vanda til Furðuleika. Upplýsingar á strandabyggd.is/hamingjudagar

Listahátíðin Æringur fer fram í **Bolungarvík** í sumar. Ungir og upprennandi listamenn dveljast á staðnum og vinna þar verk. Opnun á sýningu þeirra fer fram laugardaginn 2. júlí, en sama dag er Markaðsdagur í Bolungarvík.

Snjálfjallasetur stendur fyrir spænskri dagkrá sunnudaginn 3. júlí. Boðið verður upp á bátsferð á söguslóðir Spánverjavíganna í Æðey og spænskir réttir matreiddir. Sama dag verður opnuð sýning um gróðurfar á Snæfjallaströnd í setrinu. Upplýsingar á snjalfjallasetur.is.

Félag um endurreisn listasafns Samúels í Selárdal heldur menningarhátíð í Selárdal, Selárdalshátíð, **helgina 9.-10. júlí** með tónlistaratriðum og uppákomum af ýmsu tagi.

Hlaupahátíðin Vesturgatan stendur yfir **dagana 15.-17. júlí**. Á dagskránni er meðal annars Óshlíðarhlaup, sjósund, fjallahjólreiðar og mislöng Vesturgötuhaup, þar sem hlaupið er um Svalvogaveg. Upplýsingar á vesturgatan.net.

Helgina 22.-24. júlí er fjölskylduhátíðin **Tálknafjör** haldin á **Tálknafirði**.

Gönguhátíðin Svartfuglinn, nefnd eftir skáldsögu Gunnar Gunnarssonar, stendur yfir **dagana 22.-28. júlí**. Bækistöðvar hátíðarinnar eru á Patreksfirði, en boðið er upp á fjölmargar göngur í nágrenni bæjarins. Upplýsingar á umfar.is.

Ágúst:

Sandkastalakeppnin í Holtsfjörú í Önundarfirði hefur verið árviss viðburður í fjölda ára. Hún fer sem áður fram klukkan 14 á laugardegi um verslunarmannahelgi, sem í ár er **6. ágúst**.

Einleikjahátíðin Act Alone verður haldin **dagana 12. - 14. ágúst**. Bækistöðvar hátíðarinnar eru á Ísafirði en hún teygir anga sína einnig til Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Dagskrá hátíðarinnar birtist á síðunni actalone.net í júní.

Helgina 12. - 14. ágúst verður blásið til hátíðarinnar **Matur og menning á sunnanverðum Vestfjörðum**. Hátíðin er haldin í samvinnu við vestfirska matarklasann Veisla að vestan sem er samstarfsverkefni um mat og ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Í Súðavík verða Bláberjadagar haldnir hátíðlegir **26.-28. ágúst**, þar sem berinu verður hampað á allan mögulegan hátt. Berjatínsla, tónleikar og keppni í berjabláma-brosi er á meðal dagskrárliða.



„HIGH STREET SHOPPING“

á hagstæðu verði



Austurvegi 2
Ísafirði
Sími: 456 4070



Travelwest.is
Hópförðabílar
 Breiðavík / Látrabjarg
 Sími: 865 4695 / 456 1575
 Netfang: keran@patro.is

Verið velkomin



Gamla bakarið
GAMALT EN SÚNGT

Adalstræti 24
Sími 456 3226

BJARNARNES

Siggi Hjartar - Bátsferðir frá Bolungarvík

Ferðir frá Bolungarvík á Hornstrandir,
Jökulfjörður og um Ísafjarðardjúp

Sjótaxi - áfangastaðir eftir samkomulagi

Upplýsingar í síma: 892 3652 eða í
netfanginu: bjarnarnes@bjarnarnes.is




Veitingastaður Skemmtistaður Kaffihús

Vesturslóð

Restaurant • Bar
Sími 456 6620

ÆVINTÝRAHANDBÓK

FJÖLSKYLDUNNAR



Námskrá

litla líffræðingsins:

Lífið á landi

Fuglar

Getur þú nefnt 10 fuglategundir? Hvernig notar maður fuglagreiningarbók? Af hverju þykist lóan vera vængbrotin? Af hverju er krían alltaf í svona vondu skapi? Hvar eru fuglarnir á veturna?

Refir

Refir eru hræddir við fólk en hægt er að sjá spor þeirra í fjörum og stundum er maður heppinn og sér þá skjóttast hjá. Stundum er hægt að heyra í þeim gagga þegar maður er á fjöllum.

Húsdýr

Hvað getur þú nefnt mörg húsdýr? Hvað sjáum við mörg húsdýr á ferðalagi um landið? Er húsamús húsdýr?

Pöddur og smádýr

Geta köngulær í alvörunni vísað manni á berjamó? Vakna flugurnar í fjörupanginu bara í góðu veðri? Kunna galdraflugurnar sem sitja alltaf á hvönninni virkilega að galdra? Breytast liffur virkilega í fiðrildi þegar þær verða stórar?

Lífið í vötnum, sjó og fjöru

Hvalir

Eru hvalir ekki fiskar? Hvað borða hvalir?

Fiskar

Hvað getið þið nefnt margar fiskategundir sem eru í sjónum? Hvaða fiskar eru í ferskvatni? Hvernig anda fiskar? Hvar og hvernig er best að veiða hornsli?

Selir

Hægt er skoða seli sem hvíla á steinum á mörgum stöðum um landið, hvernig skepna er þetta eiginlega?

Fjöruferð

Af hverju eru sumar fjörur svartar, sumar gular og sumar rauðar? Af hverju eru sumar fjörur með sandi og aðrar með steinum? Ýmislegt sem lítur út fyrir að vera dautt er í rauninni lifandi. eru kuðungar lifandi? En hrúðurkarlar? Hvað með skeljar og krækling? Hvað eru ígulker? Labba krossfiskar? Oft er mikið líf undir steinum í fjörunni. Getið þið fundið marflær?



Fiskisporðar og bryggjusporðar

Í vestfirskum sjávarþorpum syndir fiskur við allar bryggjur og það hefur alltaf verið vinsælt sport hjá börnum á ýmsum aldri að dorga af bryggjum. Með örlítilli heppni er hægt að fá margar spennandi tegundir á færið eins og þorsk, lúðu, kola, ýsu og meira að segja hefur heyrst af einstaka heppnum veiðimanni landa stórum og sprækum ufsa. Sú fiskitegund sem er hvað hjartakærust mörgum bryggjudorgaranum er þó vitanlega marhnúturinn. Þessi furðufiskur, sem bæði er alveg herfilega ljótur, vitagagnslaus og algerlega óætur, er raunar svo kær Vestfirðingum að heil veiðikeppni heitir í höfuðið á skepnum, Mansveiðikeppnin sem haldin er á Suðureyri á hverju ári.

Á höfninni er líka gaman að virða fyrir sér mannlífið, fylgjast með túristunum sem fara út til að veiða á sjóstöng, beitingafólkinu sem vinnur sín störf í skúrunum við höfnina, hvernig menn bera sig við að landa úr bátum og skipum, fylgjast með mávunum flögna um og svo framvegis.

Fjörufarð í Breiðafirði

Fallegur áningarstaður fyrir fjölskylduna er í Mjóafirði, þar sem hægt er að fara í stuttan göngutúr upp dalinn, skoða fossinn eða stikla um í fjörinni. Annar kjörinn áningarstaður er við Litlanes, eða í fjörinni í Kjálkafirði. Þar er skemmtilegt að una sér við að fleyta kerlingar eða tína skeljar.

Sumar fjörur á Vestfjörðum eru svartar en þegar lengra er farið eftir Barðaströndinni verða þær gular vegna skeljabrota. Þar má því finna allskyns smádýr, skeljar og kuðunga. Þanghrúgur, steinar og fjörupollar eru oft íverustaðir lítilla fjörukvikinda, hrúðurkarla og burstaorma. Krossfiskar halda mikið til þar sem sjórinn er grunnur og þegar fjarar út má finna marflær í litlum pollum og undir steinum. Stundum skolar líka ígulkerjum og öðrum skringiskepnum á land. Í sandfjörum sjást oft spor eftir fugla. eru það vaðfuglar eða endur? Fuglar í fjöruborðinu eru margskonar. Þekkið þið muninn á vaðflugum, andflugum og mávum? Hvað skyldu þeir vera að gera þarna í fjörinni?





Friðlandið í Vatnsfirði

Í Vatnsfirði eru margar gönguleiðir, langar sem stuttar, eins og Hrafna-Flóki fékk sjálfsagt að reyna þegar hann var að þvælast um fjörðinn fyrir 1144 árum síðan. Þá kom kappinn yfir hafið frá Noregi og hafði vetursetu á Íslandi. Þá hét landið að vísu ekki Ísland heldur Garðarshólmi. Eftir að allar kindurnar og kýrnar sem Flóki tók með sér til Íslands höfðu drepist úr sulti yfir veturinn, gekk Flóki upp á nálægt fjall. Þá sá hann alla firði fulla af hafís og gaf landinu þess vegna nafnið Ísland.

Í Vatnsdalsvatni er hægt að veiða ef tilskilin leyfi eru fyrir hendi. Ef veiðistöngin er ekki með í för getur verið gaman að kíkja aðeins betur á Vatnsdalsá með öllum sínum fallegu fossum. Við hótelið í Flókalundi er lítill náttúrupottur, sem kallast Hellulaug, vandlega falinn niðri við sjóinn. Við hótelið er líka fótboltavöllur og leiksvæði svo ungvíðið getur haft nóg fyrir stafni.

Við Haukabergrsvaðal er gamall aflagður flugvöllur. Við vaðalinn er bryggja og þaðan eru nokkrir bátar ennþá gerðir út á grásleppuveiðar á vorin. Á bryggjunni er hægt að dorga og það er gaman að vaða í sjóinn í fjörinni.

Krossholt og Mórudalur

Við Krossá á Barðaströnd er upplýsingaskilti um víkinga á Vestfjörðum þar sem sagður er hluti sögunnar um Gísla Súrsson. Í Krossholti er húsaþyrping, félagsheimilið Birkimelur og sveitaskólinn Birkimelsskóli og við skólann leikvöllur og sparkvöllur. Rétt fyrir neðan veg er sundlaug sem byggð var 1948 og endurgerð 2008.

Í Mórudalnum fyrir innan Krossholt eru margar fallegar gönguleiðir. Ídalnum er falin gömul sundlaug þar sem áður var kennt skólasund. Glöggir göngugarpar ættu að geta fundið laugina. Á göngu um svæðið er ekki úr vegi að læra aðeins um fjallagrös og blóðberg. Það vita til dæmis ekki allir að það er gott að gera te úr blóðbergi. Margir kippa plöntugreiningarbók með sér í ferðalagið. Þá er gaman að taka bókina út í náttúruna og greina plönturnar sem verða á vegi manns. Sumir tína líka blómin sem þeim finnst fallegust og þurrka á milli blaðsíðna í bókum.

Rauðasandur

Rauðasandur liggur milli Skorarhlíðar og Látrabjargs. Í sólskini er eins og sandurinn glói, en hann er ríkur af hörpudisksmulningi sem veldur rauða litnum. Þetta er sólbaðsströnd íbúanna á suðursvæði Vestfjarða, sem sumum finnst nánast jafn góð og strandirnar á Spáni!

Skammt fyrir vestan bæinn Lambavatn, þar sem graslendið endar og sandarnir taka við, er hár grjóthóll sem heitir Skaufhóll. Þaðan er gott útsýni til Látrabjargs. Ofan til á Skaufhóli er sérstakur klettur sem heitir Karlinn á Skaufhóli sem vakir yfir svæðinu.

Rauðasandur var þéttbýll á árum áður. Saurbær, vestan megin Bæjarvaðals, var á 15. öld höfuðból Guðmundar ríka Arasonar og þar hafa búið mörg fyrirmenni. Nútil dags er á Saurbæ rekið lítið kaffihús og þar er gott að fá sér að borða eftir langan dag í fjörinni.



Costa Barða

Barðaströndin nær frá Vatnsfirði að Siglunesi. Þar er víða gott aðgengi að frábærum gulum sandströndum og þar er líka iðandi fugla- og dýralíf. Í góðu veðri þegar sólin skín verður sjórinn þægilega heitur þegar flæðir að þannig að hægt er að skella sér út í, þó ekki sé nema í stutta stund. Ef ferðalangar taka sér góðan tíma geta þeir skoðað alla fuglana sem hafa hreiðrað um sig á svæðinu, kannski sjá örn á flugi, álfir, gæsir, endur, fálka eða smyril.

Reiðskörð, við bæinn Rauðsdal, eru háir og þunnir berggangar sem ganga í sjó fram. Fjaran í kring er falleg og hægt að finna sér ýmislegt til dundurs. Í Reiðskörðum var afbrotamaðurinn Sveinn skotti hengdur árið 1648 og stóðu bændur í nágrenninu fyrir því. Sveinn þessi var sonur hins alræmda fjöldamorðingja Axlar-Bjarnar.

Sauðlauksdalur

Fjörufurð á sandoddann við gamla Patreksfjarðarflugvöllinn í sunnanverðum firðinum er skemmtileg dagsferð og þar er sérstaklega vinsælt að spreyta sig á sandkastalagerð. Fyrir innan flugvöllinn er Sauðlauksdalur, sem er fyrrum kirkjustaður og stórbýli. Séra Björn Halldórsson var prestur þar um miðja 18. öld, en hann var fyrsti Íslendingurinn til þess að rækta kartöflur.

Sauðlauksdalsvatn er sérstaklega skemmtilegt veiðivatn fyrir börn og fullorðna, en þar veiðist urriði og bleikja. Veiðileyfi fást til dæmis á bensinstöðinni á Patreksfirði. Í Sauðlauksdal eru skemmtilegar stuttar gönguleiðir þannig að hægt er að bregða sér í göngutúr ef enginn fiskur bitur á.



Örlygshöfn

Á minjasafninu á Hnjóti er einstætt safn gamalla muna frá Vestfjörðum sem sýna vel daglegt líf fólks til forna. Þar er hægt að skoða hitt og þetta skrítið og skemmtilegt; gamla hatta og skó, gervifót og tréskeiðar, orgel og víkingaskip, báta og fót. Á Hnjóti er geymd fyrsta tölvan sem kom í Vestur-Barðastrandarsýslu og margar kynslóðir af símtækjum. Þar er líka hægt að sjá skauta sem voru gerðir úr hrossleggjum og margt fleira spennandi.

Í Örlygshöfn er líka hægt að fara á hestbak í lengri og styttri ferðir. Það er til dæmis mjög vinsælt að ríða eftir ströndinni.

Látravík og Breiðavík

Bjargtangar, sem eru á Látrabjargi, eru vestasti hluti Evrópu. Hvallátrar í Látravík var því vestasta byggð í álfunni. Á árum áður bjó mikill fjöldi fólks á þessum slóðum og voru mikil umsvifin í Hvallátrum. Þá komu bændur víða að á veturna og reru til fiskjar á litlum árabátum. Á vorin fóru þeir svo aftur heim á bóndabæina sína til þess að sinna sauðburði og vinna allt sem þurfti að gera á bóndabæjum í gamla daga.

Allsstaðar í kring eru gylltar sandstrendur sem gefa umhverfinu ævintýrablað. Í Breiðavík er rekin ferðapjónusta en á árum áður var þar rekið drengjaheimili sem gerð var heimildarmynd um fyrir stuttu. Fjölmörgum sögum fer af búskap skessa, álfa, drauga og ófreskja á þessum slóðum og það var ekki óalgengt að menn sæju til álfaskipa, glímdu við ófreskjur eða væru eltir af draugum. Margir frægir draugar eins og skipstjórinn á ganginum, Pilli, Dalli og Rassbeltingur gerðu ýmiss konar óskunda í sveitinni.

Látrabjarg

Látrabjarg er stærsta sjávarbjarg landsins og eitt þéttsetnasta fuglabjarg heims. Úti fyrir Látrabjargi eru klappir þar sem útselir koma sér makindalega fyrir og úti við sjóndeildarhringinn má stundum sjá hvali. Stöðugt grefur undan bjarginu þannig að allir gestir á Látrabjargi verða að passa sig vel og fara aldrei alveg að brúninni.

Bjargið iðar af fugli framan af sumri og er það ævintýraheimur sem verður varla með orðum lýst. Þó margar tegundir fugla verpi í bjarginu sjást ekki allar tegundirnar frá bjargbrúninni því sumar verpa neðarlega í bjarginu. Lundinn er svo gæfur þar sem hann situr á bjargbrúninni að það má næstum klappa honum.

Fuglabjörg verða til þegar sjórinn nagar sig smám saman inn í fjöllin. Fuglum finnst gott að vera í bjarginu vegna þess að þar eru þeir óhultir fyrir ref og öðrum hættum sem að þeim geta stöðjað uppi á landi.

Kollsvík og Hænuvík

Í Kollsvík var lengi verstöð og það er stórskemmtilegt að fara í feluleik í rústum verbúðanna niðri við sjóinn. Þar er einnig minnismerki og teikningar af verstöðinni eins og hún var á árum áður.

Í Hænuvík er sjálfsagt mál að fá að sjá dýrin á bænum. Þar eru meðal annars kindur, dúfur, hænur og kanínur. Svo býr þar refur, sem vandlega er gætt að komist ekki í hænsnakofann. Í víkinni er hægt að vera í fjörunni, ganga til fjalla og fara í kvöldgöngu í fallegu sólarlagi í Ólafsvita á Sellátranesi. Áhugavert er að labba út á milli Helma, þar eru götöttar klettaborgir sem eru skemmtilegt myndefni.

Í fjörunum á öllum sunnanverðum Vestfjörðum er kannski merkilegast hvað sandurinn er mismunandi. Sums staðar er hann grófur, annarsstaðar fínn. Sums staðar er hann gulur, annarsstaðar rauður og enn annarsstaðar er hann svartur eða ljósgrár. Hvernig væri að safna sandi úr öllum víkunum í litlar dósir eða krukkur og bera saman?

Patreksfjörður

Þegar keyrt er yfir Kleifaheiðina milli Barðastrandar og Patreksfjarðar er grundvallaratriði að muna eftir að veifa Kleifakallinum fyrir góðri ferð, hann vakir yfir ferðalöngum sem eiga leið framhjá. Það er líka hægt að staldra við hjá honum og fá sér frískt loft eða borða nesti. Stálskipið Garðar í botni Patreksfjarðar er mjög spennandi að skoða, en það hefur legið í Skápadal í tæp 30 ár. Á golfvelli Patreksfjarðar er hægt að spila golf á 9 holu golfvelli, þar sem börn undir sex ára aldri spila frítt.

Veiðigarpar geta einnig farið á sjóstöng frá Patreksfirði. Fyrir ofan bæinn er gönguleið þar sem hægt að fara í alvöru fjallgöngu, finna hellisskúta, gamalt eyðibýli, fara í feluleik, tynast í skóginum fyrir ofan sjúkrahúsið og næla sér í rabarbarastöngul. Sundlaugin Brattahlíð er alltaf jafn skemmtileg, og grjótgarðurinn og fjaran á Vatneyri er ævintýraheimur. Í kringum Sjóráningjakhúsið leynast líka stundum sjóræningjar.

Tálknafjörður

Utarlega í Tálknafirði er sandfjara sem heitir Bakkafjara. Fjaran er í fallegum vogi, alveg við veginn þegar komið er framhjá Stóra Laugardal. Þar er upplagt að baða sig í sjónum og allir mega veiða fisk í fjöruborðinu og ef eitthvað ætt veiðist, grilla fiskinn í fjörunni.

Í sjálfru þorpinu í Tálknafirði er nóg við að vera. Við tjaldsvæðið er sparkvöllur, leikvöllur og strandblaksvöllur. Þar er líka sundlaugin sem er með rennibraut. Það sem flestir Tálknfirðingar meta þó mest við þorpið sitt er líklega Pollurinn



rétt fyrir utan þorpið. Pollurinn samanstendur af nokkrum litlum laugum sem í rennur vatn úr nálægri borholu. Þangað er notalegt að fara að loknum löngum degi í fjörunni eða bílnum og láta þreytuna líða úr líkamanum. Laugarnar eru misheitar og henta því öllum.

Bíldudalur

Á Bíldudal er hægt að rekast á marga kynlega kvisti, bæði menn og skrímsli. Þar er mikil veðurbliða vegna skjólsins sem bærinn hefur af fjöllum. Krakkarnir á Bíldudal stökkva því oft í höfnina til að kæla sig og foreldrunum er alveg sama því björgunarvesti eru á bryggjunni. Hægt er að fá róðrabáta lánaða án endurgjalds en aldurslágmarkið er 12 ár og allir verða að vera í björgunarvesti.

Frá Bíldudal er líka siglt í ferðir á söguslóðir Gísla Súrssonar, en þar eyddi hann síðustu árum ævi sinnar í felum frá mönnum sem vildu drepa hann. Síðasta bardaga sinn háði Gísli í Geirþjófsfirði þar sem hann stökk heljarstökk ofan af Einhamri og lenti á andstæðingi sínum með sverðið á undan og hjó manninn í tvennt, alveg niður að beltisstað. Á leiðinni heim er líka siglt um búsetusvæði skrímsla, sem einmitt er hægt að kynna betur á Skrímslasetrunu!

Selárdalur

Eitt sérstæðasta safn landsins er safn Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði. Höggmyndir Samúels höfða ekki síst til barna og er ekki að undra því Samúel hefur verið kallaður listamaðurinn með barnshjartað. Verk Samúels voru nýlega gerð upp af sjálfböðaliðum og hægt er að skoða þau og fræðast um þennan einstaka listamann á safninu. Þá er þar kirkja sem Samúel reisti sjálfur utanum eigin altarisöflu eftir að henni var hafnað af sveitungum hans.

Litlir söguspekingar hafa líka gaman af að fara í Selárdal, því þar áttu sér stað miklar nornaveiðar á öldum áður, þar sem hinn sprenglærði séra Páll Björnsson (1621-1706) lék stórt hlutverk. Páll var mikill vísindamaður og þótti mikill og góður predikari. Þrátt fyrir visku sína stóð hann á bakvið galdraofsóknir í dalnum. Kona Páls, Helga Halldórsdóttir, átti við langvinn veikindi að stríða og var göldrum nágranna kennt um. Sex karlar og ein kona voru brennd á báli fyrir þessa meintu galtra.

Í vestanverðum Selárdal stendur Þórislíðarfjall þar sem finna má plöntusteingervinga, leifar af beyki, vínvið, harðhnotu og fleiri tegundum sem eru meðal elstu minja um gróðurfar á Íslandi. Steingervingarnir eru ofarlega í fjallinu, í um 360 metra hæð og þykja óvenjulega greinilegir og fagrir.

Arnarfjörður

Allir sem koma á Vestfirði stoppa við fossinn Dynjanda innst í Arnarfirði. Þar eru ótal minni fossar og sagt er að hægt sé að ganga bakvið einn þeirra. Glöggir krakkar geta kannski fundið fossinn og ef þeir hugrökku fara varlega geta þeir komist bakvið hann. Það tekur heldur enga stund að ganga upp að stærsta fossinum, sem heitir líka Fjallfoss á sumum landakortum.

Á Hrafnseyri í Arnarfirði fæddist frelsishetjan Jón Sigurðsson. Jón barðist lengi og hart fyrir sjálfstæði Íslendinga frá Dönnum eins og allir vita. Hann fæddist 17. júní 1811, sem var seinna valinn sem þjóðhátíðardagurinn okkar. Styttu af Jóni er á Austurvelli í Reykjavík, beint á móti Alþingi. Flestir þekkja svo myndina af Jóni sem skreytir fimmhundraðkallinn. Á Hrafnseyri er safn til minningar um Jón Sigurðsson þar sem kynna má sögu hans og sögu baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði.

Skrúður og Víkingar

Í Dýrafirði er hægt að eyða mörgum vikum án þess að láta sér leiðast eitt augnablik. Ef ætlunin er hins vegar að eyða þar aðeins einum eða tveimur dögum mælum við sérstaklega með heimsókn í Skrúð og á Þingeyri. Fyrsti og elsti skrúðgarður okkar Íslendinga er í Dýrafirði, nánar tiltekið að Núpi. Garðurinn heitir Skrúður og draga aðrir skrúðgarðar nafn sitt af honum. Garðurinn hefur að geyma fjölda algengra sem og sjaldgæfari plantna. Hliðið inn í garðinn vekur mikla athygli ferðalanga, en það er kjálki úr hval sem fenginn var úr norskri hvalabréðslu sem var í Dýrafirði fyrir um 100 árum.

Eftir heimsóknina í Skrúð er tilvalið að heimsækja víkingana á Þingeyri, en þar hefur verið reist heilt víkingaþorp með útivistarsvæði í víkingastíl. Aðstaðan er mynduð úr hringhleðslu úr grjóti með langeldi fyrir miðju, sviði, bekkjum og borðum auk grillastöðu. Á laugardögum á sumrin er svo haldin sérstök víkingakvöldvaka þar sem hægt er að sigla um á víkingaskipi og kynna handverki frá víkingatímanum.



Brúðusafn og Bátalón


Önundarfjörður er stór og breiður fjörður og þar má finna sér margt til dundurs. Við Flateyri er Sólbakkalón þar sem nýlega var komið fyrir lítilli bryggju sem auðveldar aðgengi að lóninu. Á sumrin eru á lóninu bátalíkon smíðuð af heimamanninum Úlfari Önundarsyni. Þá eru þar litlir leikfangabátar sem börn og fullorðnir geta leikið sér með við lónið.

Þegar út á Flateyri er komið er hægt að renna við í Félagsbæ þar sem áður var kaupfélag en er nú félags- og menningarmiðstöð Flateyringa. Þar er alþjóðleg brúðusafn þar sem eru til sýnis 200 handgerðar brúður frá öllum heimshornum. Fjallageitur geta reynt sig við að ganga eftir snjóflóðavarnargarðinum fyrir ofan Flateyri, þaðan sem er frábært útsýni yfir fjörðinn. Neðarlega á varnargarðinum er sérstakur útsýnispallur með skífu þar sem helstu örnefni eru merkt. Við hinn forna kirkjustað Holt er svo að finna eina fallegustu fjöru landsins. Fjaran býður upp á hlaup og leiki og minnir á sólríkum dögum á suðrænar strendur þar sem sjá má fólk busla og jafnvel synda í sjónum.

Þorskar, endur og Skollasandur

Ekki eru það margir sem eiga þorska sem gæludýr það mætti segja að íbúarnir á Suðureyri séu meðal þeirra fáu sem geta státað sig af því. Rétt fyrir innan bæinn er lón þar sem feitir og fínir þorskar halda til. Þorskarnir eru feitir því þeim er gefið að éta af gestum og gangandi, og fínir þar sem sumir þeirra koma jafnvel svo nálægt að hægt er að klappa þeim létt. Fáir maður ekki nóg af því að gefa fiskunum að éta er hægt að fara inn í þorpið og gefa öndunum á tjörninni brauð. Það litla sem þá er eftir af nestinu getur maður borðað í skógræktinni sem er fyrir ofan tjörnina.

Sundlaugin á Suðureyri er einnig sú vinsælasta á Vestfjörðum, væntanlega vegna þess hversu vel fer saman veðurbliðan sem yfirleitt er í Súgandafirði og sú staðreynd að laugin er undir beru lofti. Vilji maður hitta á heimamenn



Í stuði er þó best að veðja á Skollasand, rétt fyrir utan byggðina. Þar er stór klettur sem nefnist Kerling við fjöru sem gaman er að leika sér í. Gönguleiðir á þessum slóðum eru margar og ef maður er á ferð um síðsumarið er yfirleitt krökkt af berjum í nærliggjandi hlíðum.

Ósvör og Náttúrugripasafnið í Bolungarvík

Safnið í Ósvör er einstakt í sinni röð en það er endurgerð verstöð frá árabátatímanum. Verstöðin er ein hin elsta sinnar tegundar á landinu og er lögð áhersla á að halda henni í sem upprunalegastri mynd. Í Ósvör er salthús, fiskihjallar, sexæringur, dráttarspil, fiskireitur og útihjallar sem gefa staðnum blæ liðinna tíma. Inni við eru munir sem tilheyra árabátatímanum, skinnklæði sjómanna og ýmis verkfæri og munir sem voru nauðsynlegir vermönnum til daglegra nota. Safnvörðurinn er löngu orðinn heimsfrægur en hann bregður sér í sjóklæði sem hæfa staðnum og segir sögur af lífi sjómanna hér áður fyrir.

Náttúrugripasafnið er inni í bænum sjálfum. Náttúrufræðiáhugamenn á öllum aldri hafa gaman að fuglasýningunni, sem er ein sú stærsta sinnar tegundar á landinu og telur yfir 160 tegundir fugla. Þar er einnig að finna seli, minka, refi, blöðruselsbrimil og landsfrægan hvítabjörn. Þeir sem kaupa sér aðgang í Ósvör fá afslátt inn á Náttúrugripasafnið og öfugt. Frítt er fyrir 16 ára og yngri á bæði söfnin.

Skálavík

Fátt er skemmtilegra en að eyða degi í Skálavík. Sandfjaran kallar á kastalagerð og þeir sem eru í sólarlandaskapi geta buslað aðeins í sjónum. Þar sem sjórinn við Ísland er ansi kaldur er kannski enn betra að stökkva í hyl í ánni rétt fyrir ofan fjöruna. Þetta sport er vinsælt meðal þeirra sem eiga bústað í Skálavík og því er tilvalið að slást í hópinn og henda sér í hylinn eða vaða aðeins þar sem grynna er í ánni.

Þeir sem eru rómantískir í anda ættu að fara með ástinni sinni og börnum til Skálavíkur að kvöldi til og njóta útsýnisins og sólarlagnsins. Ljósmyndir af sólarlagi hafa yfirleitt skorað hátt í ljósmynda-samkeppnum tímarita og því er ekki úr vegi að ungir ljósmyndarar hefji ferilinn í Skálavík.

Byggðasafnið

Byggðasafn Vestfjarða er í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði þar sem er elsta húsaþyrping landsins. Þar má fræðast um ýmislegt sem tengist sjávarútvegi fyrr og síðar, eins og veiðar, verkunaraðferðir, skipasmíðar og sjá gömul skipalíkon. Í safninu er líka eldgamall kafarabúningur til sýnis.

Hin gamla aðferð til að sólpurrka saltfisk er enn í heiðri höfð á safninu. Á góðum og sólbjörtum dögum getur fólk séð hvernig verkunin og breiðsla á fiskinum fer fram. Þegar skemmtiferðaskip eru í bænum, sem gerist alloft yfir sumarið, stendur leikhópur unglunga í bænum fyrir dans- og söngatriðum fyrir gesti af skipunum. Sjálfsagt er að renna þá við og fylgjast með. Vélbáturinn Gestur frá Vigur sem er í eigu safnsins og smíðaður er 1906, er notaður til siglinga með gesti safnsins um Pollinn á Ísafirði. Krókurinn Dokkan er sérútbúinn fyrir fróðleiksfús börn. Þar er hægt að sitja á gömlum skólabekkjum úr grunnskólanum á Ísafirði og fönndra og lita.

Tunguskógur

Í Tungudal sem liggur inn af Skutulsfirði, lúrir lítill en gróinn skógur, Tunguskógur. Í dalnum er mikil veðursæld. Í Tunguskógi og nágrenni leynast skemmtilegar gönguleiðir og rjóður með bekkjum og borðum þar sem tilvalið er að setjast niður og njóta fuglasöngsins, lækjarniðarins og gróðuranganarinnar. Lítil lækur rennur í gegnum skóginn sem vinsælt er að vaða í á sumrin en einnig er gaman að ganga upp að fossinum sem er við skóginn. Í mynni dalsins er níu holu golfvöllur og sex holu æfingavöllur sem hentar vel fyrir byrjendur. Aðeins innar í dalnum má finna stórt tjaldsvæði þar sem krakkar á öllum aldri geta fengið útrás í skemmtilegum leiktækjum.

Naustahvilft

Naustahvilft er stór hvilft við Skutulsfjörð, gegnt Ísafirði. Samkvæmt gamalli þjóðsögu varð hún til þegar stór og mikil tröllskessa sem var á ferð um landið þreyttist á göngu sinni og fékk sér sæti á Kirkjubólshlíð. Þar sat hún og laugaði fæturna í sjónum en vegna þunga skessunnar seig fjallið og þegar hún stóð upp varð eftir dæld í hlíðinni. Hvilftin er áberandi frá Ísafirði og hún er líka kölluð Skessusætið og Skálin.

Auðvelt er að ganga upp í Naustahvilft, en hægt er að fylgja lækjunum sem renna úr skálinni niður að veginum um Kirkjubólshlíð. Gangan er brött en stutt og tekur um eina klukkustund. Þeir sem ná alla leið upp verða ekki sviknir af útsýninu, hvort sem gengið er um sumar eða vetur, að kvöldi til eða í dagsbirtu. Þegar upp er komið er skylda allra göngugarpa að kvitta í gestabókina sem er þar fest við stóran stein.

Raggagarður og Valagil

Í ytri byggðinni í Súðavík er fjölskyldugarður sem heitir Raggagarður. Þar er að finna fjöldann allan af leiktækjum sem henta börnum á öllum aldri. Meðal leiktækja eru þau hefðbundnu eins og kastali, klifurgrind, rugguhestur og róla en af þeim óhefðbundnari má nefna aparólu, sveiflustaur og hringekju þar sem maður hangir í stað þess að standa eða sitja. Veran í Raggagarði er með öllu ókeypiss og er tilvalið að njóta dagsins í garðinum og taka með nesti eða grilla. Innst í botni Álfafjarðar er gil sem nefnist Valagil. Gilið er djúpt og áin rennur niður gilið í mörgum fossum. Gangan þangað er ekki ýkja erfið og er merkt gönguleið frá þjóðveginum alla leið að giliinu.



Selaskoðun í Djúpinu

Selir eru sagðir vera með mannsaugu og í íslenskri þjóðtrú er sagt á tregafullan hátt frá mönnum og konum í selslíki sem þurfa að velja milli þess að vera í sjónum eða á landi. Á fáum stöðum á Íslandi er jafn algengt að sjá seli eins og við strendur Ísafjarðardjúps.

Þeir sem vilja vera nokkuð vissir um að sjá fleiri en einn og einn sel á stangli ættu að hafa augun opin þegar þeir keyra framhjá bænum Látrum í Mjóafirði en þar rétt við land er stórt sker sem er jafnan þéttsetið selum og kópum. Sömu sögu er að segja við Reykjanes. Selirnir og afkvæmi þeirra halda sig oftast í grennd við land, einkum á svæðum þar sem þeim stafar annars hættu af óvinum eins og háhyrningum. Urtur (selamömmur) kæpa (eignast kópa) á vorin. Urtan passar vel upp á ungana sína og flytur kópinn með sér á bakinu eða á milli hreifanna þegar þau eru á sundi og hefur hann hjá sér á landi.

Vigur

Ófá íslensk grunnskólabörn hafa lesið söguna um Sírý í Vigur, þar sem segir frá lífi lítillar stelpu sem býr í eygni. Nú er Sírý orðin nokkrum árum eldri en hún var þegar bókin var skrifuð en á þó enn heima í Vigur með foreldrum sínum. Auðveldast er að sigla í Vigur frá Ísafirði og tekur siglingin um hálf tíma. Þegar komið er út í eyju fær maður að skoða sig aðeins um. Þegar maður kemur upp að vindmyllunni fær maður lítið prik sem er bráðnaðsynlegt að hafa til að komast um eyjuna. Aðeins þeir sem sækja Vigur heim komast að því hvað maður á að gera við þetta prik...

Í Vigur er líka mikið af æðarfugli sem er alveg óhræddur við manninn, enda vanur því að hafa fólk í kringum sig. Í eyjunni er mikið af lunda, sem býr í djúpum holum í jörðinni. Þar bíða litlu lundaungarnir eftir að fá mat frá mömmu þangað til þeir verða nógu stórir til að geta flogið sjálfir.

Ævintýradalurinn Heydalur

Ævintýradalurinn gæti verið nafn á spennandi bók um börn á ferðalagi í dal þar sem hver dagur ber með sér ný ævintýri. Þegar maður er ekki að leika sér í fótbolta á túnunum eða renna sér fram og aftur í aparólunni, getur maður siglt á kajak á firðinum eða farið í hestaferðir um dalinn. Lengst uppi á fjalli er stöðuvatn, Ausuvatn, þar sem hægt er að renna fyrir fisk.

Í dalnum er á sem líðast af heiðinni niður í sjó og nánast ofan í ánni er lítill heitur pottur. Vatnið í pottinum kemur heitt beint upp úr jörðinni. Fólki á öllum aldri finnst gaman að kæla sig niður í ánni og hita sig upp í pottinum til skiptis. Páfagaukurinn sem býr í Heydal er snillingur í að herma eftir fólki og hefur mjög gaman af því að læra ný orð og setningar. Passið ykkur bara á því að þegar þið heyrirð símann hringja er það líklega páfagaukurinn að gabba.

Kirkjuból við Steingrímsfjörð

Á ferðapjónustubænum Kirkjubóli við Steingrímsfjörð á Ströndum er vel tekið á móti fjölskyldufólki og þar eru rólur og leiktæki við bæinn. Hægt er að fara í göngu um Kirkjubólshöll frá bænum. Hún er tæplega 5 kílómetra löng, hækkunin er 220 metrar og tekur það um tvo tíma að ganga leiðina. Það ætti því ekki að vera hressum krökkum ofraun að spreyta sig á göngunni.

Við fjöruna á Kirkjubóli eru bekkir og borð og lítill skilti búin til úr rekaviði sýna helstu örnefni í nágrenninu. Í námunda verpa æðarkollur og teistur. Æðar-

kollurnar eru merkilegar fyrir dúninn sem landeigendur safna úr hreiðrunum þeirra. Æðarfuglinn býr til hreiðrið sitt úr sinu og stráum og smá dúni sem vex á maganum á fuglunum. Dúnninn gerir hreiðrið mýkra og hlýrra fyrir eggin og ungana. Bændur fara um þrisvar til fjórum sinnum yfir sumarið og taka dálítið af dúninum en passa að taka ekki of mikið svo hreiðrið eyðileggist ekki. Bændurnir gæta þess líka að refur eða minkur komist ekki til að ræna eggjunum úr hreiðrunum. Þannig hagnast bæði bændurnir og æðarfuglarnir af samvinnunni.

Galdrasýning á Ströndum

Galdrasafnið á Hólmavík

Flest höfum við einhvern tímann látið okkur dreyma um að kunna að galdra, kannski til að losna við að taka til í herberginu okkar eða til að skora hreina þriggja stiga körfu. Í gamla daga reyndi fólk að galdra til að létta sér lífið og á Hólmavík er heilt safn sem fjallar um galdra og galdrafólk. Andrúmsloftið í kringum Galdrasafnið á Hólmavík er dularfullt og inni á safninu lifnar gömul þjóðtrú við og ævintýri skapast.

Á Galdrasafninu gefast reglulega tækifæri til að taka þátt í að kveða niður drauga með alvöru galdramanni af Ströndum. Það getur verið ansi taugastrekkjandi og því gott að halda fast í pabba eða mömmu meðan mest gengur á. Galdrasafnið stendur einnig fyrir ratleik um Hólmavík og Borgirnar fyrir ofan þorpið, leikurinn er með galdráívaði og geta stórir sem smáir tekið þátt. Þeim sem tekst að finna alla galdrastafina sem leynast á víð og dreif um svæðið fá að launum skjal til staðfestingar um galdrakunnáttu sína. Safnið er opið alla daga og þar er einnig að finna kaffihús, Kaffi Galdur, þar sem gott er að setjast niður eftir árangursríkan ratleik.

Galdrasýning á Ströndum

Kotbýli kuklarans

Í Bjarnarfirði á Ströndum stendur Kotbýli kuklarans. Fyrir á öldum voru galdramenn brenndir á báli fyrir galdra og kukl ýmiskonar. Ef bónda á einum bæ leið eitthvað skringilega var algengt að leita skýringar á því í að nágrennin hefði eitthvað verið að fikta með galdra. Galdrarnir voru af ýmsu tagi og átti að nota til þess þulur, galdrastafi, jurtir og ýmsar dýraafurðir eins og heila úr hrafni eða blóð úr hjarta hrafnis.

Langflestir þeirra sem voru dæmdir fyrir galdra og brenndir á báli voru fátækir kotbændur. Þeir bjuggu í litlum lágum og lélegum húsum, áttu fá dýr og þurftu að puða til að eiga í sig og á. Þessum kotbændum fáum við að kynnast í Kotbýli kuklarans. Þar er meðal annars að finna ótal galdrastafi sem gaman er að leita uppi og merkja við í sérstökum bæklungi sem hægt er að nálgast í þjónustuhúsinu. Við kotbýlið er einnig að finna risastóran tröllastól á bakvið hól sem gaman er að máta sig við. Kotbýli kuklarans er hluti af Galdrasýningu á Ströndum og er opið alla daga og ókeypis fyrir börn yngri en 12 ára.

Mótorkrossbrautin á Hólmavík

Mótorkrossfélag Geislans á Hólmavík tók nýlega í gagnið Skeljavíkurbraut, mótorkrossbraut sem er staðsett rétt fyrir utan Hólmavík í landi Skeljavíkur og Kálfaness. Þar er 1400 metra löng keppnisbraut og 600 metra löng

barnabraut. Brautirnar eru allar gerðar í sjálfboðaliðavinnu. Frítt er að fara í barnabrautina. Barnabrautin er fyrir hjól með fjörgengisvélar undir 250 kúbikum og tvígangisvélar undir 125. Brautin er með miklu landslagi eins og það er kallað og frekar mjúk. Hún er nær einungis úr mold, sandi og leir. Óheimilt er að vera í brautinni nema vera útbúinn lágmarksöryggisbúnaði. Allir verða að vera með hjálm, hlífðargleraugu, brynju og í viðurkenndum hjólastígvélum. Ökumenn undir 18 ára aldri þurfa að vera í fylgd forráðamanna.

Kerlingarklöngur og Grímsey

Þjóðsagan segir að endur fyrir löngu hafi tvær tröllskessur ætlað að moka Vestfirði lausa frá restinni af Íslandi. Önnur þeirra byrjaði að moka í Breiðafirði og hin byrjaði í Húnaflóa. Eftir því sem þær mokuðu meira urðu til stærri og stærri haugar af grjóti og mold og þannig urðu eyjarnar á Breiðafirði og Húnaflóa til. En ekki tókst þeim ætluarverk sitt að öllu leyti, því þegar sól reis að morgni voru um tíu kílómetrar af landi eftir sem skildu Vestfirði og Ísland að.

Kerlingin sem mokaði Húnaflóamegin byrjaði að hlaupa heim til sín þegar sólin fór að rísa en náði ekki lengra en til Drangsness, þar sem hún varð að steini og stendur þar enn. Við klettinn er lítið upplýsingaskilti þar sem hægt er að lesa sér frekar til um lífshlaup tröllskessanna og afdrif samverkafólksins. Þeir sem eru flinkir að þróa ættu endilega að reyna að klifra upp á klettinn. Grímsey, sem er rétt fyrir utan Drangsnæs er stærsta afrek skessunnar. Eyjan er krökk af lunda og öðrum fugli, og er hægt að sigla þangað með báti frá Drangsnesi.

Heiti lækurinn í Bjarnarfirði

Í Bjarnarfirði á Ströndum er heitur lækur sem rennur við bílastæði galdra-sýningarinnar og sundlaugarinnar. Í læknum geta börnin vaðið eða striplast og það er alveg tilvalið að vaða frá girðingunni yfir steypu brúna, að veginum og yfir hann og niður að ánni. Við ána er lítill foss í læknum sem má nota sem sturtu eða reyna að klifra upp hann. Það er líka hægt að leika sér við stíflugerð í læknum og enda svo á því að eyðileggja stífluna með látum. Þá er lækurinn líka tilbúinn fyrir næstu gesti.

Þá er hægt að veiða hornsíli í mörgum skurðanna við Bjarnarfjarðará, engin net eru þörf, hægt er að veiða hornsíli í krukku eða bolla ef maður er snöggur. Við mælum hins vegar með því að sílunum sé sleppt aftur að veiðum loknum, þau eru hvort eð er of lítil til að hægt sé að borða þau.

Fjörurnar á Ströndum

Fjörurnar frá Drangsnesi norður í Árneshrepp hafa að geyma marga fjársjóði. Um allt liggja rekaspýtur af öllum stærðum og gerðum, sumar virkilega furðulegar. Hvernig ætli þær hafa orðið til? Í fjörunni er einnig hægt að finna fullt af rusli sem hefur rekið á land. Einu sinni fannst til dæmis stakur strigaskór í stærð 37 í fjörunni í Trékyllisvík. Þabinn í fjölskyldunni hélt því fram að skórinn hefði dottið af farþega á skemmtiferðaskipi úti fyrir ströndum landsins. Mamma hélt að þetta hefði líklega verið skór úr farangri einhvers á siglingu norður á Hornstrandir. Eftir miklar vangaveltur skar unglingurinn í hópnum upp þann úrskurd að líklega hefði einhver verið að synda í sjónum og verið étinn af hákarli. Lærdómurinn sem við getum dregið af þessari sögu er að ef við ætlum að synda í sjónum er líklega best að vera ekki í strigaskóm því þá syndir maður of hægt og getur ekki flúið hákarlana. Það er líklega betra að vera með froskalappir.

En það er hægt að gera fleira en búa til lygasögur. Í Kaldbaksvík eru til dæmis kjöraðstæður fyrir sandkastalagerð. Víða geta líffræðingar framtíðarinnar æft sig með nákvæmri úttekt á smádyralífi fjörunnar. Hinir geta á meðan safnað skeljum eða kræklingum í kvöldmatinn eða fleytt kerlingar.

Djúpavík

Þó Djúpavík sé lítil er hún full af ævintýrum. Í lýsistankinum í síldarverksmiðjunni er mergjaður hljómburður og gaman að skríða í tankinn og prófa hljómburðinn. Þar hafa hljómsveitir á borð við SigurRós, Amiina og Hraun tekið upp lög eða spilað sér og öðrum til ánægju. Annarsstaðar í verksmiðjunni er listasýning þar sem börn geta fengið að spreyta sig á að búa sjálf til listaverk. Við hliðina á verksmiðjunni ryðgar skipið Suðurland og vitnar um liðna tíma.

Í Djúpavík er líka hægt að veiða á allan mögulegan og ómögulegan máta.

Komdu á

Pönnuköku-bar-inn

Í hjarta Ísafjarðar

Allt til að seðja hungrið ...
... ekki bara pönnukökur
að Austurvegi 1





Bæði er skemmtilegt að fara niður í fjöru og dorga af bryggjunni. Þá eru bátsferðir í boði og gaman að draga upp eins og einn gulan þorsk eða einn ófrýnilegan steinbít. Berjaspretta er mikil í námunda við Djúpavík en sýnum hófsemi í berjaáti, við munum öll hvernig fór fyrir Jóni Oddi og Jóni Bjarna eftir að þeir belgdu sig út af berjum í útilegu.

Árneshreppur og Þórðarhellir

Í Árneshreppi á Ströndum er minnsti skóli á landinu. Einungis tveir nemendur voru þar í skóla á síðasta skólaári og jafnmargir kennarar. Árneshreppur er falleg sveit full af sögum og fallegum svæðum.

Gaman er að leggja leið sína í Þórðarhelli sem er undir Reykjaneshyrnu. Leiðin hefst við Litlu-Ávík, er stikuð og tekur um klukkustund að ganga hvora leið. Þórðarhellir er manngengur hellir, 10*12 metrar að grunnfleti, sem hægt er að skríða ofan í. Sagan segir að þar hafi leynst maður að nafni Þórður sem var ástfanginn af stúlku í Litlu-Ávík. Stúlkan flutti til hans í hellinn og eignaðist með honum barn. Allt lék í lyndi þangað til pabbi hennar komst að öllu saman, nam stelpuna og barnið á brott og reyndi að drepa Þórð sem varðist með grjóti og slapp. Það er alveg ógleymanleg reynsla að skella sér í sund í Krossneslaug sem er lítil sundlaug í fjöruborðinu á Krossnesi. Frítt er í laugina fyrir börn yngri en 6 ára.

Náttúran á Reykhólum

Á Reykhólum og í nágrenni er fuglalíf með því fjölbreyttasta sem gerist hér á landi. Þannig hefur himbrimi verpt við Langavatn um árabíl og örninn sést oft svífa tignarlega yfir Reykhólum. Á kvöldin sjást uglur oft á sveimi og ef fólk gefur sér tíma er hægt að koma auga á fálka og smyrila og fjölmargar aðrar tegundir. Við Langavatn hefur verið byggt lítið fuglahús og þá er gott að hafa með sér kíkí og fuglagreiningarbók eða -kort.

Boðið er upp á bátsferðir út í Skáleyjar og Flatey, en siglt er frá Stað rétt vestan við Reykhóla. Í eyjunum er ýmislegu að kynnst, eins og þeim fjölbreyttu hlunnindum sem bændur nýttu sér hér áður fyrr og gera að mörgu leyti enn. Þar má nefna fisk- og selveiðar auk fugla- og eggjatekju. Börn geta vaðið eða synt í sjónum milli tanganna við Neðravatn og vaðið í heitum leir í voginum við sjávarhúsin við Sladdanaust á sólríkum degi.

Barmahlíðin - „Hlíðin mín fríða“

Öfugt við frændur okkar á Norðurlöndunum ölumst við Íslendingar fæstir upp við að klifra í trjám með tilheyrandi hrufluðum lófum og einstaka falli - en umfram allt skemmtun. Skógræktarfélag um land allt hafa unnið að því af kappi undanfarna áratugi að rækta upp skóga og er nú svo komið að í nokkrum þeirra eru trén orðin nógu stór til að hægt sé að leika sér í þeim, klifra, þríla og sveifla.

Í Barmahlíð á Reykhólum er einstakur skógur þar sem gaman er að leika sér, ganga eftir merktum gönguleiðum, drekka úr læknum sem rennur í gegnum skóginn, fara í feluleik og skoða fossinn sem er í grennd. Í fallegu rjóðri er aðstaða fyrir þá sem vilja borða nesti og setjast aðeins niður. Svo er alltaf gaman að dást aðeins að útsýninu og úr Barmahlíðinni er það engu líkt, ekki síst á fallegum sumardeg. Þá sést yfir Borgarlandið og Bjartmarsstein og í bakgrunninum skartar Skarðsströndin sínu fegursta.

Breiðafjörður

Reykholar liggja við Breiðafjörð, sem er víðáttumikill flói sem skilur að Vestfjarðakjálkann og Snæfellsnesið. Í Breiðafirði eru þúsundir eyja, sem sumir segja að séu óteljandi. Kíkíð á kortið og reynið að telja þær! Breiðafjörður er eitt þýðingarmesta búsvæði fugla á Íslandi og meðal mikilvægari fuglasvæða í Evrópu. Einkum er um að ræða sjófugla, vaðfugla og haferni, en helsta varpsvæði arnarins er einmitt við Breiðafjörð. Ríkustu ástæður fyrir auðugu fuglalífi eru gnótt fæðu, mikil sjávarföll og gjöfull sjór.

Helstu eyjaklasar á norðurhluta Breiðafjarðar eru Flatey, Hergilsey, Svefneyjar, Hvallátur og Skáleyjar. Nú eru allar eyjar nema Flatey komnar úr ábúð, en í Flatey er búið allt árið. Ferjan Baldur hefur viðkomu í Flatey fjórum sinnum á dag á sumrin á ferð sinni yfir Breiðafjörð. Gaman er að taka sér far með bát um Breiðafjörðin og skoða eyjarnar og náttúrulífið sem þar er að finna.



Veitingastofan Vegamót
Tjarnarbraut 2
Bildudal



Gullmatar,
hæmillematur,
kaffireitingar,
fættinsleyfi,
Bensín og olíuvörur

S. 456 2232, 868 3915 - vegamot@live.com
www.vegamot.123.is

Gisting í Flatey
Ferðapjónusta Flateyjar, Krákuvör
S 438 1451 • sjflatey@simnet.is

Græningarður, 8 manna sérhús.
Skemman, 4ra manna séríbúð.
Tjaldstæði með snyrtiaðstöðu.

Gistihúsið Við Fjörðinn
F&S hóperðabílar ehf
Aðalstræti 26, Þingeyri

Uppbúin rúm, svefnpokapláss,
morgunverður, eldunaraðstaða,
aðgengi fyrir fatlaða, séríbúðir



Jeppaferðir, hóperðir.
Akstur að þínum þörfum!

S. 847 0285, 893 1058
vidfjordinn@vidfjordinn.is - www.vidfjordinn.is



WELCOME IN Simbahöllin coffee house, Þingeyri.
Belgian waffles, homemade cakes, espresso coffee
and local food in a historical house from 1915

HJÓLBARDAPJÓNUSTA
SMURPJÓNUSTA
BREMSUPJÓNUSTA
PÚSTPJÓNUSTA

LJÓSASTILLING
SMÁVIÐGERÐIR
VARAHLUTAPJÓNUSTA

BÍLAVERIÐ ehf
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Sindragata 14, 400 Ísafjörður • Símar: 456 3501 / 894 9499
Netfang: bilaverid@bilaverid.is / Vefang: bilaverid.is

Kaupfélag
Steingrímsfjarðar

Hólmavík: Matvöruverslun og bensínstöð
455 3100 - 455 3107
Drangnes: Matvörur og bensín
451 3225
Norðurfjörður: Matvörur og bensín
451 4002

- Hagur heimabyggðar -

Ferðapjónustan Hænuvík
við Patreksfjörð

S: 456-1574 / 698-7810 / 8488113
haenuvik@mi.is

Gisting í sumarhúsum
Mikið af fuglum
sandfjara og sólarlag

Hjá okkur færðu meðal annars:
Leikföng, gjafavöru, íslenskt/erlent þrjóna-
garn, þrjóna, tölur, tvinna og margt fleira

Við tökum vel á móti þér!



Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 3990

Finna Hótel

Verið velkomin á Finna Hótel, Hólmavík
Gisting allt árið um kring.
Uppbúin rúm og morgunmatar.
Svefnpokapláss og eldunaraðstaða.



Falleg gisting í fallegu umhverfi.

www.finnahotel.is
Borgabraut 4, 510 Hólmavík
Sími: 451-3136 netfang: finnahotel@simnet.is

Þverárvirkjun við Hólmavík

Hægt er að fá að skoða virkjunina rkv.
samkomulagi. Laxveiði er í Viðdalsá og
slunguveiði í Þjórtkavallavatni.
Fagurt umhverfi. S. 450 3280 - www.ov.is



Orkuútlag Vestfjarða ehf.
S. 450 3280

Snjáfjallasetur



Dalbæ, Snæfjallaströnd
Símar: 898 93 00 / 6987533
snjafjallasetur@snjafjallasetur.is
www.snjafjallasetur.is
Opíð: 10. júní - 21. ágúst

Golfklúbbur Bolungarvíkur
býður kyflinga velkomna á Syðridalsvöll




S: 862 2755 - www.golf.is/gbo



Umfar ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í leiðsögn
og ferðaskipulagi um suðurhluta Vestfjarða.

Umfar býður upp á leiðsögn og ferðaskipulag fyrir hópa er ferðast á eigin vegum.
Einnig eru í boði ferðir sem skipulagðar eru af fyrirtækinu og auglýstar sérstaklega.
Fyrirtækið hefur á að skipa vönum leiðsögumönnum sem þekkja náttúrufr.,
menningu og sögu héraðsins vel og eru þaukunnugir öllum aðstæðum.


Umfar ehf. - Aðalstræti 85 - 450 Patreksfjörður
Sími 892 9227 - umfar@umfar.is Umfar.is

Hótel
Djúpavík

býður ykkur velkomin.

Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og
kajakleiga. Munið sögusýningu Djúpavíkur.
Sími 451 4037 • Fax 451 4035
Vefsíða: djupavik.is
netfang: djupavik@snerpa.is

Heydalur



456 48 24 - heydalur@heydalur.is
www.heydalur.is

Litlibær í Skötufirði

Opíð alla daga
frá 10:00 til 17:00

Kaffi og heimager
meðlæti

Margskonar handverk
S: 456 4809 / 894 4809

Listasafn Samúels í Selárdal



Brautarholti, Selárdal við Arnarfjörð
Símar: 8452334/6987533
Netfang: olafur@sogumidlun.is
www.sogumidlun.is/pdf/samuel_net.pdf
Opíð: 10. júní - 21. ágúst



FYLGSTU MEÐ ÞVÍ SEM ER
AÐ GERAST Á VESTFJÖRÐUM

www.bb.is

Galdrasýning á Ströndum

Fróðlegar og skemmtilegar sýningar um galdramál 17. aldar

The Sorcerer's Cottage



Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði

The Museum of Witchcraft



Galdrasafnið á Hólmavík

Kaffi Galdur - Café



Kaffi Galdur - kaffihús á Hólmavík
www.galdrasyning.is/kaffigaldur

Opið alla daga / Open every day

ICELANDIC SORCERY & Witchcraft

Fascinating and unusual museums
in Hólmavík and Bjarnarfjörður

Sími 451 3525 - galdrasyning@holmavik.is - www.galdrasyning.is